

SHALDOR
skoðun 12



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk



Samfylkingin í Reykjavík
FLOKKSVAL

16. OG 17.
NÓVEMBER
2012

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

13. nóvember 2012
267. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeimflokksmælingum Capacent Gallup í maí - mars 2012



Grafin í sand

Mikið er lagt í nýjasta tónlistarmyndband Bjarkar Guðmundsdóttir.

tónlist 30

Lýg ég því?

Sighvatur Björgvinsson svarar gagnrýni og segist ekki þekkja íslenska þjóð.

umræða 14



Lærdómsríkt og erfitt

Óskar Bjarni stendur í ströngu í Danmörku.

Sport 26

veðrið í dag



LÆGIR OG LÉTTIR til í dag má búast við hæglatisveðri að mestu. Horfur á stöku skúrum eða slyddu-éljum sunnan- og vestanlands en léttir heldur til N- og A-lands er líður á daginn.

VEÐUR 4

Ákvörðun um gjaldlækkun bætir hag farsímanotenda

Lúkningargjöld símafyrirtækja verða allt að fjórfalt lægri um mitt næsta ár, samkvæmt nýrri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Forstjóri hennar segir ákvörðunina eina þá merkilegustu sem stofnunin hefur tekið.

FJARSKIPTI Lúkningargjöld, sem eitt símafyrirtæki greiðir þegar viðskiptavinir þess hringja í annað, verða allt að fjórfalt lægri um mitt næsta ár en þau eru í dag, samkvæmt nýrri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS). Þá verða gjöldin lækkuð niður í 1,66 krónur á mínútu og verða þau sömu hjá öllum símafyrirtækjunum. Sem stendur eru hæstu lúkningargjöldin 6,3 krónur á mínútu.

Hrafnkell Gíslason, forstjóri PFS, segir ákvörðunina með þeim merkilegri sem stofnunin hefur tekið. „Forsenda fyrirtækjanna við að hafa mismunandi verð þegar hringt er út úr neti þeirra hverfur við þetta. Lækkunin mun síðan breyta símtalinu sjálfu úr því að vera hátt hlutfall af heildsöluverði í það að verða lágt hlutfall. Ég veit ekki hvort smá-

1,66 krónur á mínútu er það verð sem greitt verður fyrir lúkningu símtals frá miðju næsta ári.

söluverð á símtölum muni lækka. Það kann þó að vera. En það getur verið að fleiri aðilar komi inn á markaðinn og bjóða þá hugsanlega hagkvæmara verð fyrir neytendur.“

Í dag greiða símafyrirtækin mismunandi verð vegna lúkningar á símtölum. Þegar viðskiptavinir annarra símafyrirtækja hringja í kerfi Símans eða Vodafone eru greiddar 4,5 krónur á mínútu, þeir sem hringja í Tal greiða 5,5 krónur á mínútu og þeir sem hringja í

Nova 6,3 krónur á mínútu. Ástæða þess að verðið er mismunandi er að PFS hefur heimil að símafyrirtækjum sem eru ný á markaði að rukka tímabundið hærri lúkningargjöld.

Í janúar var ákveðið að gjöldin yrðu samræmd. PFS framkvæmdi í kjölfarið verðsam- anburð við nokkra evrópska farsíamamarkaði og komst að þeirri niðurstöðu að íslensku símafyrirtækin mættu mest rukka 1,66 krónur á mínútu í lúkningargjöld. Það verð var fengið með því að taka meðaltal af sama gjaldi hjá sjö Evrópuríkjum. Í ágúst ákvað PFS að fresta innleiðingu hins nýja lúkningargjalds fram til 1. júlí 2013. Frá áramótum verður gjaldið þó samræmt og öll símafyrirtækin munu borga fjórar krónur á mínútu.

- þsj / sjá síðu 10



RÓMANTÍSK GÖNGUFERÐ Í FENEYJUM Ferðamenn hafa þurft að vera vel búnir í miðbæ Feneýja síðustu tvo daga. Vatn flæðir um götur helstu verslunarhverfa og sumar búðir og heimili á jarðhæðum eru enn á floti.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Allt á floti í Feneýjum: Ein mestu flóð síðan mælingar hófust á 19. öld

FENEYJAR, AP Ausandi regn og sjógangur hefur valdið einum mestu flóðum í Feneýjum síðan mælingar þar hófust árið 1872. Vatn- elgurinn á götum borgarinnar náði mest eins og hálf metra dýpt í gær og á sunnudag, sem er það sjötta mesta í sögunni.

Flóð eru algeng á þessum árs- tíma í Feneýjum og voru enn meiri fyrir fjórum árum en nú. Árum saman hefur verið unnið að færanlegum varnargörðum sem rísa eiga upp úr sjávarbotn- inum við borgina og skýla henni fyrir öldugangi. Þeir verða ekki tilbúnir fyrr en árið 2014.

Lægðin sem sökkta sjöttu pró- sentum af Feneýjum á sunnudag færði sig síðan norður á bóginn og varð til þess að um tvö hundruð manns þurftu að flýja heimili sín í Toskana-héraði í gær.

- sh

Allir eru óánægðir með tónlistarleysi í Kastljósinu vegna samnings RÚV og FÍH:

Mega ekki spila frítt í Kastljósi

TÓNLIST „Þetta er skrítn staða að vera með óánægða tónlistarmann sem vilja spila. Við viljum fá þá en það er ekki hægt. Það eru allir að tapa á þessu ástandi,“ segir Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóssins í Ríkissjónvarpinu.

Samningur sem Ríkissjónvarpið gerði við Félag íslenskra hljómlistarmanna, FÍH, fyrir fjórum árum hefur sökum niðurskurðar hjá RÚV orðið til þess að tónlistarmenn eru hættir að spila í Kastljósinu.

Ástæðan er sú að þátturinn getur ekki lengur borgað tónlistarmönnum

fyrir að koma þar fram. Flestum tónlistarmönnum er sama þótt þeir fái ekkert greitt og þiggja kynninguna heilshugar, en samningurinn við FÍH kveður á um að hver tónlistarmaður fái um 22 þúsund krónur fyrir hverja framkomu.

Róbert Þórhallsson, stjórnarmaður í FÍH, segir að samningurinn við RÚV hafi verið gerður til að stuðla að því að tónlistarmenn fái greidd lágmarkslaun fyrir vinnuna sína. Aðspurður segir hann vel koma til greina að endurskoða samninginn í ljósi ástands mála hjá RÚV.

- fb / sjá síðu 30



SIGMAR GUÐMUNDSSON




Nú með bláberjabragði

ÞÚ LEGGUR HANA
EKKI FRÁ ÞÉR!

www.forlagid.is

EFTIR
HÖFUND
DÁVALDSINS



NÝ
KILJA

KEPLER

Í Ráðhúsi
Reykjavíkur
17.-18.nóv.

BÓKAMESSA Í
BOKMENNTABORG

4
dagar eftir

SPURNING DAGSINS



Dóri og Jónas, voruð þið á kafi í þessu verkefni?

„Já, menn voru að drukkna.“

Dóri Andrússon og Jónas Valtýsson hönnuðu umslagid á nýrri plötu Péturs Ben. Myndin á umslaginu sýnir söngvarann á kafi í sundlaug en myndin var tekin í Varmárlaug í Mosfellsbæ.



ATHAFNAVIKAN SETT Ómar Ragnarsson fékk afhenta fyrstu Athafnategjuna þetta árið.

Athafnavikan hringd inn:

Ómar fékk fyrstu teygjuna

SAMFÉLAGSMÁL Hin árlega athafnavika, hátíð athafnasemi og framkvæmdagaleði, hófst formlega með hringingu Kauphallarbjöllunnar í gærmorgun. Athafnavikan er haldin hátíðleg í 120 löndum í öllum heimsálfum.

Einkenni vikunnar er svokölluð Athafnategja, númerað gúmmi-armband sem þátttakendur eiga að vera með á meðan þeir framkvæma eitthvað verkefni. Ómar Ragnarsson fékk fyrstu Athafnategjuna þetta árið

„Þetta er mjög gott framtak“, sagði Ómar. „Við erum það lítil þjóð að framkvæmd einnar góðrar hugmyndar getur haft veruleg áhrif á þjóðarbulið. Þannig skapar til dæmis CCP fleiri störf en heilt álver.“ Það er Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, sem stendur fyrir Alþjóðlegu athafnavikunni hér á landi.

NOREGUR

Þjónustumiðstöð á Íslandi

Norðmenn gera í nýrri skýrslu um olíuleit á Noregshluta Jan Mayen-hryggjarins ráð fyrir þeim möguleika að þjónustunni verði sinnt frá Íslandi. Þrefalt lengra er að þjónusta leitina frá Noregi. Sá flugvöllur sem næstur er svæðinu er við Þórshöfn á Langanesi og þar hafa sveitarstjórnarmenn áttað sig á tækifærunum. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Skattrannsóknarstjóri fagnar upplýsingasamningi við Panama en býst við töfum:

Panamafækjur afhjúpast ekki strax

STJÓRNSÝSLA „Það eru nokkur mál á borðinu hjá okkur sem eru með þræði til Panama, þannig að þetta gæti skipt máli“, segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri um nýundirritaðan upplýsingaskiptasamning við Panama sem fjármálaráðuneytið kynnti í gær.

Bryndís segir hins vegar að nú taki við tímafrekt ferli við fullgildingu samningsins, sem verði líklega ekki lokið fyrr en í ársbyrjun 2014. Þá fyrst verði hægt að krefjast upplýsinga á grundvelli hans. „Þá mun til dæmis



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

reyna á hvort það sé hægt að fá upplýsingar aftur í tímann“, segir Bryndís.

Panama er 39. ríkið sem Ísland

gerir samning af þessu tagi við. „Við fögnum hverjum samningi sem gerður er og þetta er mikilvægur liður í að berjast gegn skattaflotta“, segir Bryndís.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri tekur í sama streng. „Það hefur verið mjög erfitt að fá upplýsingar frá þeim löndum þar sem svona mikil leynd ríkir. Þessir nýju samningar sem búið er að gera við ríki sem reka aflandsþjónustu gefa okkur góðar vonir um að það verði mun auðveldara að fást við þetta í framtíðinni.“

Sagður hafa áreitt 7 ára barn:

Ákærður fyrir káf í gufubaði

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur manni fyrir kynferðislega áreitni gegn barni og brot gegn blygðunarsemi.

Honum er gefið að sök að hafa í mars síðastliðnum, í gufubaðsklefa í sundlaug í Eyjafirði, káfað innankleða á kynfærum sjö ára stúlku, berað á sér getnaðarliminn og beðið stúlkuna að snerta sig. Aðalmeðferð í málinu fer fram síðar í mánuðinum í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Földri stúlkunnar krefur manninn um 800 þúsund krónur í bætur.

Íslenska Watergate verður vistvænt hús

Norræna ráðherraráðið hefur blásið til samnorrænnar hönnunarkeppni þar sem markmiðið er að hanna vistvænar endurbætur á byggingum á Norðurlöndunum. Ein bygginganna er á Íslandi en fyrstu verðlaun eru 22,5 milljónir.

SAMFÉLAGSMÁL Íslendingum stendur til boða þátttaka í samnorrænni hönnunarkeppni sem hverfist um að hanna vistvænar endurbætur á byggingum á Norðurlöndunum. Auglýst hefur verið eftir hönnun á fimm byggingum, þar á meðal á Höfðabakka 9 sem oft er kölluð Bogabyggingin eða Watergate.

„Þetta er opin, þverfagleg samkeppni sem ekki bara arkitektar heldur allir geta tekið þátt í. Í boði er myndarlegt verðlaunafé sem Norræna ráðherranefndin útvegar og alþjóðleg dómnefnd mun velja verðlaunahafa“, segir Guðmundur Tryggvi Sigurðsson, forstöðumaður eignasýslusviðs Fasteignafélagsins Reita, en Reitir eiga Höfðabakka 9.

Guðmundur Tryggvi segir að Norræna ráðherranefndin hafi síðustu ár beitt sér fyrir þróun vistvæna bygginga á Norðurlöndunum. „Með það fyrir augum hefur nefndin sett á fót verkáætlun í nokkrum skrefum. Einn hluti er þessi keppni“, segir Guðmundur Tryggvi og bætir við að í keppninni sé einnig lögð áhersla á að draga fram sérnorræn einkenni bygginganna.

Höfðabakki 9 er sjö hæða skrifstofuhús frá árinu 1980. Endurbóta er þörf á húsinu en markmið Fasteignafélagsins Reita er að búa til „vistvæna skrifstofugarða“ fyrir tæknifyrirtæki og skylda



HÖFÐABAKKI 9 Til stendur að gera gagngerar endurbætur á Höfðabakka 9 og búa til vistvæna skrifstofubýggingu sem hentar vel tæknifyrirtækjum og skyldri starfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Þetta er opin, þverfagleg samkeppni sem ekki bara arkitektar heldur allir geta tekið þátt í.“

GUÐMUNDUR TRYGGVI SIGURÐSSON FORSTÖÐUMAÐUR HJÁ REITUM

starfsemi. Að sögn Guðmundar Tryggva voru Reitir þegar byrjaðir að skipuleggja endurinnréttingu á húsinu, í samstarfi við Opin kerfi sem hafa haft aðstöðu í húsinu um árabil, þegar fyrirtækið var beðið um að leggja til byggingu í keppnina. „Okkar hugmyndir féllu mjög vel að keppninni. Fasteignafélagið

Reitir og Opin kerfi urðu því fúslega við böninni.“

Auk Höfðabakka 9 hefur verið auglýst eftir endurhönnun á byggingum í Stokkhólmi, Ósló, Ballerup í Danmörku og Tampere í Finnlandi. Skilafrestur á tillögum í keppnina er til 8. febrúar. Í kjölfarið verða fjórar tillögur fyrir hverja byggingu valdar og þróaðar áfram. Allar tuttugu tillögurnar verða verðlaunaðar og þá mun hönnunarteymið að baki þeirri tillögu sem að lokum verður valin best allra hljóta milljón norskra króna skattfrjálst í verðlaunafé, jafngildi 22,5 milljóna íslenskra króna.

magnusl@frettabladid.is

Sagður stórtækur braskari:

Jón Þorsteinn hafnar frétt DV

VIÐSKIPTI Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, flutti mörg hundruð milljónir króna í



erlendum gjaldþyrri frá Íslandi á þessu ári og því síðasta í trássi við lög um gjaldþyrrihöft. Þetta kom fram í DV í gær, þar sem sagði jafnframt að málið tengdist Guðmundi Erni Jóhannssyni, sem fór í leyfi sem framkvæmdastjóri Landsbjargar í síðustu viku vegna sambærilegra ásakana.

Jón Þorsteinn, sem nú afplánar fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm á Kviabryggju vegna Exetermáls sérstaks saksóknara, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann hafnar áskunum. Viðskipti hans hafi ekki verið í trássi við gjaldþyrrihöft.

Óvenjulegur þjófnaður:

Tækjum stolið af sjúkrahúsi

DANMÖRK Aflysa hefur þurft tíu rannsóknir á Kolding-sjúkrahúsinu í Danmörku þar sem tækjum til rannsókna á maga og ristli var stolið um helgina. Þegar starfsmenn mættu til vinnu á mánudag voru skáparnir þar sem tækin voru geymd galtómir.

Haft er eftir yfirlækninum Lyng Kirkegaard á vef Politiken að ólíklegt sé að hægt verði að hagnast á sölu tækjanna í Danmörku en þau eru metin á 5 milljónir danskra króna eða um 112 milljónir íslenskra króna.

Krabbameinsrannsóknir var ekki aflýst heldur voru þær framkvæmdar með tækjum sem fengin voru að láni.

Ræðismaður Íslands í Tékklandi fær ekki að hitta tvær átján ára íslenskar stúlkur:

Fangelsin í Prag engin paradís

LÖGREGLUMÁL „Ég veit bara um einn Íslending sem hefur setið inni hérna í Prag, í öðruvísi fangelsi. Hann sagði að þetta væri engin paradís“, segir Þórir Gunnarsson, ræðismaður Íslands í Tékklandi, um aðbúnað í þarlandum fangelsum. Tvær átján ára íslenskar stúlkur sitja nú í gæsluvarðhaldi í Prag eftir að kókaín í kílóavís fannst í farangri þeirra við komuna þangað í síðustu viku.

Til stóð að Þórir fengi að hitta stúlkurnar í gær en það gekk ekki eftir. „Yfirlögrelupjóninn sem sér um málið vill ekki að neinn tali við þær á meðan það liggur ekki fyrir nákvæmlega hvaða efni þetta var og hversu mikið magn“, segir Þórir.

Fyrstu fréttir hermdu að í töskunum hefðu verið átta kíló, en það mun samkvæmt upplýsingum



FARANGURINN Efnin voru vandlega falin á milli laga í töskuefninu sjálfu. Stúlkurnar bera því við að bandarískur maður hafi fengið þær til verksins.

Fréttablaðsins vera orðum aukið. Líklega séu kílóin ekki nema um þrjú.

Lögrelunni í Prag þykir ljóst að smyglið hafi verið þaulskipulagt af vönum glæpamönnum. Það megi meðal annars sjá á því hversu rækilega efnin voru falin í töskunum.



ÞÓRIR GUNNARSSON

Stúlkurnar voru úrskurðaðar í sjö mánaða gæsluvarðhald en gætu sloppið út eftir þrjá ef þær eru samvinnuþýðar. Þórir segir stundum koma fyrir að Íslendingar þurfi að gista fangaklefa í eina nótt eða tvær í Prag. Maðurinn sem hann hafi hitt í vor hafi setið inni í rúman mánuð, en enginn hafi verið eins lengi og stúlkurnar horfa nú fram á.

„Þetta er bara ómurlegur staður. Alls staðar er vont að vera í fangelsi en þetta eru engin Norðurlönd. Þú ferð ekkert í skóla eða líkamsrækt“, segir ræðismaðurinn.

★★★★★

„Snjöll saga ... skrifuð af innsæi og listfengi.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu




30-50% AFSLÁTTUR
af öllum rúnum

TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

TAKTU UPPLÝSTA
ÁKVÖRÐUN!

Komdu í heimsókn, prófaðu
legugreininguna og taktu
upplýsta ákvörðun um val á
heilsudýnum, án skuldbindinga!



OPIÐ TIL KL. 19.00 ALLA VIRKA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

Royal
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
302.391
Tvíbreitt - verð frá:
566.991



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 26.241 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 49.243 kr. á mán.

Allt að
431.994 kr.
AFSLÁTTUR

Classic
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
190.049
Tvíbreitt - verð frá:
346.995



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 16.732 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 30.268 kr. á mán.

Allt að
178.956 kr.
AFSLÁTTUR

Draumur
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
131.985
Tvíbreitt - verð frá:
228.488



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 11.724 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 20.047 kr. á mán.

Allt að
111.423 kr.
AFSLÁTTUR

Draumey
Íslenskt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
70.224
Tvíbreitt - verð frá:
129.360



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 6.397 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 11.497 kr. á mán.

Allt að
61.129 kr.
AFSLÁTTUR

Aukahlutir á 50% afslætti
– með seldum rúnum og dýnum

SÆNGURVER, LÖK,
OG HEILSUKODDAR Á
TILBOÐI Í OKTÓBER

Arineldstæði á hausttilboði!

20-65% afsláttur



– Mikið úrval af eldstæðum –

ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

ATHUGIÐ – Lengri opnunartími frá kl 10-19 alla virka daga fram að jólum.



GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	128,54 129,16
Sterlingspund	204,37 205,37
Evra	163,33 164,25
Dönsk króna	21,898 22,026
Norsk króna	22,358 22,490
Sænsk króna	19,018 19,130
Japanskt jen	1,6175 1,6269

SDR 196,11 197,27

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,1075

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur hafnar kröfu: Gunnar fær ekki gögnin

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að ríkissaksóknara beri ekki skylda til að afla upplýsinga fyrir Gunnar P. Andersen um viðskipti Landsbankans við þingmanninn Guðlaug Þórðarson. Gunnar



GUNNAR P. ANDERSEN

sætir ákæru fyrir brot á þagnar-skyldu í starfi sínu sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins með því að hafa aflað gagna um viðskipti Guðlaugs og komið þeim til DV. Hann hefur sagt að hann geti ekki gripið til fullnægjandi varna nema allar upplýsingar um viðskiptin séu hluti af málskjölunum. Þessu eru dómstólar ekki sammála.

Hallsteinn Sigurðsson:

Gefur verk og fær eigin garð

MENNING Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari hefur boðið Reykjavíkurborg sextán verk sín að gjöf. Höggmyndirnar eru í Gufunesi á borgarlandi sem Hallsteinn hefur leigt frá árinu 1988.

Í drögum að samningi Hallsteins og borgarinnar kemur fram að borgin muni taka aftur við landinu en tileinka það Hallsteini með því að nefna höggmyndagarðinn eftir listamanninum og gera hann aðgengilegan almenningi. Einnig muni borgin sjá um kynningu verkanna og umsjón og viðhald á svæðinu.

Fréttastjóri og varafréttastjóri BBC víkja í kjölfar afsagnar útvarpsstjóra:

Gagnrýni á 92 milljóna starfslokasamning

BRETLAND, AP Helen Boaden, fréttastjóri breska ríkisútvarpsins BBC, og Stephen Mitchell, aðstoðarmaður hennar, hafa víkið tímabundið úr starfi vegna mistaka í fréttflutningi.

Áður hafði útvarpsstjórinn George Entwistle sagt af sér vegna málsins, aðeins tæpum tveimur mánuðum eftir að hann tók við starfinu.

Hann á rétt á 450 þúsund pundum, jafnvirði rúmlega 92 milljóna króna, samkvæmt starfslokasamningi, en hefur verið hvattur til þess að biggja ekki þetta fé.

Steve Field, talsmaður Davids Cameron forsætisráðherra, tók undir harða gagnrýni á þennan starfslokasamning: „Greinilega er erfitt að réttlæta veglegar greiðslur af þessari stærðargráðu,“ segir Field.

Allt þetta uppnám tengist fréttflutningi BBC af sjónvarpsmanninum Jimmy Savile, sem lést í fyrra en hefur síðan verið sakaður um að hafa framið fjölda kynferðisbrota gegn unglingsstúlkum.

Í fréttapættinum Newsnight var fyrr í mánuðinum fullyrt að ónafngreindur stjórn-málamaður væri flæktur í kynferðisbrotamál Saviles. Fljótlega fréttist við hvaða stjórn-mála-mann var átt, en jafnframt kom í ljós að enginn fótur var fyrir því að hann tengdist í reynd málinu.

- gb

Í HÖFUÐSTÖÐVUM BBC Óvandaður fréttflutningur breska ríkisútvarpsins hefur dregið dilk á eftir sér.

NORDICPHOTOS/AFP



1.300 tonn af rusli falla til á hverju ári

Rúmlega 1.277 tonn af sorpi féllu til við starfsemi Landspítalans í fyrra. 23 prósent fóru í endurvinnslu. Spítalinn notar rafmagn á við 4.600 heimili og heitt vatn á við 1.600. Ný umhverfisstefna var kynnt á spítalanum í gær.

UMHVERFISMÁL Landspítalinn ætlar að grípa til ýmissa aðgerða til þess að minnka áhrif sín á umhverfið strax á næsta ári, samkvæmt nýrri umhverfisstefnu og umhverfisáætlun sem var kynnt í gær.

„Stefnan er vandlega undirbúin. Það komu margir að henni og við höfum líka verið að læra af reynslu erlendis frá. Þau virtu sjúkrahús sem við berum okkur saman við hafa gert frábæra hluti í umhverfismálum. Þau eru búin að sýna og sanna að tækifæri til að gera vel á sjúkrahúsum eru mikil. Aðgerðirnar bæta umhverfið en bæta oft líka heilsu starfsfólks og sjúklinga og leiða jafnvel líka til hagræðis. Við viljum gera enn þá meira af þessu,“ segir Birna Helgadóttir, verkefnisstjóri hjá Landspítalanum.

Stefnt er að því að minnka umfang rusls sem fer ekki í endurvinnslu um 400 kíló á dag með því að auka flokkun úrgangs og minnka notkun á einnota vörum. Nauðsynlegt er í mörgum tilvikum að nota einnota vörur vegna sýkingavarna, en í öðrum tilvikum verður þeim skipt út fyrir margnota.

Þá ætlar spítalinn að gera vistvænni innkaup og veita betri upplýsingar um umhverfismál. Nú þegar hefur pappírnotkun minnkað um nær helming frá árinu 2009. Spítalinn ætlar að grípa til hvetjandi aðgerða til þess að fá fleiri starfsmenn til að koma til vinnu með öðrum hætti en keyrandi.

thorunn@frettabladid.is

21% hjólaði, gekk eða tók strætisvagn



Landspítalinn notar jafn mikið rafmagn og 4.600 heimili og jafn mikið heitt vatn og 1.600 heimili. Kostnaðurinn er 275 milljónir á ári. Stefnan er að minnka notkun um þrjú prósent frá 2011 til 2013.



7 prósent starfsmanna fóru oftast hjólandi til og frá vinnu í fyrra og 8 prósent gengu eða hlupu. 6 prósent tóku oftast strætó. Það er samtals 21 prósent en stefnan er að fjölga í 30 prósent á næsta ári.

Ökuferðir og flugferðir í tengslum við starfsemi spítalans valda því að fimm tonn af koltvísýringi losna á hverjum degi. Þrjú þessara tonna falla til við það að starfsmenn keyra til og frá vinnu.



Landspítalinn kaupir vörur og þjónustu fyrir 25 milljónir á dag frá 2.800 birgjum.

3,5 tonn af úrgangi féllu til á hverjum degi í fyrra, eða 1.277 tonn allt árið. Tæpur fjórðungur fór í endurvinnslu. Minnka á umfangið sem fer til urðunar og brennslu um 15 prósent á næsta ári, það eru 400 kíló á dag.

Glaðloft sem notað er í aðgerðum og fæðingum veldur losun á fjórum tonnum af koltvísýringi á hverjum degi.



SKEL ÚR HVALFIRÐI Veitingahús og verslanir þurfa að virða reglur um uppruna á skel.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fara skal varlega áfram:

Neysla á skel nú talin hættulaus

MATVÆLI Matvælastofnun telur ekki lengur ástæðu til að vara við neyslu skelfisks úr Hvalfirði. Viðvörðun vegna þörungaeiturs og viðvarandi eiturbörunga í sjó hefur staðið frá því í júní og var ástandið sérstaklega viðsjárvert í haust vegna mikils magns eiturbörunga í sjó.

Stofnunin bendir fólki samt á að fara varlega í ljósi þess að stutt er síðan magn eiturbörunga í firðinum mældist hærra en nokkru sinni fyrr. Eiturmagnið er nánast á viðmiðunarmörkum og gæti breyst ef eiturbörungum fjölgar aftur í firðinum.

- shá

FSÍ selur í Icelandair:

LSR keypti fyrir milljarð

VIÐSKIPTI Framtakssjóður Íslands (FSÍ) tilkynnti í gærmorgun að hann hefði selt sjö prósent hlut í Icelandair á 2,7 milljarða króna. Sjóðurinn á eftir þetta um tólf prósent hlut í félaginu og er næststærsti eigandi þess. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) keypti þrjú prósent af FSÍ á samtals 1.140 milljónir króna. Það staðfesti Haukur Hafsteinson, framkvæmdastjóri LSR, í samtali við Fréttablaðið í gær. Ekki hefur verið upplýst hverjum keyptu hin fjögur prósentin sem FSÍ seldi.

- þsj

Verum tímanleg
Hreinsum og endurnýjum fyrir jólin

Komdu við hjá okkur

DÚN & FIÐUR
Laugavegi 86 - Sími: 511 2004

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

KAFLASKIPTI Það lægir og léttir til í dag en seint á morgun kemur ný lægð upp að suðvestur-ströndinni og á fimmtudaginn má búast við strekkingi eða allhvössum vindi víða á landinu. Rigning eða slydda, síðar skúrir og el en úrkomulítið N- og A-lands.

Á MORGUN 3-8 m/s en hversir seint um kvöldið.

FIMMTUDAGUR 10-18 m/s víðast hvar.

HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	15°
Berlín	8°
Billund	8°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	22°
London	13°
Mallorca	19°
New York	15°
Orlando	26°
Ósló	6°
París	11°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



VÉR MÓTMÆLUM ÖLL

Skorum á alla að mæta á Austurvöll í dag kl. 16



1. Hvenær var pöðduvefur Náttúrufræðistofnunar opnaður?
2. Hver framleiðir sjónvarpsseríu upp úr Aldingardi Ólafs Jóhanns Ólafssonar?
3. Hver leikstýrir kvikmyndinni Argo?

SVÖR:
Aflæk.

1. Í ágúst 2009. 2. Robert Redford. 3. Ben

Stjórnuáhugamenn spennir: Loftsteinadrífa nær hápunkti

VÍSINDI Loftsteinadrífan Leonídar nær hápunkti sínum um næstu helgi. Nokkrir tugir loftsteina munu þá sjást á klukkustund er þeir brenna upp í andrúmslofti jarðarinnar.

Stundum geta loftsteinadrífur orðið afar tilkomumiklar. Aðstæður til að sjá drífuna eru ákjósanlegar að þessu sinni enda mun tunglið ekki hafa teljandi áhrif á ljóssýninguna.

Sjö fulltrúar frá sjö löndum: Nýtt fjölmenn-ingarráð kosið

SAMFÉLAGSMÁL Sjö fulltrúar hafa verið kosnir í fjölmenningsráðið Reykjavíkurborgar og voru úrslit í kosningunum tilkynnt í gær.

Candace Alison Loque frá Filippseyjum, Aleksandra Chlipala frá Póllandi, Jessica Abby VanderVeen frá Bandaríkjunum, Harald Schaller frá Þýskalandi, Tung Phuong Vu frá Víetnam, Juan Camilo Roman Estrada frá Kólumbíu og Josephine Wanji-iru frá Kenýu voru kjörin. Fjölmenningsráðið er kosið til veggja ára.

- þeb

Norræni flugrisinn SAS á í verulegum fjárhagsvandræðum:

SAS fækkar starfsmönnum um 40%

STOKKHÓLMUR, AP Norræna flugfélagið SAS mun á næstunni fækka starfsmönnum sínum um 40% eða um 6.000 manns með uppsögnum og sölu dótturfélaga. Þá verða laun og lífeyrisgreiðslur starfsmanna lækkuð til að létta undir rekstri félagsins sem á í verulegum fjárhagsvandræðum.

Það er ekki síst samkeppni við evrópsk laggjaldaflugfélög sem hefur reynst SAS erfið síðustu ár. Flugfélagið hefur ekki skilað hagnaði í fjölda ára en með þessum aðgerðum hyggst flugfélagið lækka árlegan rekstrarkostnað um

þrjú milljarða sænskra króna, jafngildi riflega 57 milljarða íslenskra króna. Rickard Gustafsson, framkvæmdastjóri SAS, segist gera sér grein fyrir því að hagræðingaraðgerðirnar séu sársaukafullar fyrir starfsmenn en segir þær óhjálpslegar. „Þetta er í raun og veru síðasta tækifærið okkar ef við ætlum að tryggja rekstrargrundvöll félagsins,“ segir Gustafsson.

SAS er að helmingi í eigu sænska, danska og norska ríkisins en hinn helmingurinn er í eigu fjárfesta, þar á meðal hinnar sænsku Wallenberg-fjölskyldu.

- mþl



SAS Hátt oliuverð, efnahagsvandræðin í Evrópu og samkeppni við laggjaldaflugfélög hafa reynst mörgum stórum evrópskum flugfélögum erfið á síðustu árum.

NORDICPHOTOS/AFP

Kalla eftir mati á áhrifum stjórnarskrárbreytinganna

Sérfræðinganevnd segir skorta heildstætt mat á áhrifum stjórnarráðsbreytinga. Nefndin skilaði skýrslu í gær þar sem farið var yfir lagatæknileg atriði. Von er á frumvarpi um stjórnarskrá á næstu dögum.

ALÞINGI Sérfræðinganevnd gerir ekki veigamiklar athugasemdir við drög stjórnlagaráðs að stjórnarskrá, en nefndin skilaði skýrslu um vinnu sína í gær. Henni var falið að meta drögin út frá lagatæknilegum forsendum.

Auk lagatæknilegra ábendinga skilaði hópurinn almennum athugasemdum í skilabréfi. Þar leggur hann til að ýmis atriði verði skoðuð nánar. Á meðal þeirra er að meta áhrif breytinganna í heild sinni.

„Ekki hefur hins vegar farið fram heildstætt og skipulegt mat á áhrifum stjórnarskrártillagnanna í heild. Það verkefni kallar á þverfaglega vinnu sem hópnur var ekki falin. Hópurinn gerir ráð fyrir að slíkt mat muni fara fram á vettvangi Alþingis en bendir að auki sérstaklega á þau atriði sem að hans mati kalla einkum á nánari skoðun,“ segir í skilabréfinu. Síðan eru fjölmörg atriði tínd til. Birgir Ármannsson, fulltrúi



SKÝRSLUNNI DREIFT Magnús Orri Schram og Margrét Tryggvadóttir tóku við nokkur hundruð blaðsíðna skýrslu hópsins í gær líkt og aðrir nefndarmenn. Von er á frumvarpi um nýja stjórnarskrá öðru hvoru megin við næstu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sjálfstæðisflokksins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, segir hið þrönga umboð hópsins skýra það að engar veigamiklar athugasemdir hafi verið gerðar. Hópurinn geri tæplega 80 lagatæknilegar breytingatillögur og listi að auki upp álitamál sem þinginu beri að skoða. Nefnir hann sérstaklega heildstætt mat á áhrifum tillagnanna.

„Ég tel útilokað að ljúka þessu verki fyrir lok kjörtímabilsins, svo vel sé. Tæknilega séð getur

Alþingi samþykkt frumvarp sem byggir á þessum grunni eftir nokkurra mánaða meðferð í þinginu. Ég óttast að málið fái þá ekki þá skoðun sem þörf krefur og venja er að viðhafa þegar stjórnarskrárbreytingar eiga sér stað.“

Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir vinnu hópsins mjög vandaða og gagnlega. Hún segir að nú þurfi að fara yfir ábendingar hópsins. Þær

Dæmi um ábendingar hópsins

Forseti Íslands

- Í bráðabirgðaákvæði er tekið fram að takmörkun á fjölda kjörtímabíla forseta sé ekki afturvirk.
- Eijðstafur forseta er tekinn upp í stjórnarskrá.
- Tekið er á því hver leysi úr ef ágreiningur ris um hvort forseti sé tímabundið eða varanlega ófær um að gegna starfi.
- Tekið er fram að forseti skipi forsetarítara.
- Kveðið er á um að mæla skuli fyrir um lagalega ábyrgð forseta í lögum.

Utanríkismál

- Til að ná betra samræmi við vilja stjórnlagaráðs er gefið færi á minniháttar framsali ríkisvalds án þjóðaratkvæðagreiðslu.

Dómsvald

- Nokkrum hugtökum breytt til að ná betra samræmi við vilja stjórnlagaráðs.

seu góðar og muni nýttast í vinnu þingsins. En hvenær á hún von á frumvarpi um nýja stjórnarskrá? „Þetta eru svo margar síður að það tekur einhvern tíma að koma þessu í rétt horf, en vonandi í lok þessarar viku eða byrjun næstu.“

kolbeinn@frettabladid.is

MATVÍS félagar



Félagsfundur verður haldinn þriðjudaginn
13. nóvember næstkomandi, kl. 17.00 á
Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmeginn.

Alþjóðlega orkumálastofnunin spáir viðsnúningi næstu áratugina:

Bandaríkin verða aðalolíuveldið

ORKUMÁL „Bandaríkin eru í fararbroddi víðtækra breytinga í olfu- og gasframleiðslu, sem munu hafa áhrif í öllum heimshlutum,“ sagði Maria van der Hoeven, yfirmaður Alþjóðlegru orkumálastofnunarinnar, þegar ný skýrsla stofnunarinnar um horfur í þróun orkumála var kynnt í London í gær.

Í skýrslunni er því spáð að í byrjun næsta áratugar verði Bandaríkin farin að framleiða meiri olíu en nokkurt annað land. Upp úr 2030 er svo talið að Bandaríkin verði farin að flytja út meiri olíu en þau kaupa af öðrum löndum.

Þá spáir stofnunin því að næstu áratugina verði hægt að ná fram stóruorkum orkusparnaði, „þannig að árið 2035 verði orkusparnaður í heiminum orðinn nærri jafnmikill og fimmtungur heildareftirspurnarinnar var árið 2010.“

Stofnunin telur að strax árið 2015 verði endurnýjanlegir orkugjafar orðin næststærsta orkulind jarðar, næst á eftir kolum, og árið 2035 verði þeir orðin nánast jafn mikilvægir og kolin.



OBAMA OG OLÍAN Barack Obama Bandaríkjaforseti var í kosningabaráttunni bjartsýnn á framtíð Bandaríkjanna í orkumálum.

NORDICPHOTOS/AFP

Enn fremur spáir stofnunin því að olíuverð muni smám saman lækka á næstu árum og verði komið niður í 89 dollara á tunnuna árið 2015. Þessu síðasta er að vísu

spáð með þeim fyrirvara að verðsveiflur geti orðið vegna efnahgsörðugleika eða stjórnmálakreppu í sumum helstu olíuframleiðsluríkjunum.

- gb

SALOMON

Allt frá fjöru til fjalla



Íslensku
ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 // 108 Reykjavík // Sími 534 2727 // www.alparnir.is



Hagkvæmur og
vistvænn innlendir
orkugjafi

Bjartey Sigurðardóttir, verkfræðingur



Sparnaður og lúxus fara
einstaklega vel saman
í Highline útfærslunni

Ingimar Sigurðsson, forstöðumaður



Núna er helmingi ódýrara
að skreppa vestur á Ólafsvík.
Það munar um minna.

Kristín Kjartansdóttir og Þorgrímur Benjamínsson



Volkswagen Passat EcoFuel, bill ársins 2012

Volkswagen Passat eigendur eru ánægðir með metanið

Eigendur Passat EcoFuel taka þátt í því að minnka losun koltvísýrings í andrúmsloftið, spara dýrmætann gjaldeyri með því að nota íslenskan orkugjafa og lækka eldsneytiskostnaðinn um nær helming. Nýverið sömdu Olís og Metanorka við Sorpu um kaup á metani fyrir nýjar áfyllingarstöðvar sem áætlað er að taka í gagnið á næsta ári. Einnig eru áform um að gangsetja orkuver til metanframleiðslu á næsta ári sem mun auka framboð á metani svo um munar.

Komdu við í HEKLU og kynntu þér kosti Passat EcoFuel.

Passat TSI EcoFuel kostar frá

3.990.000 kr.

Meðaleyðsla 6,8 l / 100 km bensín, 6,6 m³ 4,3 kg/100 km metan m.v. blandaðan akstur.



Das Auto.

49.426 kr.

mv. Volkswagen Passat TSI Eco Fuel og óverðtryggðan bilasamning með gullvildarkjörum frá Ergo til 84 mánaða og 25% útborgun. Hlutfallstala kostnaðar 10,30%.

ergo



Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is



Reginn hf. auglýsir hluthafafund

Hluthafafundur

Stjórn Regins hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, þriðjudaginn 4 desember 2012 og hefst stundvíslega kl. 15.00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Kosning tveggja nýrra stjórnarmanna
2. Tillaga lögð fram um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutabréfum
3. Önnur mál

Dagskrá og endanlegar tillögur munu vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í Smáralind, 3.hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, viku fyrir hluthafafundinn.

Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á heimasíðu félagsins, www.reginn.is.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Kópavogur, 12 nóvember 2012

Stjórn Regins hf.

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG
Hagasmára 1
201 Kópavogi
sími 512 8900
reginn@reginn.is

reginn.is

Hver Íslendingur mun eyða 43 þúsundum króna aukalega segir rannsóknasetur: Fjórtán milljarðar í jólaverslun

VERSLUN Íslendingar munu eyða tæplega fjórtán milljörðum króna í jólaverslun þetta árið, samkvæmt spám Rannsóknaseturs verslunarinnar. Hver Íslendingur mun verja að meðaltali 43.300 krónum í innkaup vegna jólna.

Rannsóknasetrið spáir því að jólaverslun aukist um 2,5 prósent að raunvirði miðað við árið í fyrra. Velta í smásöluverslun hefur aukist á árinu og innlend kortavelta sömuleiðis. Kaupmáttur hefur farið vaxandi og verðbólga lækkað. Þótt gengi krónunnar hafi veikst frá áramótum hefur umhverfi verslunar að sumu leyti batnað.

Íslendingar munu í heildina eyða um 78 milljörðum króna í smásöluverslun í nóvember og desember að mati rannsóknasetursins. Það er rúmum fjórum milljörðum meira en sömu mánuði í fyrra. - peb

Þing Íslenskrar málnefndar:

Íslenskan í tölvuheiminum

FUNDUR Íslensk málnefnd gengst í dag fyrir málþingi um íslensku í tölvuheiminum.

Eiríkur Rögnvaldsson málfræðingur mun fjalla um íslenska tungu á stafrænni öld, Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins, segir frá nýjum íslenskum talgervli og Jón Guðnason, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Trausti Kristjánsson tölvunarfræðingur fjalla um nýjan talgreini fyrir íslensku.

Þá verður ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2012 kynnt.

Þingið verður haldið í bókasal Þjóðmenningarhússins við Hverfisgötu og hefst klukkan 15.

Jólagjöfin íslensk tónlist

Jólagjöfin í ár verður íslensk tónlist að mati valnefndar Rannsóknaseturs verslunarinnar, sem hefur undanfarið ár valið jólagjöf ársins.

Forsendurnar sem gefnar eru við val á jólagjöf ársins eru að varan sé vinsæl, seljist vel, falli vel að tíðarandanum og vekji áhuga. Valnefndin telur að gróska í íslenskrari tónlist hafi aldrei verið meiri en nú og tónlistaráhuginn beinist í auknum mæli að íslenskrari tónlist fremur en erlendri.

Íslenskir hlutir hafa verið vinsælir sem jólagjöf hjá rannsóknasetrinu frá hrúni. Árið 2008 var jólagjöfin íslensk hönnun og 2010 íslensk lopapeysa.



MAKRÍLL Sjávarútvegsherra Noregs hefur hótad því að Íslendingar verði beittir viðskiptaþvingunum haldi þeir makrílveiðum áfram áður en samið verður um hlutdeild í kvótanum. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Þvinganir verða kærðar innan EFTA

Beiti Norðmenn eða ESB Íslendinga viðskiptaþvingunum vegna makrílveiða munu Íslendingar vísa þeim til kærufarla innan EFTA. Utanríkisráðherra gerði ráðherraráði EFTA það ljóst á fundi í gær.

UTANRÍKISMÁL Íslendingar munu ekki taka því þegjandi og hljóðalaust geri Norðmenn alvöru úr þeirri hótun sinni að beita Íslendinga viðskiptaþvingunum vegna makrílveiða, heldur vísa ákvörðuninni í kærufarli innan EFTA. Gildir þá einu hvort Norðmenn standa einir að þvingunum eða með fulltingi Evrópusambandsins (ESB).

Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra lýsti þessu formlega yfir á fundi ráðherraráðs EFTA í gær. Hann telur þó ólíklegt að af þvingunum verði.

Lisbeth Berg-Hansen, sjávarútvegsherra Noregs, sagði í samtali við norska ríkisútvarpið í september að Norðmenn myndu beita sér fyrir því að Íslendingar yrðu beittir viðurlögum ef þeir héldu veiðum sínum áfram án þess að hafa hlutdeild í makrílkvótanum. Óssur ræddi þessi mál á ráðherrafundinum í gær.

„Það er sérstakur farvegur fyrir deilumál milli EFTA-ríkjana sem gildir einungis fyrir þau, og þegar ég tók makríldeiluna upp á fundinum lét ég það koma fram skýrt að vildi svo ólíklega til að Norðmenn gripu til viðskiptaþvingana umfram það sem heimilt er samkvæmt bókunum við EES-samninginn þá myndum við berjast gegn því með öllum ráðum, þar með töldu þessu,“ segir Óssur.

Hann segir að þessum sjónarmiðum hafi verið komið áður á framfæri við Óssur á sendiherra-stigi. Til að sýna fram á alvöru Íslendinga í málinu hafi hins vegar verið nauðsynlegt að gera



LISBETH BERG-HANSEN

ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Það er sérstakur farvegur fyrir deilumál milli EFTA-ríkjana, sem gildir einungis fyrir þau.“

ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON
UTANRÍKISRÁÐHERRA

sérstaklega grein fyrir því á ráðherrafundinum.

Óssur segir að það séu fyrst og fremst yfirlýsingar Berg-Hansen sem þyki afar hæpna.

„Það er auðvitað merkilegt þegar norskur ráðherra talar með þeim hætti sem Lisbeth Berg-Hansen gerði í haust. Hún er þó, sem betur fer, ótengd utanríkis-málum, en hún gengur mun lengra en Damanaki, sjávarútvegstjóri Evrópusambandsins.“

Óssur hefur áður gagnrýnt að Damanaki hafi hótad Íslendingum viðskiptaþvingunum fyrir hönd Norðmanna.

Í frumvarpi að reglugerð ESB er kveðið á um heimildir til að gripa til refsiaðgerða gegn ríkjum utan ESB sem talið er að stundi ósjálfbærar fiskveiðar.

kolbeinn@frettabladid.is

Komdu og prófaðu nýjan Kia cee'd

Nýr Kia cee'd er kraftmikill, sparneytinn, rúmgóður og betur búinn en nokkra sinni. Hann eyðir aðeins 4,1 l/100 km í blönduðum akstri og fær því frítt bílastæði í Reykjavík í 90 mínútur í senn.

Verð frá **3.455.777 kr.** Kia cee'd dísil.
Aðeins **28.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Kaupauki:
Vetrar-dekk



BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?

www.promennt.is

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Í fyrsta skipti á Íslandi er kennd svo öflug námsbraut í kerfisstjórnun. Framabraut í kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.

▶ AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðipækkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynna þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 9 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut í kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 8 alþjóðlegar prófgráður sem eru sérlega mikilvægar að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

▶ FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir talsverðar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatækni með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

▶ FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélagum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig í að finna bestu fjármögnunarleiðina.

”Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjórnánám áður. Þetta nám er hveir krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórnar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.

Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatækniáviðs hjá Sjóvá.

Skráningar fara fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

▶ VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

Undirbúningur: Námsækni með MindManager 12 std.

1. hluti: Tölvuviðgerðir A+ 50 std.
2. hluti: Network+ 50 std.
3. hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate) 80 std.
4. hluti: Windows 8 í fyrirtækjaumhverfi 32 std.
5. hluti: Verkefnadagur/lokaverkefni fyrri annar 26 std.
6. hluti: Virtualization 10 std.
7. hluti: MCSA (áður MCITP) 180 std.
8. hluti: Exchange 2013 50 std.
9. hluti: Verkefnadagur/lokaverkefni seinni annar 30 std.

Athugið að umsóknarfrestur er til og með **21. janúar 2013**.

Hefst **28. janúar 2013**.

Verð án prófa **699.000 kr.**

Verð með 8 alþjóðlegum prófum **899.000 kr.**

”Mjög spennandi hingað til og hefur komið mér ánægjulega á óvart hversu yfirgripsmikið námið er, en það er mikils virði að kennararnir eru með mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu. Frábært að hafa möguleika á fjarkennslu í beinni útsendingu þegar maður kemst ekki í tíma, og að hafa aðgang að kennurum utan skólatíma. Hlakka til að halda áfram.

Stígur Snæsson, núverandi nemandi á Framabraut – Kerfisstjórnun



Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er boðið upp á fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.

FRÉTTASKÝRING: Staðan á fjarskiptamarkaði

Nova nánast jafn stórt og Vodafone

Allir viðskiptavinir sem bættust við íslenska farsímamarkaðinn á fyrri hluta árs fóru til Nova. Markaðshlutdeild Nova og Vodafone verður jöfn um áramót. Síminn bætir við sig í fyrsta sinn í mörg ár.

Nova var með 6.416 færri viðskiptavinum í farsímabjónustu en Vodafone um mitt þetta ár. Á fyrri helmingi þessa árs bætti Nova við sig 7.229 viðskiptavinum en á sama tíma fjölgaði þeim um 257 hjá Vodafone. Haldi þessi þróun áfram á síðari hluta ársins 2012 verður Nova orðið næststærsta farsímafyrirtæki landsins í árslok á eftir Símanum. Þetta kemur fram í nýrri tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2012 sem birt var í gær.

Alls bættust 7.046 áskriftir við íslenska farsímamarkaðinn á síðasta ári. Ljóst er að Nova tók alla þá viðskiptavinum til sín. Til viðbótar tapaði Tal rúmlega þúsund viðskiptavinum sem skiptast nokkuð bróðurlega á milli annarra símafyrirtækja.

Viðskiptavinir Nova, sem hóf starfsemi 1. desember 2007, voru orðnir tæplega 107 þúsund í lok júní síðastliðins. Það er í fyrsta sinn sem þeir fara yfir 100 þúsund viðskiptavinamarkið í samantekt PFS. Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir allt stefna í að Nova



HÖRD BARÁTTA Um áramót verða öll lúkningargjöld samræmd og þá munu símafyrirtækin keppa á jafnræðisgrundvelli um viðskiptavinum.

verði orðið jafn stórt og Vodafone í lok þessa árs. „Það er rétt rúmur mánuður eftir af árinu og ég sé ekki annað en að það stefni í það. Ég myndi áætla að markaðshlutdeild félaganna tveggja verði sambærileg í lok þessa árs. Við verðum fimm ára 1. desember næstkomandi og þessi þróun er í takt við það sem við létum okkur dreyma um þegar við lögðum af stað í þessa miklu fjárfestingu.“


Síminn bætti loks við sig

Síminn, stærsta farsímafyrirtæki landsins, bætir við sig viðskiptavinum í fyrsta sinn síðan PFS fór að birta tölfræðiupplýsingar um fjarskiptamarkaðinn opinberlega. Þeim fjölgaði um 230 á fyrstu sex mánuðum þessa árs

og voru 153.421 talsins. Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, segir árangurinn vera í takt við áherslur fyrirtækisins á undanförunum árum. „Við höfum verið að leggja áherslu á að efla okkar bjónustu til okkar núverandi viðskiptavina. Það er greinilegt á þessu að sú vinna er að skila sér.“

Markaðshlutdeild Símans hefur þó lækkað jafnt og þétt á undanförunum árum. Árið 2004 var fyrirtækið með 64,5 prósentu markaðshlutdeild og rúmlega 173 þúsund viðskiptavinum. Þeim hefur fækkað um 20 þúsund síðan þá auk þess sem Símanum hefur ekki tekist að ná í þá 124 þúsund viðskiptavinum sem bæst hafa við markaðinn síðan þá.

Hlutdeild Vodafone á farsímamarkaði er nú tæplega 29 pró-



stoðirnar undir rekstrinum og fjölga tekjustraumunum. Það höfum við gert með því að bjóða heildarfjarskiptabjónustu með góðum árangri, en vöxturinn hefur verið mestur í gagnaflutnings- og sjónvarpsbjónustu. Við einblinum ekki á fjöldatölur heldur horfum á rekstrar- niðurstöður félagsins í heild og mikilvægi þess að rekstrarmódelið okkar sé sjálfbært á hverjum tíma. Afkoma Vodafone á fyrstu níu mánuðum ársins gefur okkur fulla ástæðu til bjartsýni og við höldum ró okkar þótt hlutdeildin á farsímamarkaðnum hafi lækkað um hálf prósent á þessu ári.“

Tal náði að fjölga viðskiptavinum sínum um rúmlega eitt þúsund á seinni hluta ársins 2011 en tapaði þeim aftur á fyrri hluta þessa árs. Fjöldi viðskiptavina er nánast sá sami og hann var um mitt síðasta ár og markaðshlutdeild fyrirtækisins 4,6 prósent. Viktor Ólason, forstjóri Tals, segir fyrirtækið hafa bætt verulega við sig síðan um mitt ár. Viðskiptavinum þess hafi fjölgað um fjögur þúsund á síðustu mánuðum.

sent og hefur aldrei verið lægri. Viðskiptavinum fyrirtækisins fjölgaði lítillega á fyrri helmingi þessa árs en ekki nóg til að verja markaðshlutdeildina. Vodafone, sem verður skráð á markað á þessu ári, skilaði nú mánaða uppgjöri sínu í gær. Það sýndi hagnað fyrir skatta og fjármagnsliði (EBITDA) upp á 2,2 milljarða króna og hreinan hagnað upp á 352 milljónir króna.

Fjölga tekjustraumunum

Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, segist ánægður með að viðskiptavinum fyrirtækisins hafi fjölgað. „Við höfum á undanförunum árum lagt áherslu á að styrkja

Póður Snær Júlíusson
thorur@frettabladid.is



Sjáumst á salatbarnum!

Í 10–11 finnurðu frábært vöruúrval. Á salatbarnum í 10–11 færðu hollt og gott salat með öllu því sem þér þykir best.



1011

Fljótlegt og þægilegt

ÓDÝRASTI SYKURINN Í BÓNUS



205 kr.
1 kg

B  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

Flóknar, tíðar og ógegnsæjar skattabreytingar:

Óræktarlegt skattkerfi

Skattahækkunar voru óumflýjanlegar til að ná endum saman í ríkisrekstrinum eftir hrún, um það eru flestir sammála. Um hitt greinir menn á, hvort gengið hafi verið of langt í skattahækkunum og þá of skammt í lækkun kostnaðar hins opinbera. Sömuleiðis er deilt um hvort viðleitni til að ná fram jöfnuði í gegnum skattkerfið hafi skilað tilætluðum árangri eða hvort hún sé beinlínis farin að draga úr hvata fólks til að vinna og skapa verðmæti. Um eitt þarf hins vegar ekki að deila, breytingar á skattkerfinu eftir hrún hafa gert það flóknara, ógegnsærra og tor-skildara.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Samtök atvinnulífsins gáfu í síðustu viku út rit um skattkerfið undir yfirskriftinni „Ræktun eða rányrkja“. Það vísar til þess að rétt eins og hægt er að ganga of nærri nytjastofni í sjónum við Ísland, þannig að hann hætti að skila verðmætum í þjóðarbúið,

er hægt að skattþína fólki og fyrirtæki þannig að það hefur öfugar afleiðingar til lengri tíma; að tekjur ríkisins minnki hreinlega í staðinn fyrir að vaxa eins og stefnt var að.

SA bendir annars vegar á að skattaumhverfi í landinu eigi að stefna að því að vera sem hagkvæmast og skilvirkast tekjuöflunartæki ríkis og sveitarfélaga. Til þess þurfi skattstofnar að vera breiðir, kerfið gegnsætt og einfalt og skattprósentur fátar og lágar. Hins vegar benda samtökin á að til þess að ýta undir fjárfestingar í atvinnulífinu þurfi rekstrarumhverfi þess að vera stöðugt. Óhóflega tíðar skattabreytingar valdi vandræðum og kostnaði. Sumar skattahækkunar síðustu ára hafi eingöngu aukið flækjur og gert atvinnulífinu erfitt fyrir, en ekki aukið tekjur eins og þær áttu að gera.

Þetta hljóta að vera röksemdir sem stjórnvöld vilja skoða, í samvinnu við atvinnulífið. Að minnsta kosti í orði kveðnu vill ríkisstjórnin efla erlenda fjárfestingu á Íslandi. Það hefur ekki breytt á síðustu árum að vegna smæðar sinnar, fjarlægðar frá mörkuðum og annarra náttúrulegra ókosta þarf Ísland að bjóða enn hagstæðara rekstrarumhverfi fyrirtækja en löndin sem við erum í samkeppni við, eigi að takast að laða hingað erlenda fjárfestingu.

Þróunin undanfarin ár hefur frekar verið í hina áttina, eins og SA bendir á. Fyrir hrún var íslenska skattkerfið nokkuð samkeppnishæft, en fæstar breytingarnar sem gerðar hafa verið síðan hafa stuðlað að því að laða hingað erlenda fjárfesta. Þegar ríkisstjórnin svikur beinlínis gerða samninga við atvinnulífið, eins og um lækkun tryggingagjaldsins og að aukaskattur á stóriðju gildi aðeins tiltekinn árafjöldi, er ekki líklegt að erlendir fjárfestar flykkist hingað.

Nú er ekki við því að búast að fyrirtækin í landinu fagni nokkurn tímann aukinni skattlagningu. Það er samt ástæða til að stjórnvöld taki mark á þeirri ábendingu SA að æskilegast væri að ríkisstjórnin færi að eigin leiðbeiningum um að hafa samráð við þá sem eiga hagsmuna að gæta og meta áhrif breytinga við undirbúning stjórnarfrumvarpa. Núna er til dæmis sú staða uppi að ákvæði í fjárlagafrumvarpinu um hækkun skatta á ferðaþjónustuna eru þegar farin að skaða atvinnugreinina, áður en þau hafa tekið gildi – og kannski taka þau ekki gildi óbreytt. Þetta hefði mátt forðast með því að leggja meiri rækt við samráð við atvinnugreinina.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Erfitt

Prófessorarnir Gunnar Helgi Kristinsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson eru farnir karpa um það hver gerir Bjarna Benediktssyni erfiðast fyrir að vera formaður Sjálfstæðisflokksins. Gunnar segir að það sé Davíð Oddsson, sem barði á Bjarna í kringum Icesave-málið, en Hannes að það sé Þorsteinn Pálsson, sem hafi tekið sæti í samninganefnd Íslands við Evrópusambandið þvert á vilja landsfundar flokksins. Svo eru enn aðrir sem segja að Bjarni geri sér sjálfur erfitt fyrir

með viðskiptafortíð sinni, og benda á árangur síðapostulans Vilhjálm Bjarnasonar í nýafstöðnu prófkjöri því til stuðnings.

Óþægilegt

Um þetta mun fólk eflaust rifast næstu vikur án þess að komast að niðurstöðu, annarri en þeirri að Bjarni eigi einhverja hluta vegna dálítið erfitt með að vera formaður Sjálfstæðisflokksins. Það hlýtur að vera óþægileg staða fyrir hann.



Hálfviti

Talandi um Vilhjálm Bjarnason. Hann er hress og nú er hann senn á leiðinni á þing. Vilhjálmur er vanur því að gagnrýna flest í samfélagi sínu en þarf fljótlega að venjast því að vera andlag gagnrýnnar umfjöllunar, sem þingmenn eru og eiga að vera. Hann skortir greinilega æfingu í því, eins og kom í ljós í viðtali við DV í gær þar sem hann brást við spurningu blaðamanns með því að ýja að því að hann væri hálfviti, svo að notað sé orðlag Vilhjálmss sjálfs. Sem betur fer getur Vilhjálmur enn hugsað sinn gang í hálf tölfrátt fram að kosningum.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Skipulag í Reykjavík

Skipulagsmál



Páll Hjaltason
formaður skipulagsráðs



Hjálmar Sveinsson
varaformaður skipulagsráðs

Síðastliðinn fimmtudag skrifaði Arna Mathiesen arkitekt grein í Fréttablaðið um skipulagsmál og spurði skipulagsyfyrirvöld í Reykjavík nokkurra spurninga. Áhugi Örnna á skipulagsmálum í Reykjavík er lofsverður. Okkur er bæði ljúft og skylt að bregðast við.

Einn mikilvægasti þátturinn í nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur er að leiðrétta misræmið sem er á milli austurhluta borgarinnar, þar sem flestir búa, og vesturborgarinnar, þar sem flestir vinna. Þetta ójafnvægi hefur í för með sér mikið umferðarálag kvölds og morgna þar sem umferðin fer að mestu í aðra átt og nýtir gatnakerfið því illa. Lausnir er einföld, fjölga íbúðarhúsnæði í vesturhlutanum og falla frá uppbyggingu nýrra úthverfa í austurborginni.

Eitt mikilvægasta leiðarstefið í nýju Aðalskipulagi er félagsleg blöndun. Uppbygging við Gömlu höfnina er einungis lítill hluti af þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er í vesturhluta borgarinnar. Áhersla á litlar íbúðir útilokar ekki að stærri íbúðir verði byggðar. Þó er ljóst að mesta þörfin núna er á litlum íbúðum miðsvæðis. Borgaryfirvöld verða að bregðast við því.

Það er ekki stefnt að því að byggja á úti-

vistarsvæðum borgarinnar, svo sem gömlum gæsluvöllum. Þétting byggðarinnar er hugsuð á óbyggðum lóðum og því borgarlandi sem er illa nýtt, svo sem veghelgunarsvæðum, bílastæðum og gömlum athafnasvæðum.

Engin ný úthverfi verða byggð í Reykjavík sem íbúabyggð. Vissulega verður áfram gert ráð fyrir plássfreku athafnasvæði austan við íbúasvæðið, á Esjumelum, Álfnesi og Hólmsheiði. Uppbygging atvinnuhúsnæðis í austurbænum styður markmið aðalskipulagsins um að dreifa umferðarálagi.

Skipulag Austurhafnarinnar við Hörpu liggur fyrir. Ein af forsendum fyrir rekstri ráðstefnuhluta hússins er að við hlið þess verði byggt hótél, rekið undir alþjóðlegu vörumerki. Það er mikilvægt að koma rekstri Hörpunnar í gott horf og óþarfi að óttast að þetta glæsilega hús hverfi úr bæjarmyndinni þó að byggt verði vestan við það.

Í vetur verður unnið HverfisSKIPULAG fyrir átta borgarhluta Reykjavíkur þar sem mikil áhersla verður lögð á samráð og kynningar. Þá mun öllum borgarbúum gefast tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum er varða framtíð síns hverfis.

Að týna árum ævi sinnar

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Umfjöllun um streitu og vanlíðan hefur verið mjög mikil frá því við hlustudum á ávarp Geirs H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra, þar sem hann bað guð að blessa Ísland. Ég verð að viðurkenna að á þeim tíma þegar ég horfði á hann ljúka máli sínu með þessum orðum þá fann ég fyrir einhverri undarlegri tilfinningu sem er erfitt að lýsa en var sennilega sambland af ótta, óvissu og öryggisleysi. En ég fann jafnframt að ég fylltist einhverjum eldmóði og þjóðerniskennd. Þetta voru undarlegir tímar og flestir muna eflaust eftir því hvar þeir voru staddir á þeim tíma sem Geir talaði til þjóðarinnar svona svipað og þegar árásirnar voru gerðar á New York forðum.

Allar götur síðan hefur verið tilfínanlega meira ójafnvægi í samfélaginu, reiði og heift jafnvel. Mikil umræða hefur verið um samfélagslega ábyrgð og hafa leikreglurnar verið skrifadar eilítið upp á nýtt. Almennur lætur til sín taka meira en áður og öðruvísi. Samfélagsmiðlar og blogg hafa dafnað og má vissulega segja að við lifum á breyttum tímum hvað varðar tjáningu einstaklinga og opinbera umræðu.

Þessu fylgja ýmis vandamál sem tengja má við heilsu og líðan

fólks, en við læknar, sem störfum daglega í samskiptum við fólk í öllum þjóðfélagshópum, þvert á menntunarstig og tekjumögu-leika, sjáum líka breytingu. Við höfum heyrt af því að tíðni sjálfs-vígstilrauna hafi aukist, álag á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús hefur verið mikið. Á sama tíma og dregin hafa verið saman seglin vegna niðurskurðar hefur vanlíðan líklega aukist. Þá hefur verið fjallað um flótta lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks til annarra landa. Við höfum eflaust glatað einhverju af okkar hæfileikaríka fólk í öðrum greinum sömu leið sem hefur áhrif á samkeppnishæfni landsins til lengri tíma lítið.

Ísland er vonandi að ná sér upp

allra landsmanna liggja sjúklingar á göngunum. Slökkviliðsstjórnin á höfuðborgarsvæðinu hefur meira að segja hótad að loka Landspítalanum verði ekki gerð bragarbót á. Þannig mætti reyndar lengi telja, er þá nokkuð skrítið að fólk finni fyrir öoryggi og vanlíðan?

Þegar öllu er á botninn hvolft er niðurstaðan sú að við höfum lifað við mikla óvissu undanfarin ár, umtalsvert atvinnuleysi og litla fjárfestingu hvert sem lítið er, nær stöðuga neikvæða umræðu og bölsýni. Það er þessi óvissa sem hefur verulega neikvæð áhrif á okkur og veldur mikilli streitu. Það má færa rök fyrir því að slíkt ástand ýti undir sjúkdóma og hrörnun og ég vil

Við verðum að einbeita okkur að því að draga fram hinar jákvæðu hliðar lífsins og njóta þess, finna kraft til að framkvæma og horfa fram á veginn, á sama tíma og við stöndum enn sumpart upp í mitti í miðri á við að endurreisa Ísland.

úr þeirri kreppu sem við lentum í árið 2008, margir segjast sjá þess merki, enn aðrir telja okkur trú um að svo sé ekki. Hverju á almenningur að trúa? Enn erum við að kljást við umræðu vegna lána, erlendra sem verðtryggðora og afleiðingar hrunsins, óvissu-ástand ríkir um veigamikla þætti í samfélagi okkar eins og rekstur velferðarkerfisins, öryggi sjúklinga virðist ógnað í öðrum hverjum fréttatíma núorðið og sökum plássleysis á sjúkrahúsi

halda því fram að það stytti líf einstaklinga að vera undir slíku álagi til lengri tíma. Því mætti segja að við höfum hugsanlega týnt einhverjum hluta ævi okkar vegna þessa.

Við verðum að einbeita okkur að því að draga fram hinar jákvæðu hliðar lífsins og njóta þess, finna kraft til að framkvæma og horfa fram á veginn, á sama tíma og við stöndum enn sumpart upp í mitti í miðri á við að endurreisa Ísland.

Vítamínsprauta fyrir atvinnulífið

Fjármál

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Þegar ég gerði Alþingi grein fyrir þriggja ára fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar síðastliðið vor fullyrði ég að hún væri bæði mjög varfærin og skynsamleg og hefði einnig þann tilgang að bæta stöðu ríkissjóðs. Auk þess myndi hún stuðla að verulegri atvinnuuppbyggingu og auknum hagvexti og draga úr atvinnuleysinu. Orðrétt: „Ég tel að nú sé rétti tíminn fyrir metnaðarfulla og djarfa sóknaráætlun eins og hér er til umræðu. Við erum einfaldlega komin á ákveðinn vendipunkt. Hagvöxtur er að glæðast og atvinnuleysi minnkar. Nú sjáum við fyrir að við getum endurheimt fjármuni sem lagðir voru í bankaana og ekki síður sanngjarnt gjald af fiskveiðiauðlindinni sem nú er í augsýn.“

Forystumenn stjórnarandstöðunnar höfðu allt á hornum sér þótt þeir viðurkenndu að í áætluninni væri margt ágættra verkefna og framkvæmda. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði meðal annars: „[Ég] gagnrýni að ekki sé tekið á almennu rekstrarumhverfi fyrirtækjanna í landinu og að fjármögnunin sé reist á jafnveikum stöðum og ég hef hér farið yfir.“

Við sama tækifæri sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, að verið væri að útdeila peningum sem ekki væru til staðar. „Á Íslandi eru aðstæður allar eða flestar hinar bestu fyrir nýja fjárfestingu nema ríkisstjórnin sem stöðugt innleiðir nýjar reglur sem halda aftur af fjárfestingu og koma í veg fyrir verðmætasköpun en eyðir þess í stað peningum sem ekki eru til.“

Nú er ljóst að á fjárlögum verða

tryggðir liðlega sex milljarðar króna til framkvæmda og verkefna innan fjárfestingaráætlunarinnar og var það kynnt sérstaklega á blaðamannafundi í síðustu viku. Áður var búið að tryggja 4,2 milljarða króna með sérstöku veiðigjaldi. Samtals verður því 10,3 milljörðum króna varið á næsta ári til fjárfestinga samkvæmt áætluninni í heild. Svart-sýnital stjórnarandstæðinga var því ekki á rökum reist. En þeim reynist erfitt að horfast í augu við staðreyndir og segja nú: Jú, gott og vel, en þetta er ekki nóg!

Eru það ofurskattar?

Hér er erfitt að átta sig á þankaganinum. Stjórnarandstæðingar krefjast lægri skatta og afnáms sérstaka veiðigjaldsins og að með

Bandaríkjanna, Frakklands, Bretlands, Hollands og fjölda annarra landa sem við berum okkur saman við.

Hitt er hins vegar ekki síður mikilvægt hvaða stefna er tekin með fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar til næstu þriggja ára. Að slepptum fjárfestingum í samgöngumannvirkjum og byggingu nýs fangelsis, húss íslenskra fræða og annarra bygginga er aukinn stuðningur við rannsóknir og tækniþróun, grænt hagkerfi, skapandi greinar og ferðaþjónusta. Ég nefni 500 milljóna króna framlag í sérstakan grænan fjárfestingarsjóð. Ég nefni 470 milljóna króna auknið framlag í Kvikmyndasjóð. Ég nefni 250 milljóna króna framlag í verkefnasjóð skapandi greina. Ég nefni 500 milljóna króna auknið

Fjárfestingaráætlunin styður við efnahagsbatann. Hún grundvallast á gjaldtöku af einni helstu auðlind landsmanna og arði af því fjármagni sem ríkið neyddist til að leggja fram til að endurreisa bankana.

þeim hætti verði „tekið á almennu rekstrarumhverfi fyrirtækjanna í landinu“. Samtímis biðja þeir ríkisvaldið sífellt um meiri fjárfestingar til að örva atvinnulíf og hagvöxt eins og ég hef áður bent á.

Ég tel að það standi upp á þá sem svona tala að sýna fram á það að íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi, sem og í öðrum greinum, geti ekki greitt svipuð opinber gjöld og tíðkast í öðrum löndum. Veiðigjaldið sérstaka er t.d. innan við fimmtungur af framlegð útgerðarinnar á þessu ári. Einnig má benda á að samkvæmt gögnum OECD er hlutfallsleg skattlagning hagnaðar fyrirtækja ekki sérlega íþyngjandi í samanburði við önnur lönd. Ísland var í 25. sæti á síðastliðnu ári yfir skattlagningu hagnaðar fyrirtækja. Norðurlöndin öll voru þar ofar okkur á listanum auk

framlag til uppbyggingar ferðamannastaða og 250 milljóna króna framlag til friðlýstra svæða og uppbyggingar og verndunar slíkra staða. Allt eru þetta liðir í nýrri sókn eftir efnahagshrunið.

Leggjum atvinnulífinu lið

Fjárfestingaráætlunin styður við efnahagsbatann. Hún grundvallast á gjaldtöku af einni helstu auðlind landsmanna og arði af því fjármagni sem ríkið neyddist til að leggja fram til að endurreisa bankana. Hún getur fjölgað störfum verulega. Síðast en ekki síst má líta til þess að nái fjárfestingaráætlunin fram að ganga má gera ráð fyrir að hún skili umtalsverðum tekjum aftur í ríkissjóð eða sem nemur allt að þriðjung þeirrar upphæðar sem upphaflega var lögð í hana.

KRÓNAN

ALPJÓÐLEGI SYKURSÝKIS-DAGURINN!

Komdu í mælingu á morgun þér að kostnaðarlausu!



Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir blóðsykursmælingu í Krónunni Bíldshöfða

14.nóvember frá kl. 13-20

Gríptu tækifærið og láttu athuga þitt blóðsykurhlutfall með einfaldri mælingu, um leið og þú verslar í Krónunni.

Sjálhverfa kynslóðin – lýg ég því?

Samfélagsmál

Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



um að finnast nóg komið af þessu sífellda sífri sjálhverfu kynslóðarinnar um sjálfa sig.

Mér er líka sagt, að eitthvað á áttunda tug bloggara af sjálhverfu kynslóðinni hafi fundið ástæðu til þess að tjá sig á vef Vísis af sama tilefni. Sýnir hversu sjálhverfa kynslóðin er ávallt reiðubúin til þess að tala um sjálfa sig. Ég les yfirleitt ekki blogg. Nenni því ekki. Mér er hins vegar sagt, að meginumfjöllunarefni bloggaranna sé annars vegar að svipta eigi mig lífeyrisréttindum vegna skrifanna. Sjálhverfa kynslóðin vill sem sagt sýna mér í

tvö heimana. Hins vegar vill hún að ég framkvæmi á sjálfum mér líkamlegar þjálfunaráttir, sem öllum lifandi verum er ómögulegt að gera. Svona eru bloggheimarnir. Þess vegna les ég þá ekki. Hef fjarska lítið álit á þeim.

Má vera, að einhverjum hafi fundist ég vera harðorður. Sennilega vegna þess að ég er búinn að fá meira en nóg af stöðugu sífri fólks, sem sér fátt annað en sjálfst sig.

Ég er enginn skjaldsveinn Davíðs Oddssonar. Samt man ég vel eftir ítrekuðum viðvörðunum hans til fólks og fyrirtækja um að

taka ekki lán í öðrum gjaldmiðli en þeim, sem það hefði tekjur í. Tók einhver mark á þeim ráðleggingum meðan fólk hélt að það hagnaðist á því að taka slík lán? Var það fyrr en fólk fór að tapa á því að fylgja ekki ráðleggingunum sem upphófst umræða um að slík lán væru ólögleg? Laug ég því?

Ég sagði í greininni að sextán þúsund Íslendingar, flestir af sjálhverfu kynslóðinni, hefðu verið komnir á vanskilaskrá fyrir hrun vegna þess að þeir lifðu langt um efni fram. Laug ég því?

Hreint ógrynni þátta í ljós-

vakamiðlunum – í Silfri Egils og í Kastljósi – hafa fjallað um skuldamál sjálhverfu kynslóðarinnar. Um það að krafan sé að aðrir borgi. Hversu margir þættir hafa fjallað um vandamál fólksins í Rauðarhöfnunum þessa lands sem situr uppi eignalaust vegna þess að einhverjir fáir einstaklingar töldu sér hag í því að selja burtu lífsbjörgina – og tóku með sér andvirðið? Ég man ekki eftir neinum! Lýg ég því?

Í öllu því ógrynni þátta um vandamál sjálhverfu kynslóðarinnar hefur þá nokkurn tíma komið til umræðu sá skaði, sem einstaklingar af þessari kynslóð undir heitinu „þjónustufulltrúar“ ullu gömlu fólki með ítrekuðum upphringingum þar sem hvatt var til þess að gamla fólkið ráðstafaði aleigu sinni til áhættusjóða í vörslu annarra „útrásarvíkinga“ af sömu kynslóð sem síðan töpuðu hverri einustu krónu nema þeim, sem þeir komu undan í skattaskjól fyrir sjálfa sig? Ég þekki margt slíkt gamalt fólk sem tapaði ævitekjunum á þennan hátt. Lýg ég því?

Ég veit ekki betur en að stór hópur fólks af sjálhverfu kynslóðinni sem nýtti sér foreldra, vini og vandamenn til þess að taka lán út á sínar eignir og ráðstafa þeim í þeirra þágu krefjist þess nú að allsendis ókunnugt fólk borgi skuldarnar við foreldra, vini og vandamenn, sem það sjálf telur sig ekki hafa efni á að borga. Lýg ég því?

Sjálhverfa kynslóðin myndar þorra íslenskra kjósenda. Valdi ekki þorri þessara kjósenda þá til forystu fyrir þjóðina, sem einkavæddu bankana, neituðu að samþykkja að fjármunir mættu vera í félagslegri eigu sem síðan rústaði sparissjóðina og aflétu opinberum eftirlitsskyldum með fólki og fyrirtækjum vegna þess „að eftirlitsaðurinn væri sem myllusteinn um háls heilbrigðs rekstrar“. Lýg ég því?

Ætlar þessi sami meirihluti sjálhverfu kynslóðarinnar ekki aftur að leiða þá til valda á Íslandi sem öðrum fremur bera ábyrgð á hinu „svokallaða hruni“? Af hverju? Af því að sjálhverfa kynslóðin heldur að þannig geti hún best tryggt að einhverjir aðrir – lífeyrisþegar, framtíðin eða hinir skattborgararnir – verði látnir axla skuldabyrði hennar. Lýg ég því líka?


Ég er nú kominn á áttræðisaldur að greiða síðustu afborganirnar af verðtryggðu láni okkar hjónanna vegna húsbýggingar okkar. Enginn hefur gefið okkur þá eign. Það, sem bjargaði okkur þegar verðbólgan óx upp í háa tveggja stafa tölu – sem sjálhverfa kynslóðin hefur aldrei séð – var verðtryggingin. Hennar vegna var greiðslubyrðinni velt yfir á síðari tíma, sem ella hefði orðið okkur óbærileg. Sjálhverfa kynslóðin vill hins vegar að fólk láni henni peninga án þess að geta fengið andvirði lánsins aftur til baka. Með öðrum orðum – að aðrir gefi henni peninga. Lýg ég því?

Aldrei kom mér eða minni kynslóð til hugar að segja að reglulegt gengishrun íslensku krónunnar í okkar tíð væri „forsendubrestur“ og að þess vegna ættu aðrir Íslendingar að borga. Nú krefst „sjálhverfa kynslóðin“ slíks. Lýg ég því?

Ég hef tekið þátt í stjórnmálum á Íslandi í á fjórða áratug – sem þingmaður, sem ráðherra, sem ritstjóri á pólitísku málagnni. Ég viðurkenni fúslega, að ég þekki þessa þjóð ekki lengur. Því lýg ég ekki!

Körfurarnar eru afhentar í sellófani með fallegri slaufu. Einnig bjóðum við fallega ostakassa til að senda til viðskiptavina og starfsfólks innanlands.

Pantaðu ostakörfu á www.ms.is. Einfalt, fljótlegt og þægilegt.



Landsskipulagsstefna



Landsskipulag
Stefán Thors
forstjóri
Skipulagsstofnunar

Einar Jónsson
verkefnisstjóri

búsetumynstrið og hafið, markmið og leiðir að markmiðum. Þá var gerð grein fyrir framkvæmd stefnunnar, s.s. hlutverki einstakra ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga og annarra eftir því sem við á.

Áherslur í fyrstu landsskipulagsstefnu og helstu forsendur

Samkvæmt reglugerð um landskipulagsstefnu ákveður umhverfissráðherra á hvað skuli leggja áherslu í landsskipulagsstefnu. Áherslurnar geta varðað t.d. landshluta, landgerðir, gæði byggðar, menningarlandslag, loftslagsmál eða náttúruvá. Þetta

gerir ráðherra í upphafi kjörtímabils.

Í fyrstu landsskipulagsstefnu ákvað umhverfissráðherra í september 2011 að leggja skyldi áherslu á:

- Skipulagsmál á miðhálandi Íslands
- Búsetumynstur og dreifingu byggðar
- Skipulag á haf- og strandsvæðum
- Áður en og um leið og stefnan var mörkuð voru forsendur skoðaðar vel. Í tengslum við gerð landskipulagsstefnunnar var tekið saman, eins og reglugerðin mælir fyrir um:
- Yfirlit um stefnu stjórnvalda

í málaflokkum sem varða landnotkun

- Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála
 - Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags
- Auk þess var unnin sérstök skýrsla um ferðamennsku á miðhálandi Íslands.

Auglýst tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2024

Skipulagsstofnun hefur auglýst tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024 og frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út 20. nóvember næstkomandi. Stofnunin

hvetur eindregið til þess að allir þeir sem hafa áhuga á eða hafa hagsmuna að geta taki þátt í mótun stefnunnar og sendi inn athugasemdir. Það á jafnt við almenning, frjáls félagasamtök, hagsmunasamtök á sviði atvinnuvega, sveitarfélög og stofnanir. Fulltrúar þessara aðila hafa verið virkir í samráðsferlinu við mótun landsskipulagsstefnu á fyrri stigum og því er mikilvægt að fylgja því eftir í hinu formlega auglýsingaferli. Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar og Landsskipulag.is og sem fyrr segir er öllum frjálst að gera athugasemdir.

Skipulagsstofnun auglýsti 25. september síðastliðinn tillögu að fyrstu landsskipulagsstefnu til tólf ára. Í þessari grein er gerð í stuttu máli grein fyrir tilurð stefnumótunar um landnotkun á landsvísu og vinnu við þá tillögu sem nú er í kynningu.

Stefnumörkun um landnotkun á landsvísu er þekkt víða um heim en undir ólíkum formerkjum. Hér á landi voru í fyrsta sinn árið 2010 sett í lög ákvæði um landsskipulagsstefnu en þau má rekja til frumvarps til skipulags- og byggingarlaga frá árinu 1990 sem varð að lögum árið 1997. Þar eru ákvæði um áætlanir um landnotkun á landsvísu og nauðsyn þess að gögn um þær áætlanir séu fyrir hendi.

Niðurstaðan varð sú að Alþingi markar með ályktun sinni landskipulagsstefnu þar sem áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun eru samþættar og stefnan útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Áhrif landsskipulagsstefnu

Með landsskipulagsstefnu er ekki verið að mæla fyrir um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun heldur verið að marka almenna stefnu sem byggir á áherslum umhverfis- og auðlindaráðherra, samráðsferli og samþættingu áætlana á landsvísu.

Sveitarfélögin skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn hins vegar að ekki beri að taka mið af henni skal hún færa rök fyrir þeirri afstöðu þegar aðalskipulagið er sent Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Mótun tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024

Tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2024 var mótuð í virku samráði við sveitarfélög og samtök þeirra, opinberar stofnanir og hagsmunasamtök. Ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipaði um gerð landskipulagsstefnu, skipuð fulltrúum ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hefur komið að vinnu við gerð landsskipulagsstefnu og hefur verið Skipulagsstofnun til ráðgjafar um vinnslu hennar.

Stofnaður var sérstakur samráðsvettvangur vegna mótunar landsskipulagsstefnu og óskað var eftir tilnefningum frá sveitarfélögum og samtökum þeirra, opinberum stofnunum, fyrirtækjum sem sinna uppbyggingu og rekstri grunngerðar og samtökum á sviði atvinnuvega og náttúru- og umhverfisverndar. Jafnframt voru helstu skjöl í ferlinu kynnt á heimasíðu landsskipulagsstefnu og þar gafst færi á að bregðast við og gera athugasemdir. Þá var birt auglýsing í dagblöðum þar sem almenningi var boðið að skrá sig á vettvanginn til að geta þannig fylgst með.

Fundir voru haldnir á samráðsvettvangi og voru þeir auglýstir í fjölmiðlum og öllum frjálst að taka þátt. Á fundunum var fjallað um lýsingu fyrir verkefnið, sviðsmyndir og stefnumörkun. Skilgreindir voru umhverfisþættir og lagt mat á umhverfisáhrif einstakra sviðsmynda. Á grundvelli umhverfismatsins og áherslna úr samráðsvinnu voru valin atriði úr sviðsmyndum sem voru útfærð í stefnunni.

Skilgreind voru leiðarljós fyrir áherslumálin – miðhálandið,

DIWALI

hátíðarmatseðill

4.990 kr.

5.990 kr. (fös.-lau.)

FORRÉTTUR

Anarkali Machhli
Léttkryddaðar laxabollar með lauk, hvítlauk, chillí, kúmmíni og ferskum kóríander

AÐALRÉTTIR

Shikandari Gosht
Safaríkt lambafillet, marínerað í ferskri myntu, tómatauki, chillí, fennelfræjum, kúmmíni og kewra-vatni

og

Murgh Rajasthani
Maríneraðar kjúklingalundir með engiferi, hvítlauk, kúmmíni, kardimomnum, negul og hvítum pipar.
Uppáhald frá eyðimörkinni í Rajasthan

og

Hyderabadí do Piaza
Blómkaál og brokkolí eldað með tómatauki, lauk, chillí, kóríander og túrmeríki

MEDLÆTI

Raitha
Heimalögud jógurtsósa með gúrkum og kryddblöndu

og

Basmati-hrísgrjón

og

Naan-brauð
Garlic Naan með hvítlauk, Masala Kulcha með kúmeni, lauk og kóríander

EFTIRRÉTTUR

Mango Kulfi
Indverskur eftirrettur

DIWALI – HÁTÍÐ LJÓSSINS

Lokadagur Diwali er 18. nóvember

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjórtu. Við hjá Austur-Indíafélaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil frá og með 18. október til 18. nóvember á afar góðu verði: 4.990 kr. virka daga og 5.990 kr. á föstudögum og laugardögum.

Þökkum frábærar móttökur.

Borðapantanir í síma 552 1630.

Chandrika Gunnarsson hjá Austur-Indíafélaginu býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.

Hverfisgata 56, 101 Reykjavík
Sími: 552 1630
www.austurindia.is

Opið:
sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT



Jóhönnuð atburðarás

Fjármál

Sigríður Andersen

héraðsdómslögmaður og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins



Hér í blaðinu fyrir helgi svaraði Jóhann Hauksson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, grein minni um þátt Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra í kipp sem útlán Íbúðalán-sjóðs (ÍLS) tóku á mánuðunum fyrir bankahrunið 2008. Upplýsingafulltrúinn segir að ég hafi „ýjað“ að því að Jóhanna hafi með aðgerðum sínum gínt fjölda fólks út í fasteignaviðskipti á mánuðunum fyrir hrun. Hið rétta er þó að ég ýjaði ekki að þessu heldur fullryti ég þetta enda liggja staðreyndir málsins fyrir. Það er engin ástæða til að fara í kringum þetta eins og köttur kringum heitan graut.

Útlán ÍLS jukust hratt eftir að Jóhanna hafði fengið það samþykkt í ríkisstjórn vorið 2008 að hækka hámarkslán sjóðsins og rýmka veðsetningarheimildir. Þessu til viðbótar var hluti lántökukostnaðar vegna kaupa á fyrstu búð fellður niður.

Upplýsingafulltrúinn reynir í grein sinni að breiða yfir þátt Jóhönnu Sigurðardóttur í þessu máli og koma ábyrgð hennar sem fagráðherra yfir á þáverandi forsætisráðherra, þótt ÍLS hafi heyrt undir hennar ráðuneyti. Það er ekki mikil reisin yfir þeirri tilraun en hún er svo sem í stíl við

pólítiska ákæru vinstri flokka-anna á hendur þessum sama einstaklingi fyrir Landsdómi. Þessi breyting á útlánareglum ÍLS var á forræði Jóhönnu. Sjálf sagði Jóhanna í þingræðu 23. maí 2008 að „sú sem hér stendur er ráðherra hús-næðismála.“

En þrátt fyrir þessa tilraun til að draga úr hlut hús-næðismálaráðherra reynir fulltrúinn jafnframt að réttlæta auknar útlánaheimildir ÍLS með því að þær hafi verið „neyðarráðstöfun“ til að koma í veg fyrir að „fasteignamarkaðurinn botnfrysi“. En það var hins vegar gild ástæða fyrir því að fasteignaviðskipti höfðu nær stöðvast vorið 2008. Lánsfé, sem áður var ofgnótt af, var illfánlegt. Það var fullkomlega eðlilegt að menn héldu að sér höndum um hríð og færðu ekki út í jafn stórar fjárfestingar og íbúðarkaup eru fyrir hverja fjölskyldu. Loftið var byrjað að leka úr fasteignabólunni og við þær aðstæður er lítil áhugi á fasteignakaupum. Sjálf sagði Jóhanna hús-næðismálaráðherra í fyrrnefndri þingræðu um stöðuna á fasteignamarkaðinum að „alþjóðleg fjármálakreppa“ væri hafin. Hvernig gat það gerst að hús-næðismálaráðherra, sem gerir sér grein fyrir kreppunni, greip til aðgerða sem miðuðu að því að lokka fólk út í hús-næðiskaup?

Einhverfa hjá börnum – Hvað er til ráða?

Heilbrigðismál

Dr. Evald Sæmundsen

sviðsstjóri á einhverfusið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins



Í grein frá 31. ágúst færði ég rök fyrir því að brýn þörf væri á breytingum í íslenska þjónustukerfinu í tengslum við mikla fjölgun tilvísana vegna einhverfu og einhverfurófsraskana á Greiningarstöð og einnig í auknu mæli á BUGL. Hér verður reynt að skýra nánar hvað átt er við. Til að gera textann læsilegri, þá er hugtakið einhverfa notað yfir allar raskanir á einhverfurófi.

Eftir því sem fleiri börn og unglingar greinast með einhverfu og því eldri sem þau eru við greiningu, því fleiri eru talin með „vægara“ form einhverfu eins og ódæmigerða einhverfu eða Aspergers heilkenni. Börnin sem greinast seint sýna auk þess almennt betri frammistöðu við þroskaþrófanir en þau sem greinast snemma á lífsleiðinni. Vegna þessara tengsla er oft ályktað ranglega um styrkleika einhverfueinkenna út frá vitmunþroska, eins og fullkomin samsvörðun sé milli þroska og einkenna sem er ekki. Slík ályktun bjargar þarfir þessa hóps því þekkt er að börn sem eru vitmunalega sterk geta haft afar hamlandi einhverfueinkenni.

Það er hópurinn sem greinist tiltölulega seint, eða á grunnskólaaldri, sem ber uppi umtalsverðan hluta aukningar á fjölda greindra tilvika. Það er sá hópur sem helst er vísað frá Greiningarstöð og það er að öllum líkindum sami hópur sem bíður í 2-3 ár eftir greiningu á BUGL um þessar mundir. Mörg þessara barna hafa áður verið greind með aðrar þroska- eða geðraskanir og sum þeirra hafa samsettan vanda sem bæði getur verið erfitt að greina og flókið að sinna. Gera þarf ráð fyrir því að hluti þeirra þurfi geðheilbrigðisþjónustu án þess að þar með sé fullrytt að þau þurfi öll á þjónustu BUGL að halda. Bæði Greiningarstöð og BUGL eru þriðja stigs

stofnanir sem eiga að sinna alvarlegum vandamálum sem tengjast uppvexti barna hvort sem þau eru skilgreind út frá frávikum í taugaþroska, geðröskunum eða bráðum veikindum.

En málið snýst um svo margt annað en Greiningarstöð og BUGL. Í framvarðarsveit er heilsugæslan sem meðal annars hefur það hlutverk að fylgjast með þroska og hegðun hjá börnum. Þar hefur átt sér stað metnaðarfullt endurskipulag á starfsháttum ungbarnaeftirlits, meðal annars með innleiðingu nýrra skimunartækja. Viðbúid er að þessar breytingar geti leitt til fjölgunar í tilvísunum vegna barna með möguleg þroskafrávik. Á Höfuðborgarsvæðinu gegnir Þroska- og hegðunarstöð (ÞHS) mikilvægu hlutverki sem felst í að vera eins konar millistig

ólíkar þarfir. Sömuleiðis getur barn með einhverfugreiningu haft mun minni þjónustubarfir en barn sem hefur fengið greiningu um ódæmigerða einhverfu eða Aspergers heilkenni. Það er afar brýnt að þeir sem úthluta fjármagni til sérkennslu átti sig á þessu, sérstaklega innan grunnskólanna sem iðulega gera kröfuna um ICD-10* greiningu að skilyrði fyrir stuðningsúræðum við hæfi.

Síðasti leggurinn í ferli tilvísana vegna einhverfu á Greiningarstöð er oftast frá sérfræðipjónustu sveitarfélaga, ekki síst fyrir börn á grunnskólaaldri (46% árið 2011). Með nýrri reglugerð um sérfræðipjónustu skóla (584/2010) hefur aukinni ábyrgð verið varpað á þetta þjónustustig. Það er einmitt þessa þjónustu sem þarf að styrkja varðandi greiningu, ráðgjöf,

“ Þegar börnum með einhverfu sem fá þjónustu á leikskólastiginu fjölga verður til aukin þekking sem aftur er líkleg til að skila sér í auknum fjölda barna sem eru talin þurfa þjónustu og fyrr.

milli heilsugæslu og sérfræðipjónustu sveitarfélaga annars vegar og þriðja stigs þjónustu (Greiningarstöð og BUGL) hins vegar. ÞHS er einmitt drjúgur tilvísandi yngstu aldurshópanna þar sem grunur leikur á einhverfu og hafa ÞHS og Greiningarstöð samhæft þjónustu sína, meðal annars til að stytta biðtíma og til að forðast endurtekningu.

Þegar börnum með einhverfu sem fá þjónustu á leikskólastiginu fjölga verður til aukin þekking sem aftur er líkleg til að skila sér í auknum fjölda barna sem eru talin þurfa þjónustu og fyrr. Það er reyndar lykilmáttíðni við skipulag þjónustu fyrir yngstu aldurshópna að hengja sig ekki í kröfuna um „endanlega greiningu“ áður en hægt er að hefjast handa. Þannig er ICD-10* greining til margra hluta nýtsamleg, en segir afar lítið um þarfir viðkomandi barns. Tvö börn með sömu greiningu, til dæmis einhverfu, geta haft mjög

fræðslu, meðferð og rannsóknir. Þverfagleg landshlutateymi sem hafa skilgreind tengsl við heilsugæsluna, sérfræðipjónustu skóla, félagsþjónustu og barnavernd með Greiningarstöð og BUGL sem bak-hjarla eru ein af þeim lausnum sem þarf að skoða bæði í velferðar-ráðuneytinu og hjá Samtökum sveitarfélaga. Slík landshlutateymi mundu hafa þekkingu á einhverfurófinu og gætu að einhverju leyti sinnt þeim stóra hópi sem nú sligar þriðja þjónustustigið, ásamt því að skipuleggja samfellda eftirfylgd upp í framhaldsskóla. Þegar kemur að landshlutateyminum verður partur af lausninni að hugsa ekki aðeins út frá sjúkdómum, þroska- eða geðröskunum, náms- eða hegðunarvandamálum, heldur einnig út frá lýðheilsu. Þannig verða engar þarfir barna óviðkomandi íslenska þjónustukerfinu.

*Greiningar- og flokkunarkerfi Alþjóða heilbrigðismála-stofnunarinnar

Skór á alla fjölskylduna í Flexor



Stærðir 36-41
10.990



Stærðir 36-41
10.990



Stærðir 20-27
3.990



Stærð 36-41
9.530



Stærð 36-41
6.990

Tæknimenntun vanmetin

Menntamál

Július Karlsson

formaður stjórnar Félagsráðgjafarverkfræðinga



Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) varar sterklega við fyrirætlunum niðurskurði til verkfræði-, iðni-, og tæknimenntunar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013.

Skortur á starfsfólki með tæknimenntun mun að breyttu hægja á hagvexti og uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Í niðurstöðum könnunar sem Samtök iðnaðarins gerðu nýlega meðal 400 fyrirtækja hér á landi kom fram að íslenskt atvinnulíf þarfnast tvö þúsund nýrra tækni- og háskólamenntaðra starfsmanna á næstu árum til að styðja við vöxt sinn og þróun. Langmest var þörfin talin fyrir raunvísinda-, tækni- eða verkfræðimenntað fólk. Mikil eftirspurn er þegar eftir tæknimenntuðu fólki og hefur staða mála neytt mörg hátækni-fyrirtæki til að flytja starfsmenn úr landi eða að takmarka umsvifin á Íslandi. Verkefnum hjá íslenskum verkfræði- og þjónustufyrirtækjum, sem fækkaði tímabundið eftir hrun, hefur smám saman fjölgað

aftur m.a. með sókn á erlenda markaði. Í nýlegri skýrslu Íslandsbanka um íslenska orku-markaðinn kemur jafnframt fram að við stöndum aftarlega í samanburði við aðrar þjóðir þegar hlutfall tæknimenntaðs fólks á aldrinum 25-35 ára er skoðað.

Tæknimenntun hefur setið eftir í samanburði við hug- og félagsvísindi

Í kjölfar efnahagshruns var rætt um að tími væri til kominn að leggja traustari grunn að framtíð íslensks atvinnulífs. Áherslan skyldi meðal annars vera lögð á nýsköpun og tæknimíðaða verðmætasköpun. Á árinu 2008, áður en niðurskurður til háskólanáms hófst, var fjármagn með hverjum háskólanema á Íslandi aðeins 56% af þeim framlögum sem fylgdu meðalháskólanema á Norðurlöndum. Síðan þá hefur raunvirði nemendaígildis í tæknigreiningu verið lækkað um 32% á meðan sambærilegt raunvirði framlags til nemanda í hug- og félagsvísindum hefur verið lækkað um 21%. Sú skerðing sem háskólageirinn hefur orðið fyrir hefur því komið verr niður á tæknigreiningu þrátt fyrir umræðu um hagvöxt byggðan á tæknivæddu atvinnulífi.

Nútímasamfélag kallar á sífellt meiri þekkingu og getu tæknimanna

Þau samfélög sem byggja efnahag sinn á tæknilegri verðmætasköpun, eins og Þýskaland og Kanada, hafa komið best út úr efnahagsáfallum síðustu ára. Svíþjóð og Finnland hafa með slíkum áherslum náð hvað bestum árangri í að byggja upp atvinnulíf sitt eftir efnahagslæggðir. Mikilvægur þáttur á bak við árangur þessara landa er sú ákvörðun stjórnvalda að styðja við menntun í tæknigreiningu og rannsóknir á þeim sviðum. Stefna íslenskra stjórnvalda, sem birtist í fjárlaga-frumvarpi næsta árs, virðist aftur á móti vera önnur. Samkvæmt frumvarpinu á að skera niður framlög til tæknimenntunar enn frekar. Fyrirtæki sem starfa m.a. við orkuveirann, framleiðslu og mannvirkjagerð eru því uggandi.

Til þess að byggja upp fjölbreytt og þróttmikið atvinnulíf þarf að bæta í fjárveitingar til tæknimenntunar, ekki draga úr. Stjórn FRV skorar því á stjórnvöld að snúa þessari þróun í rétta átt og auka við fjárfrelög til tæknimenntunar í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi.

Grein þessi er efnislega samhljóða bréfi til fjárlaganefndar Alþingis.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GOTT RÁÐ

Lárpera (avókadó) er holl og góð. Hún er notuð í mexíkóskt guacamole en einnig er hún góð í forrétti, til dæmis rækjukokteil. Ef lárperan er ekki nægilega þroskuð er gott ráð að setja hana í poka með einu epli og láta liggja daglangt á eldhúsborðinu.



Rodalon sóttreinsun

- Gegn myglusveppi
- Eyðir lykt úr fatnaði

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



LÉTTIR réttir

LÉTT BURRITO
395 kcal.

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is



CROSSFIT XY OPNAR Í GARÐABÆ

CROSSFIT XY KYNNIR Nýopnuð crossfit-stöð að Miðhrauni 2 í Garðabæ býður upp á frábær opnunartilboð. Þar er lögð áhersla á faglega þjálfun í skemmtilegu og jákvæðu umhverfi. Grunnnámskeið hefjast á morgun.

soo.dk
soo young - soo cool

Allt að
70%
afsláttur

friendtex



Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2878 • opið mán.-fös. kl. 11:00-18:00, lau. 11:00-15:00
friendtex.is • praxis.is • soo.dk

CrossFit XY er nýopnuð crossfit-stöð að Miðhrauni 2. Þar er 640 fermetra æfingarymi sem skiptist í tvo stóra sali fyrir hóptíma og einn minni sem hentar betur fyrir smærri hópa og einkaþjálfun. „Utandry er svo greiður aðgangur að hlaupastígum í hrauninu í kring og stutt í Heiðmörkina. Þá er einnig boðið upp á aðgang að heitum og köldum potti og mögulegt að bóka tíma í nudd,“ segir Unnar Helgason yfirþjálfari CrossFit XY.

Crossfit er skemmtilegt og öflugt þjálfunarkerfi sem skilar einstökum árangri og bættri heilsu. „Crossfit byggist upp á stöðugt breytilegum æfingum sem búa okkur undir að takast á við líkamlegar áskoranir af hvaða tagi sem er. Við hlaupum, róum, notum lóð, ketilbjöllur, bolta og eigin þyngd svo eitthvað sé nefnt. Þar sem crossfit er samsett úr mörgum íþróttgreinum þurfa allir að huga vel að grunnatriðum crossfit-æfinga. Við leggjum því ríka áherslu á að iðkendur ljúki grunnnámskeiði áður en þeir byrja að

sækja opna tíma í crossfit.“

Árangur er mælikvarði á velgengi og hvati til að halda áfram. „Í crossfit er árangurinn mælanlegur. Ákveðnar æfingar eru framkvæmdar og árangurinn mældur. Þar eru svo endurteknar síðar og bornar saman við fyrri mælingar. Þannig getur fólk fylgst með framförinni og séð árangurinn í tölum. Það er ótrúlega gaman að fylgjast með fólki komast í form sem það gat ekki ímyndað sér að það myndi komast aftur í.“

Grunnnámskeið hefjast hjá CrossFit XY á morgun þar sem hægt er að velja um fjóra mismunandi tíma. „Við erum enn að taka á móti skráningum og bjóðum upp á sérstök opnunartilboð þar sem einn mánuður í crossfit fylgir frítt með hverju grunnnámskeiði.“

CrossFit XY er opið alla virka daga frá 05.45 til 20.45 og á laugardögum frá 9 til 15 en lokað er á sunddögum. „Við hvetjum fólk til að líta inn og kíkja á stöðina.“ Hægt er að sjá stundatöflu ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum um stöðina á www.crossfitxy.is.

GÓÐ HREYFING Crossfit er skemmtilegt og öflugt þjálfunarkerfi sem skilar einstökum árangri og bættri heilsu.
MYND/GVA

OPNUNAR- TILBOÐ

Grunnnámskeið hefjast á morgun og hægt er að velja um fjóra mismunandi tíma. Boðið er upp á sérstök opnunartilboð þar sem einn mánuður í crossfit fylgir frítt með hverju grunnnámskeiði. Nánar á www.crossfitxy.is



Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á áðra. Margir lðjubjálfarar, sjúkrajálfarar og lækna hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gífsloft.

Vilji
vilji.is

...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stíllanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



JEPPEDEKK

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga





Vönduð amerísk heilsársdekk
 - stærðir 31- 44 tommur
 - slitsterk
 - neglanleg
 - má míkróskera
 - frábært veggrip

Gott verð!

Skjót og góð þjónusta!

Dekkjaverkstæði á staðnum.
 Þjóðum alla almenna dekkþjónustu.

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

PRÓFIN NÁLGAST

ÁLAGSTÍMI Um leið og jólaundirbúningur fer að hefjast fara þeir sem eru í námi að huga að prófum. Þá er mikilvægt að hugsa vel um sál og líkama.

Nú fer tími prófa að renna upp hjá mörgum. Margir finna fyrir einhverri spennu eða kvíða fyrir próf en það þarf ekki endilega að vera neikvætt. Gera þarf greinarmun á milli hvetjandi kvíða sem gerir það að verkum að við erum tilbúin að leggja meira á okkur en alla jafna og hins vegar kvíða sem er lamandi og kemur í veg fyrir árangur. „Ein ástæða streitu á próftímabili getur verið sú að nemandi telur sig vera illa undirbúinn undir prófið og verður þar af leiðandi óöruggur varðandi efnið. Það er ýmislegt hægt að gera til að gera próftímabil markvisst og árangursríkt,“ segir Jónína Ó. Kárdal, náms- og starfsráðgjafi hjá Háskóla Íslands.

Nú um miðjan nóvember er enn nægur tími til að undirbúa sig fyrir prófin með því að skipuleggja sig vel og forgangsraða fyrirliggjandi verkefnum. Náms- og starfsráðgjafa er að finna á öllum skólastigum og hægt er að leita til þeirra ef viðkomandi vill fá aðstoð við undirbúning prófa. „Prófundirbúningi má skipta í þrennt; skipulag og námstækni, efnislegan undirbúning og persónulegan undirbúning. Skipulag og námstækni fela meðal annars í sér að gera tímaáætlanir, forgangsraða verkefnum og ríffa námsefnið reglulega upp. Einnig er nauðsynlegt að gæta að lengd á vinnulotum og velja heppilegt námsumhverfi.“

Jónína segir nemendur á öllum skólastigum fá margar vísbendingar frá kennurum um hvað eigi helst að leggja áherslu á í námsefninu og hvernig eigi að undirbúa sig efnislega. Vísbendingarnar geta meðal annars falist í þeim glærum sem kennarar láta nemendum í té, kennsluáætlunum og eldri prófum. „Hægt er að líta á próf sem ákveðið verkefni eða mælikvarða á þekkingu. Hver og einn reynir að hafa áhrif á gengi í prófum með því að undirbúa sig bæði námslega og persónulega, eins vel og hann getur. Persónulegur undirbúningur felst meðal annars í jákvæðri hugsun og sjálfstali. Þegar við höfum undirbúið okkur vel og segjum við okk-



ur sjálf að við ætlum að gera eins vel og við getum á prófi erum við að hugsa á uppbyggilegan hátt. Rétt er að forðast neikvæðar hugsanir sem einkennast af fullyrðingum á borð við „þetta get ég aldrei“ eða „ég mun aldrei ná að komast yfir allt efnið“ og svo framvegis,“ segir Jónína. Ekki má gleyma að hvíld, góð hreyfing, slökun og hollt mataræði eru þættir sem stuðla að velgengni og huga þarf vel að á próftíma sem og öðrum tímum.

Frekari upplýsingar um prófundirbúning má meðal annars nálgast á vefsíðu Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands, nshi.hi.is.

■ lilja.bjork@365.is

ENN TÍMI Jónína Ó. Kárdal, náms- og starfsráðgjafi hjá HI, segir nemendur enn hafa nægan tíma til að búa sig undir prófin sem brátt skella á.

MYND/ANTON

KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER




JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósín, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasíðir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Atli Bergmann
 atlib@365.is
 512 5457

Benedikt Freyr Jónsson
 benni@365.is
 512 5411

Elsa Jensdóttir
 elsaj@365.is
 512 5427

Jónína María Hafsteinsdóttir
 jmh@365.is
 512 5473

Sverrir Birgir Sverrisson
 sverrirbs@365.is
 512 5432

ÓTTAST TANNLÆKNINN

Rannsóknir sýna að einn af hverjum tíu Norðmönnum er hræddur við að fara til tannlæknis og fer því ekki til hans árum eða áratugum saman.

Margir Norðmenn sleppa því að fara í tanneftirlit árum saman vegna þessa ótta. Norskur tannlæknir, Jon Nordmo, segir að flestir uppgötvi þegar þeir komi loks að tækninni hefur fleygt fram í tækjum sem nútímatannlæknar nota. „Fólk verður hissa yfir hversu auðvelt það er í raun að koma til tannlæknis,“ segir Jon sem hefur starfað sem tannlæknir í 24 ár í samtali við NRK. Hann hvetur fólk til að panta tíma til skoðunar. Þá er hægt að taka röntgenmyndir og meta ástand viðkomandi. Flestir tannlæknar þekkja þennan ótta. Sumir þora vart að opna munninn, aðrir svitna og skjálfa og enn aðrir eru óttaslegnir við sprautu. Einnig er til fólk sem fær innilokunarkennd í stólnum. Best er að koma reglulega til tannlæknis því það kemur í veg fyrir meiriháttar viðgerðir. Hægt er að halda tönnunum heilbrigðum með reglulegu eftirliti. Tannlæknirinn segir að margir kostir séu í boði fyrir þá sem þjást af alvarlegum kvíða. Hægt sé að gefa lyf



sem hefur róandi áhrif en stundum gagnast að hafa róandi tónlist í eyrunum á meðan viðgerð er framkvæmd. Tannlæknirinn metur hvað hentar hverjum og einum. Gott er að láta vita af hræðslunni strax. Þá er hægt að grípa til nauðsynlegra hjálpargagna og heimsóknin verður þægileg fyrir alla aðila.

NÚTÍMA TANNLÆKNASTOFA

Á undanförunum árum hefur tækjabúnaður tannlækna breyst mikið jafnframt því sem tækninni hefur fleygt fram.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
 Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Samfylkingin í Reykjavík

FLOKKSVÁL

16. OG 17.
NÓVEMBER
2012

Netkosning fer fram á www.samfylkingin.is eða í Laugardalshöllinni

Flokksval Samfylkingarinnar í Reykjavík vegna alþingis-kosninganna 2013 fer fram með netkosningu föstudaginn 16. og laugardaginn 17. nóvember. Kosning fer fram á heimasíðu Samfylkingarinnar, samfylkingin.is og þar eru leiðbeiningar um hvernig netkosning fer fram ásamt upplýsingum um flokksvalið og frambjóðendur. Kosningarétt hafa flokksfélagar í Samfylkingarfélagunum í Reykjavík sem höfðu skráð sig fyrir lokun kjörskrár.

Kjörstaður í Laugardalshöll 17. nóvember

Fyrir þá sem þurfa aðstoð við kosninguna, hafa ekki aðgang að tölvu eða nota ekki heimabanka verður kjörstaður í Laugardalshöll laugardaginn 17. nóvember. Þar verður opið kl. 10.00-18.00 og ilmandi kaffi á könnunni.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Peir sem ekki eiga þess kost á að mæta á kjörstað á laugardaginn geta kosið utan kjörfundar á skrifstofu Samfylkingarinnar á Hallveigarstíg 1, 2. hæð. Þar er gott aðgengi fyrir alla. Utankjörfundaratkvæðagreiðslan er opin 12.-15. nóvember kl. 16.00-19.00 og föstudaginn 16. nóvember kl. 14.00-19.00.

Kjósendur í flokksvalinu velja frambjóðendur í bæði Reykjavíkurborg og Kjördæmin. Þeir tveir frambjóðendur sem fá flest atkvæði munu skipa forystusætin, hvor á sínum framboðslistanum. Kjósendur skulu velja átta frambjóðendur, hvorki fleiri né færri. Átta efstu sætin eru bindandi að teknu tilliti til jafns kynjahlutfalls.

Samfylkingin



Freyja 7.-8. sæti Helgi 2. sæti Hrafnhildur 5. sæti Mörður 3. sæti Ósk 6. sæti Sigríður 1.-2. sæti Skúli 2.-3. sæti Teitur 4.-5. sæti Valgerður 1.-2. sæti Össur 1. sæti Anna 3.-4. sæti Arnar 4.-5. sæti Björk 3.-4. sæti

FREYJA STEINGRÍMSDÓTTIR

7.-8. SÆTI

Heilbrigðari stjórnsmál

Freyja Steingrimsdóttir stígur ung og fersk fram á svið stjórnsmálanna með háleitar hugmyndir og skoðanir á málefnum hins íslenska samfélags. Lýðræði, jafnrétti og heilbrigð stjórnsmál eru Freyju efst í huga en sér í lagi leggur hún áherslu á aðkomu unga fólksins að hinum hefðbundnu stofnunum lýðræðisins.

Brúum kynslóðabilið

Freyja leggur áherslu á að brúa kynslóðabilið í íslenskum stjórnsmálum, stuðla að virkri umræðuhefð og auka traust almennings, einkum ungs fólks, á stjórnsmálum með heilbrigðari starfsháttum. Jafnframt eru málefni og hagsmunir ungmenna Freyju hugleiknir en hún vill að stjórnvöld beiti sér sérstaklega fyrir málefnum þeirra, sér í lagi á sviði mennta- og atvinnu-mála.

Stjórnsmálin og flokkarnir eru að eldast, þeir höfða ekki lengur til yngstu kjósendanna. Gjá hefur myndast á milli ungmenna, sem hafa áhuga á stjórnsmálum en finna sig ekki á hinum hefðbundna stjórnsmálavettvangi, og stjórnsmálanna sem stunda gamaldags stjórnsmál og skilja ekki áhugaleysi ungmenna á þeim. Veruleiki ungs fólks kallar á sérstæð hagsmunamál og sértæka fulltrúa.

Gerendahæfni á alþjóðavettvangi

Íslendingar þurfa að halda áfram að vera sterkir gerendur á sviði alþjóðastjórnsmála. Gerendahæfni okkar á taflborði alþjóðasamfélagsins hefur aukist samfara vaxandi sjálfstrausti okkar og höfum við raunverulegt tækifæri til áhrifa á þeim vettvangi. Aukin framlög til þróunaraðstoðar telur Freyja jafnframt vera forgangsráði Aðild Íslands að Evrópusambandinu er Freyju hjartans mál enda telur hún hagsmunum Íslendinga vera best borgið í náinni samvinnu við aðrar Evrópuþjóðir.



Freyja Steingrimsdóttir, stjórnsmálafræðingur, býður sig fram í 7.-8. sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík. Freyja er 23 ára Reykjavíkingur og stundar nú framhaldsnám í hagnýtum jafnréttisfræðum samhliða verkefnavinnu fyrir lektor við stjórnsmálafræðideild HÍ og ýmsum nefndarstörfum.

Áherslumál:

- Málefni yngsta kjósendahópsins: Brúum kynslóðabilið yfir í heilbrigðari stjórnsmál
- Heilbrigðari stjórnsmál: Þverpólitísk samvinna og umræðustjórnsmál
- Jafnrétti fyrir alla: Grundvallaratriði í réttlátu samfélagi jöfnuðar
- Gerendahæfni á alþjóðavettvangi: Beitum okkur á sviði mannúðar- og lýðræðismála
- Ísland og Evrópa: Griðarmikið hagsmunamál fyrir almennig

HELGI HJÖRVAR

2. SÆTI

Forysta jafnaðarmanna

Á föstudag og laugardag gefst okkur í Samfylkingunni kostur á að velja forystu flokksins í Reykjavík. Ég sækist eftir stuðningi ykkar til að leiða annað kjördæmið hér í Reykjavík, en sit nú í öðru sæti á eftir Jóhönnu Sigurðardóttur í Reykjavík norður.

Jafnaðarmenn á hinum Norðurlöndunum hafa haft forystu um uppbyggingu norræns velferðarríkis. Það var reist á rústum kreppunnar miklu. Það skiptir framtíð Íslands öllu máli að endurreisnin hér sé líka undir forystu jafnaðarmanna. Aðeins þannig verða jöfnuðar, almannahagsmunir, þjóðareign auðlinda, öflugt velferðarkerfi og alþjóðleg samvinna í öndvegi. Það fer auk þess vel á því að við sem höfðum forystu um hreinsunarstarfið, leiðum áfram uppbygginguna.

Árangur og umboð

Sígandi lukka er best. Víða um lönd hefur viðsnúningurinn á Íslandi vakið verðskuldaða athygli. Við jafnaðarmenn getum gengið hjart-sýn til kosninga vegna þess góða árangurs sem náðst hefur. Um leið verðum við af eldmóði að vinna úr erfiðleikum sem hópar fólks og fyrirtækja glíma enn við. Þar er stórum verkefnum enn ólokið.

Ég hef á þessu kjörtímabili leitt starf Norðurlandaráðs og haldið utan um efnahags- og skattamál í þinginu. Þá bættust bankamálin við sl. vetur en þar eigum við í Samfylkingunni enn mikið ógert til að bæta úr málum. Í þessum verkum er spurt um umboð. Til þess að ná árangri í þeim þarf maður sterkt umboð frá fólki sínum. Þess vegna sækist ég eftir þínum stuðningi til að leiða annað kjördæmið í Reykjavík.



Helgi Hjörvar er formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og formaður jafnaðarmanna í Norðurlandaráði. Hann hefur verið formaður umhverfisnefndar Alþingis, forseti Norðurlandaráðs og forseti borgarstjórnar og auk þess sinnt öðrum forystuverkefnum m.a. í samtökum fatlaðra.

Munum:

- ad tryggja þarf þjóðareign auðlinda í stjórnskrá og arð af auðlindum í auðlindasjóð.
- ad það er forgangsmál að efla velferðarkerfið og berjast gegn fátækt.
- ad tryggja þarf stöðu almennings gegn bönkunum og aðskilja starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.
- ad launamisrétti kynjanna er útbreiddasta gréttleitið í samfélaginu.
- ad við þurfum gjaldmiðil sem er hvorki verðtryggt, gengistryggt né með okurvöxtum.

HRAFNHILDUR RAGNARSDÓTTIR

5. SÆTI

Ég vil jöfnuð og réttlæti

Ég trúi því að besta leiðin til að skapa sátt á Íslandi eftir bankahrunið sé bein aðkoma fólks að ákvörðunum og upplýsingum. Aðgangur að upplýsingum um hvernig ákvarðanir eru teknar og tækifæri til áhrifa áður en ákvörðun er tekin skiptir öllu. Þá verða stjórnvöld að starfa fyrir opnum tjöldum.

Jafnrétti

Óútskýrður launamunur kynjanna hefur aukist og konur hafa allt að fjórðungi lægri heildartekjur en karlar. Það þarf viðhorfsbreytingu og pólitískan vilja til að útrýma slíku misrétti.

Ég vil berjast gegn kynbundnu ofbeldi og krefst þess að samfélagið segi skýrt nei við ofbeldi gegn konum og öllu öðru ofbeldi. Hlutgerving kvenna, klámvæðing og vændi eru allt samfélagsmein sem ala á ofbeldi gegn konum. Ég vil auka fræðslu til ungs fólks um skaðleg skilaboð kláms og taka upp strangari viðurlög við brotum á jafnréttislögum í auglýsingum. Brot á vændisögum þarf að taka alvarlega og hefja þarf raunverulega baráttu gegn mansali. Ég vil auka fræðslu til almennings og fagfólks innan réttarkerfisins um kynferðisafbrot og taka á þessum brotum í samræmi við alvarleika þeirra.

Ég tel að löngu sé orðið tímabært að bæta kjör námsmanna. Endurskoða þarf núverandi námslánakerfi og búa til hvata fyrir námsmenn að ljúka námi á tilskyldum tíma með því að breyta hluta láns í styrk. Slíkt myndi lækka brottfall í háskólum og skila menntuðu fólki fyrir út á vinnumarkaðinn.

Ég vil að Ísland verði fyrirmynd annarra í skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda, notkun umhverfisvænna orkugjafa og velferðar-samfélag sem gætir hagsmuna náttúrunnar, því þeir eru einnig hagsmunir fólksins.




Hrafnhildur Ragnarsdóttir er 33 ára, formaður Kvinnahreyfingarinnar og fyrrv. framkvæmdastjóri Ungra jafnaðarmanna. Hún er stjórn málafræðingur og hefur starfað við fyrirtækjaraðgjöf PwC, deildarstjóri þjónustuværs Reykjavíkurborgar og nú sérfræðingur á Þjóðskjalasafni.

Áherslumál:

- **Aukið lýðræði:** Auka áhrif fólks og skapa sátt.
- **Leiðréttum launamun:** Útrýma kynbundnum launamun og vinna gegn kynbundnu starfsvali.
- **Nei við ofbeldi:** Berjast gegn kynbundnu ofbeldi.
- **Bætt kjör námsmanna:** Endurskoða lánaþyrirkomulag námsmanna og breyta hluta láns í styrk.
- **Hugsun grænt:** Sjálfbær orkunýting og nýsköpun.

KYNNINGARFUNDUR Í IÐNÓ

Sameiginlegur kynningarfundur frambjóðenda verður haldinn í Iðnó við Tjörnina á morgun miðvikudagskvöldið 14. nóvember kl. 20. Frambjóðendur í flokksvalinu halda framsögu og svara spurningum úr sal. Við hvetjum allt Samfylkingarfólk í Reykjavík til að fjölmenna og kynna sér frambjóðendur og málflutning þeirra.



Landsfundur Samfylkingarinnar

Landsfundur Samfylkingarinnar verður haldinn 1.-3. febrúar 2013. Staðsetning fundarinnar og dagskrá verða kynnt síðar.

Allir félagar í Samfylkingunni eiga sæti á landsfundi með málfrelsi og tillögurétti. Atkvæðisrétt á fundinum hafa fulltrúar aðildarféлага samkvæmt lögum flokksins.

xs.is

Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar

MÖRÐUR ÁRNASON

3. SÆTI

Til þjónustu reiðubúinn

Þingmennskan er áhrifastaða en líka þjónustustarf. Ég vil þjóna í nafni jafnaðarstefunnar. Þið vitið hvað það merkir á okkar tímum: Jöfnuður og jafnrétti einkenna samfélagið, velferð og atvinnulíf haldast í hendur, grænar áherslur móta daglegt líf og sambúð okkar við landið.

Við höfum staðið okkur vel við erfiðar aðstæður frá hruni. Fyrir kosningarnar í vor þurfum við að hafa góða og trúverðuga framtíðarstefnu. Við þurfum að sýna kjósendum að við ætlum að fara í verkin af heilindum og heiðarleik. Ég er reiðubúinn og legg fram reynslu mína, hugmyndir og krafta.

Samtíð

Ég hef verið þingmaður jafnaðarmanna í stjórnarandstöðu 2003–2007 og frá 2010 í meirihluta með Jóhönnu Sigurðardóttur – lagt áherslu á jöfnuð, umhverfisstefnu og náttúruvernd, verið jafnréttissinni og íslenskumáður – hef unnið á þingi í umhverfismálum, menningarmálum, atvinnumálum, Evrópumálum – síðustu misseri verið upptekinn við rammaáætlunina um verndar- og orkunýtingu – lít svo á að greining og gagnrýni sé nauðsynlegur hluti af hollustu við málstaðinn og flokkinn.

Framtíð

Ég vil klára rammann og hefja næsta kafla í atvinnu- og umhverfismálum: Koma á grænu hagkerfi – ljúka viðræðum við Evrópusambandið með samningi og þjóðaratkvæðagreiðslu – vil að atvinnugreinar sem byggjast á sköpun, menntun og menningu verði viðurkenndar sem undirstöðugreinar – að við uppbyggingu velferðarþjónustunnar verði ný hugsun um þriðja æviskeiðið eitt af meginsteffjunum – að Samfylkingin verði forystuaflið í næstu ríkisstjórn.



Mörður Árnason. Mér finnst stjórn málin mikilvæg en íslenskan togar líka. Á lífið framundan en er samt að eldast. Bý á Laugaveginum með Lindu, líður vel í borgum og ekki síður úti í náttúrunni. Afabörnin eru þrjú og stuðningssonur að auki.

Munum:

- **Klassísk jafnaðarstefna er grunnurinn: Frelsi, jafnrétti, bræðralag. Á 21. öld snýst hún líka um kvenfrelsi og umhverfissvitur – jafna stöðu kynjanna og kynslóðanna.**
- **Samfylkingin er meginflokkur í íslenskum stjórn mállum, vinstra megin við miðju, og á að starfa sem slík, með skyldum flokkum og hreyfingum.**
- **„Ég trúi því, sannleiki, að sigurinn þinn / að síðustu vegina jafni.“**

ÓSK VILHJÁLMSDÓTTIR

6. SÆTI

Skapandi hugsun

Mikilvægasta hlutverk stjórn mála er að skapa, og endurskapa sífellt, samfélag þar sem ríkir lýðræði, frelsi og jafnrétti. Stjórn mála eiga að vera skapandi og um leið uppbyggileg, áhugaverð og eftirsóknarverð. Ég tel mikilvægt að sem flestir láti til sín taka á þessum mikilvæga vettvangi.

Umhverfisvernd

Ég hef brennandi áhuga á skapandi hugsun í samfélaginu og umhverfisvernd. Tímarnir kalla á umhverfisvernd, þar eru mikil tækifæri í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu.

Undanfarin sumur hef ég þróað námskeið fyrir börn og unglinga þar sem náttúruupplifun og myndlist fléttast saman. Þeim er ætlað að auka næmi þeirra fyrir náttúrunni og styrkja hæfileika þeirra til að tjá sig.

Ferðaþjónusta: áhersla á gæði

Ferðaþjónusta er ein mikilvægasta stöðin í efnahagslífinu í dag. Þegar vandað er til verka styrkir hún menningu okkar til sjávar og sveita og um leið búsetu í dreifðari byggðum landsins.

Of mikil áhersla hefur verið lögð á fjölda ferðamanna, of lítil á gæði. Skatttekjur, gisti-náttagjald og virðisauki af ferðaþjónustu ættu að renna í auknum mæli til sveitarfélaga svo þau hafi burði til að taka á móti auknum fjölda ferðafólks.

Lýðheilsa

Nauðsynlegt er að ýta undir þá vakningu sem átt hefur sér stað í sambandi við hollt mataræði og hreyfingu, útivist, hjólreiðar ofl. Þessu þarf að fylgja eftir og tryggja lýðheilsu barna og ungmenna.



Myndlistarmaður, leiðsögumaður, rek ferðaþjónustufyrirtæki. Ein af stofnendum Framtíðarlandsins. Sat í stjórn Nýlistasafnsins, stjórnarformaður í nokkur ár. Sit í umhverfisnefnd og flokksstjórn og sat á þingi sem varamaður 2011. Tek þátt í kórstarfi, stunda langhlaup. Gift Hjálmar Sveinssyni. Þrjú börn.

Baráttumál:

- **Náttúru- og umhverfisvernd**
- **Skapandi greinar – skapandi atvinnulíf**
- **Lýðheilsa og menntun**
- **Mannréttindi - jafnrétti kynjanna**
- **Málefni ferðaþjónustunnar**

SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

1.-2. SÆTI

Sanngirni og samvinna

Ég býð mig fram í 1.-2. sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík. Í síðustu kosningum leiddi kona aðeins einn af sex framboðslistum Samfylkingarinnar. Það er óviðunandi fyrir nútímalegan jafnaðarmannaflokk og ég vil leggja mitt af mörkum til að breyta því. Ég er hagfræðingur með áhuga á velferðarmálum, húsnæðismálum og efnahagsmálum. Á yfirstandandi kjörtímabili leiddi ég samráðshóp um nýja húsnæðisstefnu og hef ég verið formaður félagsmálanefndar, fjárlaganefndar og nú velferðarnefndar Alþingis. Í nefndarstörfum hef ég lagt áherslu á samvinnu óháð flokkum þó að ég hræðist ekki hugmyndafræðileg átök.

Við höfum tekist á við afleiðingar efnahagsbrunsins en samtímis breytt áherslum í íslensku samfélagi og aukið jöfnuð. Enn er mikið starf óunnið við að endurreisa íslenskan efnahag og mikilvægt að dreifa byrðunum með réttlátum hætti. Skattakerfinu var breytt til að verja hag lág- og millitekjufólks. Mikilvægt er að standa vörð um þessar breytingar og vinna áfram að sanngjörnu skattakerfi.

Húsnæðis- og velferðarmál

Á næsta kjörtímabili vil ég leggja áherslu á að breyta húsnæðiskerfinu með því að skapa öruggan leigumarkað, draga úr vægi verðtryggingar og lækka vaxtakostnað. Skapa þarf samstöðu um þær breytingar.

Afleiðingar hrunsins hafa óhjákvæmilega reynt á grunnstöðir velferðarríkisins. Álag á starfsfólk er víða mikið, ekki síst á fjölmennar kvennastéttir í heilbrigðis- og menntakerfinu sem hafa haldið íslensku samfélagi gangandi. Með batnandi hag ríkissjóðs vil ég forgangsráða í þágu velferðarþjónustu. Með auknum jöfnuði og félagslegu réttlæti byggjum við betra samfélag.



Sigríður Ingibjörg er hagfræðingur með áhuga á velferðar- og efnahagsmálum. Hún er gift, á fjögur börn og hefur áhuga á fólki. Hægt er að kynna sér stefnu hennar og störf á sigriduringibjorg.is og facebook.com.

Áherslumál:

- **Ný húsnæðisstefna.** Virkan og öruggan leigumarkað, minna vægi verðtryggingar og lægri vexti.
- **Velferðarþjónusta í forgang.** Styrkjum undirstöður velferðarríkisins, sjúkrahús, hjúkrunarheimili, félagsþjónustu og skóla.
- **Sanngjarnt skattakerfi og almannatryggingar.**
- **Ábyrg hagstjórn forsenda velferðar.**
- **ESB-áðild.** Klárur samningaviðræður.

TEITUR ATLASON

4.-5. SÆTI

Saman tökum við þetta

Góðu kjörtímabili að ljúka og nú þarf nýtt fólk í bland við það gamla til að halda áfram. Samfylkingin má ekki verða sama fylkingin aftur og aftur. Ég er tilbúinn að berjast fyrir jafnaðarmannastefnunni og ég vil taka þátt í því að móta réttlátt og fagurt samfélag. Ég hef alltaf stefnt að afskiptum af stjórnárum og tímum er tilvalinn. Ég er óhræddur og ég held að það sé góður eiginleiki í pólitík.

Fulltrúi venjulegs fólks

Ég er ekki í neinni klíku og var ekki í 20 ára afmælisveislu Röskvu. Ætli ég geti ekki talist fulltrúi venjulegra kjósenda Samfylkingarinnar í þessu prófkjöri. Éger gegnheillsósíaldemókrati og sækji pólitískan innblástur til grunnilda jafnaðarmannastefnunnar.

Ég vil færa Samfylkinguna til vinstri, nær kjarnanum, og styrkja tengslin við verkálýðshreyfinguna. Um leið þurfum við að ráða við að vera ósammála um einstök mál, syngja margraddað en í réttum tón. Þannig eru stóru jafnaðarmannaflokkar Norðurlanda og þangað eignum við að sækja okkur innblástur og fyrirmyndir.

Endurnýjun er nauðsynleg

Ég vil koma því á einhvern veginn að fólk sitji ekki á þingi meira en tvö kjörtímabil. Fólk sem tekur þátt í stjórnárum starfi ætti að vera með skýr tímasett markmið. Reynsluboltarnir ættu svo að leggja grasrótinni lið. Stjórnárum eru ekki bara fyrir atvinnumenn eða sérfræðinga – þau eru líka fyrir okkur hin. Það sem þarf er hugrekki og dugnaður, hugsjónir jafnaðarmanna og heilbrigð dómgreind. Þess vegna gef ég kost á mér og sækist eftir 4.-5. sætinu.



Teitur Atlason er fæddur árið 1969 í Reykjavík. Hann er giftur Ingunni Jónsdóttur og saman eiga þau tvo syni, Bessa og Leó. Teitur á unglingsdótturina Auði úr fyrra sambandi.

Áherslumál:

- **Breiðari trygginaverd.** Tannlækningar ættu að vera hluti af velferðarkerfinu.
- **Málfræðisstjórn:** sem hefði það hlutverk að verja blaðamenn og bloggara gegn málshöfðunum.
- **Skatt á ofurlaun:** Fordæmi frá Frakklandi. 75% skatt á ofurlaun
- **Málefni flóttafólks:** Við eigum að taka vel á móti flóttafólki.
- **Einstæðir fedur:** Margir festast í fátæktargildru réttindalausir í svartri vinnu.

SKÚLI ÞÓR HELGASON

2.-3. SÆTI

Sköpum betra samfélag

Samfylkingin hefur stýrt rústabjörgun eftir hrún og höfum við náð miklum árangri í að koma jafnvægi á ríkisfjármálin, sem er forsenda þess að hægt sé að auka velferð og hagsæld í samfélaginu.

Kjarkur gegn tregðu

En verkefni okkar er hvergi nærri lokið. Nú þurfum við að efla innviði almannaþjónustunnar, endurskoða landbúnaðarkerfið, opna kvótakerfið fyrir nýliðun og eðlilegri samkeppni, styrkja neytendavernd ekki síst á fjármála- markaði og bæta þjónustu mennta- og velferðarkerfis. Þetta eru risavaxin verkefni sem útheimta mikið úthald og útsjónarsemi en þó aðallega kjark til að standast tregðulögmál og ágjöf sérhagsmunaafli í samfélaginu. Ég treysti mér vel í þann leiðangur eftir þá dýrmætu reynslu sem ég hef aflað mér á kjörtímabilinu. Ég mun áfram einbeita mér að því að vinna málefnalega, leita lausna og koma góðum hlutum í verk.

Græna hagkerfið vísar veginn

Ég er stoltur af stefnunni um græna hagkerfið þar nýttum við krafta fólks úr öllum flokkum til að móta umhverfisvæna efnahagsstefnu til framtíðar og sýndum fram á að Alþingi getur náð saman um þjóðþrifamál ef vilji er fyrir hendi. Nú erum við að tryggja fjármagn til að hrinda fyrsta áfanga stefnunnar í framkvæmd strax eftir áramót.

Ég hef leitt vinnu við samþættingu mennta- og atvinnustefnu og hún hefur sannfært mig um það að umbætur í menntamálinu eru lykillinn að því að skapa hér á landi fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á nýsköpun og tækniþekkingu. Við þurfum að skapa nemendamiðað menntakerfi, sem virkjar styrkleika allra nemenda og kveikir forvitni þeirra með fjölbreyttum kennsluháttum.



Skúli Helgason var formaður nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins og formaður starfshóps um samþættingu menntunar og atvinnu. Skúli er varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Skúli er 47 ára, kvæntur og fjögurra barna faðir.

Áherslumál:

- **Græna hagkerfið sameinar verðmætasköpun og umhverfisvernd.**
- **Virkjum heilbrigða samkeppni í sjávarútvegi og landbúnaði.**
- **Skerum upp herör gegn skattsvikum, sem ógna samfélagssáttinn.**
- **Menntakerfið dragi fram styrkleika nemenda og kveiki áhuga þeirra.**
- **Ég vil berjast fyrir bættri meðferð kynferðisbrotamála og öflugri forvörnum.**

VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

1.-2. SÆTI

Þor & þrautseigja

Ég hef setið eitt kjörtímabil á þingi og sækist nú eftir að leiða lista í Reykjavík. Undanfarið hefur aðalverkefnið verið stjórnarskráarmálið. Það var ekki auðveld sigling og stundum hélt ég að við værum komin upp á sker. En okkur tókst alltaf að rétta bátinn af. Vissulega hefur reynt á þrautseigjuna, en af henni hef ég nóg.

Þjóðaratkvæðagreiðslan þann 20. október var stórsigur. Sést það enda á viðbrögðum andstæðinganna sem sumir virðast líta svo á að stjórnárum einir – eða kannski bara einn stjórnárumaflokkur? – hafi leyfi, burði og getu til að gera tillögu að nýrri stjórnarskrá.

Siglum stjórnarskránni í höfn

Á næstu dögum, ef ekki nú þegar, liggur fyrir frumvarp að nýrri stjórnarskrá, byggt á tillögum stjórnlagaráðs. Aðeins skemmdaverk getur komið í veg fyrir að ný stjórnarskrá verði afgreidd á Alþingi fyrir kosningar í vor. Endahnúturinn verður bundinn á næsta kjörtímabili, en nýtt þing lýkur afgreiðslu málsins. Þessu máli vil ég fylgja áfram.

Réttur fólksins

Það er skelfilegt að fólk veigri sér við að standa á rétti sínum gagnvart hinu opinbera. Í skýrslum Umboðsmanns Alþingis kemur fram að sú er virkilega raunin. Þingið hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu, og verður að fylgjast með því að fólk geti treyst stofnunum ríkisins.

Fyrri hluta kjörtímabilsins var ég varaformaður utanríksmálanefndar. Þar hef ég getað fylgst með því að fagmannlega hefur verið staðað að aðildarviðræðum við ESB. Þeim verður að sjálfsgöðu að ljúka áður en málið verður lagt í dóm þjóðarinnar.



Ég hef mikla starfsreynslu: Í einkageiranum, á sviði alþjóðamála og í opinberri þjónustu. Hef verið á vinnumarkaði í tveimur löndum í 35 ár. Hef setið eitt kjörtímabil á þingi og óska eftir umboði til þess að halda áfram að vinna þar að mínum baráttumálum.

Baráttumál:

- **Alþingi samþykki frumvarp að nýrri stjórnarskrá, fyrir kosningar.**
- **Nýtt þing þarf að staðfesta stjórnarskráfrumvarpið.**
- **Fólk má ekki óttast hið opinbera. Þingið verður að fylgjast með því að fólk geti treyst stofnunum ríkisins.**
- **Ljúkum aðildarviðræðum um ESB. Þá segir þjóðin sitt álit.**
- **Við jafnaðarmenn, öll, berjumst fyrir: Jöfnuði, atvinnu og velferð.**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

1. SÆTI

Leiðtoga í 1. sætið

Víð nefnum hér sérstaklega sex ástæður fyrir því að velja Össur Skarphéðinsson í 1. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík til alþingiskosninga vorið 2013:

Í fyrsta lagi er það úrslitaatriði fyrir Samfylkinguna að hafa reyndan samningamann í því liði sem semur um stjórnarmyndun að loknum kosningum.

Í öðru lagi hefur hann fyrir hönd þjóðarinnar stýrt samningum við Evrópusambandið, sem hefur að markmiði að tryggja hagsmuni Íslands í stóru og smáu; stórkona fjárfestingu, stöðugleika í efnahagsmálum, lægri vexti fyrir fjölskyldur og heimili og samkeppnishæft rekstrarumhverfi fyrir heimilin og stór og smá fyrirtæki.

Í þriðja lagi tók Össur frumkvæði að því að Ísland braut í blað og viðurkenndi á síðasta ári fullveldi og sjálfstæði Palestínu.

Í fjórða lagi setti Össur málefni Nordurslóða í forgang í utanríkisstefnu Íslands.

Í fimmta lagi hefur Össur fjölda hugmynda um ný atvinnutækifæri. Hann hefur með stuðningi við sprotafyrirtæki og kvikmyndagerð sýnt hvernig hægt er að efla nýjar atvinnugreinar sem skapa fjölmörg störf.

Í sjötta lagi hefur Össur Skarphéðinsson frá unga aldri verið í hópi þeirra leiðtoga í hreyfingu jafnaðarmanna sem af mestri djörfung hefur haldið á lofti grunnildum sigildrar jafnaðarstefnu.

Össur sameinar helstu kosti góðs leiðtoga; hann er hugmyndaríkur og skapandi stjórnmalamaður – og sérlega samningslipur og leiðandi í hreyfingu jafnaðarmanna. Snjall ræðumaður og hlýr félagi. Hann sýnir í verkum sínum samúð og samstöðu með þeim sem höllum fæti standa og er réttssýnn og sanngjarn við andstæðinga jafnt sem samherja.

Stuðningsmenn Össurar



Össur Skarphéðinsson er einn reyndasti stjórnmalamaður Íslendinga. Hann er kvæntur Árnýju Erlu Sveinbjörnsdóttur prófessor og þau eiga tvær dætur. Við teljum mikilvægt að Össur verði áfram í forystu fyrir hreyfingu jafnaðarmanna.

Við viljum Össur í forystu fyrir:

- samningaumleitunum um nýja ríkisstjórn
- viðræðum Íslendinga við Evrópusambandið
- sjálfstæðri utanríkisstefnu, samstöðu með smáþjóðum og þjóðfrelsi í Palestínu
- kraftmikla atvinnuuppbyggingu á nýju kjörtímabili
- sókn sprotafyrirtækja, ferðaþjónustunnar og skapandi greina

ANNA MARGRÉT GUÐJÓNSDÓTTIR

3.-4. SÆTI

Ákveðin til verka

Baráttunni fyrir betra samfélagi er langt frá því lokið. Aðild að Evrópusambandinu og kraftmikil atvinnuþróun eru meðal mikilvægustu verkefna næstu ára.

Valkostur við stóriðjustefnu

Atvinnumál eru velferðarmál. Það varðar velferð okkar allra hvers konar störf eru í boði nú og í framtíðinni. Ég vil beina kröftum mínum að því að efla lítil og meðalstór fyrirtæki. Stefna stjórnvalda á að beinast að því að styrkja þessi fyrirtæki, bæta starfsumhverfi þeirra og aðstoða þau við að þróa nýjar vörur og þjónustu. Þá þarf að búa betur í haginn fyrir ungt fólk, frumkvöðla og einyrkja og auðvelda þeim að skapa sér atvinnutækifæri. Þetta er atvinnustefna sem skapar gjaldeyrstekjur og virðisaukandi störf fyrir fólk um allt land, í sátt við umhverfið - og ágóðinn af þeim störfum fer ekki úr landi!

Þjóð meðal þjóða

Aðild að Evrópusambandinu snýst um lífsskjör, stöðugleika í efnahagsmálum og þróun samfélagsins. Það skiptir máli að húskaupendur geti tekið lán með lágum vöxtum og án verðtryggingar; þannig má bæta hag heimilanna og minnka skuldir þeirra. Það skiptir máli að unga fólkið geti sótt nám til Evrópu og vilji snúa aftur heim. Það skiptir máli fyrir fyrirtækin í landinu og byggðaðróun að hafa aðgang að mörkuðum, tengslaneti, og stöðugu rekstrarumhverfi. Góður samningur við Evrópusambandið mun hafa jákvæð áhrif á lífsskjör á Íslandi líkt og í öðrum Evrópuríkjum.



Anna Margrét hefur góða þekkingu á atvinnumálum og hefur barist fyrir aðild Íslands að ESB. Hún rekur eigið ráðgjafar-fyrirtæki, er varaþingmaður og gegnir ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna. www.annamargret.is. [facebook/AnnaMargretGudjons](https://facebook.com/AnnaMargretGudjons)

Munum:

- Byggjum stöðir atvinnulífsins á auðlindum þekkingar og náttúru
- Virkjum sköpunarkraftinn – gefum fólki kost á að skapa sinn eigin starfsvettvang
- Styrkjum litlu og meðalstóru fyrirtækin í útflutningi og öflun gjaldeyrstekna
- Eflum menntun og nýsköpun svo að til verði verðmæt störf
- Vinnum að ESB-aðild; hún snýst um lífsskjör okkar
- Verum þjóð meðal þjóða!

ARNAR GUÐMUNDSSON

4.-5. SÆTI

Skýr atvinnustefna

Aukin fjárfesting og nýsköpun í atvinnulífinu er forsenda þess að við getum bætt lífsskjör án þess að lenda á ný í vítahring skuldaföfnunar. Mikilvægast er að við sköpum öllum greinum heilbrigðan rekstrargrundvöll með opnu samfélagi og samkeppni. Styrkur jafnaðarmanna mun ráðast af því að orð og gerðir fari saman í atvinnu- og auðlindamálum.

Samkeppni og opnun gegn fákeppni

Atvinnustefna jafnaðarmanna fær stuðning í greiningum alþjóðlegra aðila s.s. McKinsey. Veikleiki atvinnulífsins er áskórn í arð sem myndast í skjóli aðstöðu með krónu sem samkeppnishindrun. Fákeppni í lykilorðum auk úthlutunar á aðstöðu til að innheimta auðlindaarð af sameiginlegum auðlindum, breiðir yfir lága framleiðni og skapar þau óheilbrigðu tengsl viðskiptalífs og stjórn mála sem ollu hruninu.

Stefna jafnaðarmanna er að verja almanna-hagsmuni með gagnsæjum leikreglum, brjóta upp fákeppni, opna samfélagið fyrir samkeppni og fjárfestingum með ESB aðild, efla nýsköpun og alþjóðageirann og skipta auðlindaarðinum með heildstæðri auðlindastefnu á forsendum sjálfbærrar þróunar. Andstaðan er óvæginn. Við þurfum á öllum okkar styrk að halda á þessu sviði.

Leið jafnaðarmanna

Undanfarin ár hef ég leitt mótun heildstæðrar auðlindastefnu fyrir Ísland, komið að undirbúningi fyrstu stefnumótunar stjórnvalda um beinar erlendar fjárfestingar og orkustefnu fyrir Ísland. Þá hef ég unnið við erlendar fjárfestingar og atvinnuþróun undir merkjum Íslandsstofu, Fjárfestingarstofu, Útflutningsráðs og Aftvaka, atvinnuþróunarfélags Reykjavíkur. Nú óska ég stuðnings ykkar til að fylgja stefnumótuninni eftir.



Arnar Guðmundsson formaður Félags frjálslyndra jafnaðarmanna. Aðstoðarmaður iðnaðarráðherra 2009-2011 og fjármálaráðherra frá nóv. 2012. Stýrði auðlindastefnu-nefnd forsætisráðherra og atvinnumálanefnd Samfylkingar 2010-2012. Sjá: <http://arnar.posterous.com/>

Áherslumál:

- Vaxtarleið jafnaðarmanna í atvinnumálum byggir á virkjun hugvits og menntun
- Opnum samfélagið og eflum fjárfestingu með stefnu á ESB aðild og upptöku evru
- Innleiðum heilbrigða samkeppni í stað fákeppni og blokkamyndunar
- Þjóðin fái hlutdeild í auðlindaarðinum til eflingar atvinnulífs
- Rétt greining á rótum hrunsins er forsenda enduruppbyggingar

BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

3.-4. SÆTI

Ást og ábyrgð

Víð jafnaðarfólk viljum jafna lífsskjör og gefa öllum tækifæri. Þess vegna er ég í Samfylkingunni. Við erum umburðarlynd, alþjóðleg og trúum á kvenréttindi og mannréttindi fólks. Við flokkum ekki fólk í gefendur og þiggjendur - við erum öll þátttakendur.

Velferð fólks

Það er forgangsmál að styrkja stöðu ungs fólks á leigumarkaði, gefa þeim tækifæri sem eru atvinnulausir og bæta stöðu barnafjölskyldna. Sem formaður velferðarnefndar Samfylkingarinnar hef ég undanfarin þrjú ár leitt stefnumótun flokksins. Nú vil ég fylgja tillögum Samfylkingarinnar eftir á Alþingi.


Ég vil virka þátttöku allra í samfélaginu. Ég vil ekki að fólk geti valið að gera ekki neitt. Það getur leitt til langtímafátækta og sjúkdóma og er óviðunandi. Afskiptaleysi samfélagsins má aldrei kosta fólk heilsuna. Fólk á að fá úrræði við hæfi; atvinnu, nám eða endurhæfingu.

Velferð atvinnulífs

Ég hef áhuga á atvinnusköpun og uppgangi atvinnulífsins svo það verði bakhjarl öflugs velferðarsamfélags. Atvinnuuppbygging þarf að vera sjálfbær til að barnabörnin okkar eigi hið minnsta sömu möguleika og við. Velferð fólks og atvinnulífs fer til dæmis saman með uppbyggingu nýs Landsspítala. Þar eigum við að byrja strax.

Ísland er og á að vera velferðarsamfélag

Stefnu Samfylkingarinnar og áherslur mínar má lesa um á www.bjorkvilhelmsdottir.is og á Fésbókarsíðunni <http://www.facebook.com/bjorkvilhelmsdottir>



Ég er fyrst og fremst velferðarkerling. Með því að óska eftir stuðningi í 3. - 4. sætið býð ég mig fram til að vera talsmaður Samfylkingarinnar í velferðarmálum, enda tel ég mig hafa reynslu, þekkingu og þor til að gera það með sóma.

Áherslumál:

- Tækifæri í stað bóta og afskiptaleysis
- Barnatryggingar gegn barnafátækt
- Almennan og öflugan leigumarkað
- Sjálfbært samfélag fyrir barnabörnin
- Réttlátt samfélag sátta sem byggir á jöfnuði



BÍLAR & FARARTÆKI



SUZUKI Grand vitara xl-7. Árgærd 2005, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.100205. VERÐ NÚ kr: 1.290.000,-



MAZDA 3 s/d t plus. Árgærd 2006, ekinn 102 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.110573. VERÐ NÚ kr: 1.090.000,-



KIA Ceed eco-dynamics. Árgærd 2011, ekinn 29 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.800.000. Rnr.160339.



HYUNDAI Getz. Árgærd 2007, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.100285.



FORD Focus c-max. Árgærd 2006, ekinn 100 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.110304. VERÐ KR. 990.000,-



KIA Sportage ex 4wd. Árgærd 2012, ekinn 7 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.140343.



HYUNDAI i30 comfort. Árgærd 2008, ekinn 74 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.160147. VERÐ NÚ kr: 1.690.000,-



KIA Ceed lx 1.4 bensín beinsk.. Árgærd 2011, ekinn 36 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.490.000. Rnr.110651.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



MMC Pajero int.turbo diesel 7 MANNNA. Árg.'97, 5 girar. FLOTTUR BÍLL FYRIR PENINGINN, TILBOÐSVERÐ 330. ÞÚS GETUM ÚTVEGÐ VISA RAÐGREIÐSLUR, GÓÐ DEKK, GÓÐ HANDBREMSA OG FLEIRA Rnr.105189.



LESTU ÞESSA AUGL!
Range Rover HSE. Árg. '03, ek. 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. FALLEGUR BÍLL SVARTU MEÐ SVÖRTU TILBOÐSVERÐ 1.990ÞÚS Rnr.105476.



bifreidar.is
Réttarháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is



EKINN AÐEINS 56.Þ KM
M.BENZ ML 320 CDI.Árgærd 2007,ekinn aðeins 56.Þ km,dísel, sjálfskiptur,hrikalega flott eintak með öllu,er á staðnum.Verð 6.970.000. Rnr.340149.Sími:5621717.



TOYOTA HILUX 35".Árgærd 2004,ekinn 179.Þ km,dísel,5 girar,er á staðnum,einn eigandi.Verð 1.990.000. Rnr.350090. Sími 5621717.



Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18 og lau 12-16.
www.bilalif.is



Nissan Primastar Langur Diesel Árgærd 2010, ekinn 59Þ.km, bsk, álfelgur. Gott eintak sem er á staðnum! Verð 2.790.000kr. Raðnúmer 153924. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á pláni
http://www.stora.is



Parftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.



SKODA Octavia. Árgærd 2011, ekinn 41 Þ.KM, dísel, 5 girar. Verð 3.190.000. Rnr.110257.



SKODA Superb. Árgærd 2011, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.120283.



VW Golf. Árgærd 2010, ekinn 49 Þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 2.490.000. Rnr.110211.



Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 260 Reykjanessbæ
Sími: 420 3040
www.heklarnb.is



100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is



Bílar til sölu
Ódýrir ssk!!
Ford focus '00. Ek. 200Þ. Mjög gott viðhald. V. 220Þ. Corolla '95. 5d. ssk, toppbíll. Lakk ekki gott. V. 170Þ. S. 844 6609



Reno laguna árg.'00, 5Gíra, 1,6vél, ek. 159km. Verð 199Þ. S. 616 2597.



SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
VeíRás
Velras.is • Sími: 555 6670
Álfhella 4



Opel Vectra B, 2000 árgærd, ekinn 174.000 km, bensín, sjálfskiptur. Verð 200.000 kr., S: 694 3171.



FIAT 500 LOUNGE - STJARNAN Á VEGINUM
DÍSEL.is Bilalíf
Kletthálsi 15 - Sími 578 5252



Til sölu DAEWOO LANOS svartur árg. '99. Mjög vel með farinn. Í góðu ásigkomulagi. Keyrður 152.000. Verð 290.000 kr. Uppl s: 865 8196.



VW Polo 98. Keyrður 77Þús. 3 dyra. Góð nagladekk. 240Þús kr. Sími 8940632



SPARIBAUÐUR - TILBOÐ 230ÞÚS!
Opel corsa árg.' 2000 ek. 162 þús., skoðaður 13, filmur cd álfelgur flottur bíll sem eyðir engu! Ásett verð 390 þús. TILBOÐ 230 ÞÚS. s.841 8955.



GÓÐUR BÍLL!
VOLVO V40 1,8 16v wagon árg. '2000 ek.175 þús, bs, dráttarkr, heilsársdekk, ný sko '13, hiti í sætum cd magazine, kastarar ofl. lýtur vel út,eyðir 6,7 l/100 km. Góður og þægilegur bíll, ásett verð 720 þús TILBOÐ 450 ÞÚS.s.841 8955



Ódýr spargrís!!!
Renault Twingo 1.2 árg. '02, ekinn aðeins 105Þús, skoðaður 2013, nýleg vetrardekk, beinskíptur, geislaspilar, góður í akstri og ótrúlega sparneytin. Tilboðsverð aðeins 299Þús, uppl í s:659-9696



Japanskar vélar
Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is



Tilboðsverð 350Þús stg!
Toyota Corolla 1.6 árg. '00, ekinn 175Þús. km, ný skoðaður, 5 dyra, beinskíptur, mjög eyðslugrannur og góður bíll, Tilboðsverð aðeins 350Þús. stgr! uppl í s:659-9696.



!!! 0-250Þús staðgreitt!!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250Þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.



Sendibílar
Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



KEYRSLA.IS
Sími 820-3880
Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880



Úrval snjóplóga og snjóttanna. Búvís ehf Sími: 465 1332 WWW.buvís.is



Varahlutir í vinnuvélar
S: 517-8240
Súðarvogi 20
www.eyjalind.is



Bílapartasalan
Bílhutur
Kaplahauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhutur.is



Bíslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



VW - Skoda - Varahlutir
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrífs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahauni 11 220 hjf. S. 534 1045.



Loka útsala! Búðin hættir allt verður selt á hlægilegu verði. Partasalan SU-MI Smíðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98, Kia Rio '02, Benz 230E '97, Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00, Transporter '99, Audi A4 '94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrífs. sími 661 5270.



Smápartar.is
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. '97 til '02, Skoda Octavia árg. '00 til '07, Honda CR-V árg. '05-W Polo '07, Passat '01, Suzuki Baleno árg. '00. Smápartaris Sími 5675040-7785040.



AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.



AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsníði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.



Ódýrar viðgerðir, leysum öll mál!
Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.



Hreingerningar
Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggavottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450



Bókhald
Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.490 0095 www.accountant.is



Málstrar
Getum bætt við okkur inni- og útiverkum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.



Málningarpjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarpjónusta. S. 778 0100.

Húsviðhald

Parketslípun
sólfallslípun | parketlagning
551 1309 / 690 5115
golfist@golfist.is
www.golfist.is

Gólf list

99%
RYKFRITT

Múrver ehf

Get bætt við mig verkefnum í múrverki flísalögnum og múrvíðgerðum. Sími 898-3415

Hreinsa þakrennur og tek að mér ýms smærri verk. Upplýsingar í sími 847 8704 eða manninn@hotmail.com

Tölvur

Aplús tölvuþjónusta

Mjög sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

Nudd

Gott nudd í 101 Reykjavík. Opið frá 08 - 23. Kristina Jóhannsson 849 8179.

Spádómar

Spái í spil, ræð drauma, ekkert minutu gjald. Tímamant. s. 891 8727 Stella.

Múrarar

MÚRVERK

Tökum að okkur múrvíðgerðir og flísalagnir. 40 ára reynsla. Björn sími 896-3035.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt víðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

RAFVIKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.



Capri Collection/ Green-house

Opið hjá okkur í dag þriðjudag og á morgun miðvikudag frá 13-17. Laugardag 11-14. Góður afsláttur af Green-house fatnaði og tilboðsslá. Komið og gerið góð kaup. Einnig fallegur fatnaður og skór frá Capri Collection. Verið velkomin. Capri Collection Þverholt 18,105 Reykjavík. S. 7772281

KEYPT & SELT

Til sölu



Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.

Úrval af saltkristalslöpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

Vandaðir krossar á leiði!

Íslensk framleidda fyrir íslenskt veðurfar

JS LJÓSAHÍDJAN
VÉLAKRISTIR
SLAFTUVÉLAKRISTIR

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

Kaup gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Til bygginga
Óska eftir 2X4 lengd helst 3-3,30. Einnig doka. S. 867 7753

Verslun

Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ
20% afmælisafsláttur af öllum vörum þessa viku. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695 6679.

Kynlíf er GOTT!

PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS

849-0698
ALLA DAGA 10-22

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt líftílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímamantani. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Nudd fyrir heilsuna auglýsir: hef flutt stofuna mína í Síðumúla 25, 3. hæð sími 659 9277.

Byð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/ármúli S. 894 4817.

Jólagjöf Nuddarans. Vandaðir og ódýrir ferðanuddbakkir til sölu. S:891 6447 Óli.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu glæsilegt herbergi í miðborg Rvk. Aðgengi að eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi. Uppl. í síma 699 7720/552 1225.

Nýjar stúdíó íbúðir með húsgögnum til leigu í Hafnarfirði. Verð 75 - 120 þús. S. 692 5105 og 899 7004

Húsnæði óskast

62 ára reglusamur karlmaður óskar eftir lítilli 2 herb. íbúð. Er tilbúinn með tryggingu. Uppl. í s. 692 7536 og welding@talnet.is

30 ára reglusöm óskar eftir 2-3 herb. íbúð sem fyrst. S. 772 1182

Atvinnuhúsnæði

64,6 (51,6+13) m2 iðnaðarbil
Þessi eftirsóttá stærð er til sölu eða leigu. 13 m2 milli loft. Lofthæð: 3,9 m. Húrd 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Geymslúsnæði

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

20 ÁRA HÖLLA BÁTAR

Höllibátar
Óskað er eftir starfsfólki í fullt starf, helgar og kvöldvinnu. Einungis duglegt áráðanlegt og samvísusamt fólk kemur til greina. Aldurstakmark 20 ár. Umsóknir sendist á liija@hollabatar.is.

Starfsmaður óskast í stálsmiðju.
Stálsmiður og verkamaður óskast til starfa í stálsmiðju á höfuðborgarsvæðinu. Umsækjendur þurfa að getað hafið störf sem fyrst, nóg af verkefnum og mikil vinna fyrir duglega menn. Áhugasamir sendi umsókn merkt „Vinna/stálsmiðja“ og ferilskrá á smidja.kh@gmail.com

N1

Kraftmikið og áreiðanlegt starfsfólk óskast til starfa á þjónustustöð N1 í Háholti Mosfellsbæ. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini ásamt öðrum tilfallandi verkefnum á stöðinni. Allar nánari upplýsingar veitir Jón Lúðvíksson stöðvarstjóri í síma 660 3296. Áhugasamir geta einnig sótt um á www.n1.is

Afleysing í Bókabúð.
Óska eftir starfsmanni eftir hádegi fram til áramóta. Upplýsingar sendist á thjonusta@365.is merkt „verslun“



The Laundromat Cafe
Vantar þjóna til starfa í kvöld og helgarvinnu 18+ Íslenskukunnátta Skilyrði
Sendið ferilskrá á Laundromatcafe@gmail.com

Heitt og Kalt
Óskar eftir starfsmönnum í eftirfarandi stöður, starfsmann í mótuneyti og aðstoð í eldhúsi.
Upplýsingar sendist á eldhus@heittogkalt.is

Starfsmaður í gæludýravörðverslun.
Erum að leita eftir traustu fólki með reynslu af sölustörfum í verslun okkar. Starfsmaður okkar þarf að vera stundvís, ábyrgur og tala íslensku. Reynsla og þekking af dýrum er nauðsynleg. Umsókn ásamt ferilskrá með mynd sendist til dyrabaer@dyrabaer.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóv.



Tapas barinn óskar eftir starfsmanni í uppvaskei. Upplýsingar veittar á staðnum milli 12-17. Tapas barinn is hiring a dishwasher/assistant in kitchen. Further information given at Tapas barinn between 12-17. Tapas barinn - Vesturgötu 3b

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit áventýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynslögur
905-2002 • 535-9930

Símadómur • livespall
908-6000 • 535-9999



STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusiður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð. Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.



Fasteignir



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, Sími 570 4500, OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Norðurbakki 17- Hafnarfirði

Glæsileg 3ja herb. fullbúin íbúð bæði með svölum og stórrí verönd



OPÍÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Glæsileg og vönduð 105,2 fm. íbúð á 1. hæð með svölum til norðausturs og stórrí og skjólgóðri verönd til suðvesturs auk sér staðis í lokaðri og upphitaðri bilageymslu í nýlegu lyftuhúsi. Íbúðin er innréttuð eftir höfði eigenda með extra háum innihurðum, vandaðri eldhúsinnréttingu og afar vönduðu baðherbergi. Aukin lofthæð í íbúðinni. Gólfíðir gluggar í íbúðinni, gólfhliti og mynddyrasími. Af verönd er fallett sjávarútsýni. Verð 29,0 millj. íbúð merkt 0105. Verið velkomin.



TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

Furuvellir - Akureyri

Til sölu eða leigu



Um er að ræða vel staðsetta verslunar/atvinnuhúsnæði á einni hæð. Húsnæðið skiptist í verslun og lagerrými. Eignin er samtals 492,7 fm.

Fundir / Mannfagnaður


Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur

Verður haldinn mánudaginn 26.nóvember kl 20:15 í lönó.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstjórn og að venju kemur góður gestur í heimsókn og fjallar um málefni miðborgarinnar.

Mætum öll og tökum þátt í umræðum um hverfið okkar!

Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur
www.midbuerinn.is



Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið



– og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

Blaðberinn bíður þín

Þú færð **Blaðberann þinn** í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Atvinna

Húsgagnasmiður óskast til að sjá um smíði og rekstur á innréttingasvæði á höfuðborgarsvæðinu.

Leitað er eftir sjálfstæðum, metnaðarfullum og drífamiklum einstaklingi með haldþæra reynslu á sviðinu. Viðkomandi þarf að geta séð um almennan rekstur, geta haldið utan um verkefni frá upphafi til enda ásamt því að vera góður í mannlegum samskiptum. Að auki þarf viðkomandi að afla verkefna hjá verkstökum og einstaklingum þegar við á. Laun eftir samkomulagi

Starfssvið

- Almennur rekstur
- Smíði og uppsetning innréttinga
- Finna lausnir fyrir viðskiptavinum
- Tilboðsgerð
- Reikningagerð
- Verkstjórn
- Starfsmannahald

Menntunar og hæfniskröfur

- Sveinspróf eða iðnmeistarapróf í húsgagnasmiði
- Reynsla af rekstri fyrirtækis
- Reynsla af sérsmiði, útfærslu teikninga og lausna
- Geta unnið undir álagi
- Viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi

Umsókn um starfið skal senda á smidja.kh@gmail.com ásamt ítarlegri ferilskrá, meðmælum og rökstuðningi fyrir hæfni einstaklings í starfið



MOSFELLSBÆR



Lágafellsskóli

Náms- og starfsráðgjafi óskast í 60 – 100% starf, um tímabundna ráðningu er að ræða.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda, vera málsvari þeirra innan skólans og leiðbeina þeim varðandi námsframvindu þeirra. Náms- og starfsráðgjafi vinnur náið með stjórnendum skólans, kennurum og öðrum þeim sem koma að stoðþjónustu skólans.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi mennta- og menningarmálaráðuneytis til að starfa sem náms- og starfsráðgjafi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Magnúsdóttir, skólustjóri, í síma 5259200. Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast skólustjóra á netfangið johannam@lagafellsskoli.is.

Umsóknarfrestur er til 23. nóvember 2012.

Laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Skólalíði óskast til starfa sem fyrst í rúmlega 90% starfshlutfall, um tímabundna ráðningu er að ræða til júní 2013.

Starfið felst m.a. í ræstingu, gæslu með nemendum og aðstoð í matartíma nemenda. Daglegur vinnutími frá kl. 09:30 – 17:00.

Leitað er að starfsmanni sem hefur frumkvæði, er sjálfstæður í vinnubrögðum og leikinn í mannlegum samskiptum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stamos. Nánari upplýsingar um starfið veitir skólustjóri í síma 5259200. Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Jóhannu Magnúsdóttur skólustjóra á netfangið johannam@lagafellsskoli.is.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



EYSTEINN JÓNSSON ráðherra (1906-1993) fæddist þennan dag.
„Fagurt land er þjóðargræsi sem meta verður að verðleikum.“

Merkiatburðir

1002 Aðalráður ráðlausi gefur skipun um að drepa alla norræna menn í Englandi.

1553 Lafði Jane Grey dæmd til dauða fyrir landráð ásamt eiginmanni sínum.

1742 Konunglega danska vísindafélagið stofnað.

1939 Þýsku flutningaskipi, Parana, sókkt út af Patreksfirði og er áhöfnin tekin til fanga af áhöfn breska herskipis Newcastle. Þetta var fyrsta þýska skipið sem var sókkt við Ísland í seinni heimsstyrjöldinni.

1946 Flugvöllur formlega tekinn í notkun í Vestmannaeyjum.

1961 Kleppjárnsreykjaskóli stofnaður.

1973 Alþingi samþykkir formlegan samning við Bretland um lausn landhelgisdeilunnar vegna útfærslu landhelginna í 50 sjómílum.

ÁSLAUG BRYNJÓLFSDÓTTIR: FYRRVERANDI FRÆDSLUSTJÓRI FYLLIR ÁTTUNDA TUGINN

Tvær afmælisveislur í dag

Áslaug Brynjólfsdóttir, fyrrverandi fræðslustjóri í Reykjavík, er áttúð í dag. Áslaug var fræðslustjóri Reykjavíkur en hún var líka kennari, yfirkennari og skólustjóri í Fossvogsskóla, auk þess að sinna margvíslegum félags- og trúnaðarstörfum, meðal annars fyrir Framsóknarflokkinn.

Áslaug segist alla tíð hafa ætlað sér að verða kennari, en nám í þeim fræðum hóf hún þó ekki fyrr en hún var orðin 37 ára og hafði dvalið lengi erlendis með manni sínum og börnum. Spurð hvað stendur upp úr á starfsferlinum segir hún hafa verið ánægjulegt þegar skólar í Reykjavík urðu einsetnir. „Ég lagði alltaf mikla áherslu á það, en skólar voru lengi tvísetnir sem þýddi að sum börn þurftu að vera ein heima á morgnana. Það er miklu betra og fjölskylduvænna þegar allir fara að heiman á sama tíma.“

Samvinna foreldra og skóla er Áslaugu líka hugleikin. „Ég rannsakaði málið í meistararitgerð minni sem ég lauk þegar ég var sextug og í henni var niðurstaðan skýr, foreldrar vilja mikið samstarf við skóla og sem betur fer er það orðið miklu meira en einu sinni var. Foreldrar þekkja börnin sín betur en nokkur annar og mikilvægt að þeir séu í góðu sambandi við kennara þeirra. Börn eiga líka að fá að njóta sín og þau gera það ef horft er á styrkleika þeirra og það sem þau eru góð í en ekki



ÁSLAUG BRYNJÓLFSDÓTTIR Heldur upp á afmælið með afkomendum og vinkonum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

einblínt á gallana.“ segir Áslaug sem enn fylgist vel með í menntamálaum.

En hvað á svo að gera í tilefni dagsins? „Ég ætla út að borða með afkomendum mínum í kvöld, þeim sem eiga heimangengt. Ég á fjögur börn, fimm-tán barnabörn og sex barnabarnabörn þannig að þetta er dágóður hópur,“ segir Áslaug sem lætur ekki þar við sitja í hátíðarhöldum í tilefni dagsins. „Ég verð með smá boð í hádeginu fyrir vinkonur mínar eða raunar er það dóttir mín sem heldur það fyrir

mig, ég þarf ekki að gera neitt,“ segir Áslaug og bætir við að vinkonurnar komi úr ýmsum áttum. „Ég steypi þarna saman nokkrum vinkvennahópum. Bæði verða þarna fyrrum vinnufélagar og konur sem voru samtíða mér í félagsstörfum ýmiss konar. Ég treysti mér ekki í opið boð, þá yrðu gestirnir svo margir. En ég hef haldið upp á afmælin mín með ýmsum hætti, þegar ég var sjötug fór ég til að mynda til Havaí,“ segir Áslaug að lokum.

sigrdur@frettabladid.is



Ástkær frænka okkar og mágkona,

RAGNHEIÐUR ÁSBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR

Sólheimum 23, Reykjavík,



sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 4. nóvember, verður jarðsöngin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15.00.

Guðjón Ásbjörn Ríkhartósson
Kristján Björn Ríkhartósson
Adólf Adólfsson
Vilborg Inga Kristjánsdóttir
og fjölskyldur.

Þórunn Björg Einarisdóttir
Monika Magnúsdóttir



Ástkær sonur okkar, bróðir og frændi,

ARON KRISTJÁN BIRGISSON

lést að heimili sínu sunnudaginn 4. nóvember. Útförin fer fram í Grafarvogskirkju miðvikudaginn 14. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.



Anna María Ámundadóttir
Lára Birgisdóttir
Briet Birgisdóttir
Rósa Björnsdóttir
Anna María Björnsdóttir
Amalía Björnsdóttir

Birgir Sumarliðason
Björn Ólafsson
Björn Gunnlaugsson



Okkar ástkæri,

HREINN HERMANSSON

Bólstaðarhlíð 56,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 6. nóvember. Útför fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 15.00.



Hrefna Haraldsdóttir
Hermann Kr. Hreinsson
Haraldur Guðmundsson
Helen Nilsen Guðjónsdóttir
barnabörn, barnabarnabarn og systkini hins látna.



Ástkær faðir okkar og afi,

KÁRI GUÐMUNDSSON

loftskemtamaður,
Barónsstíg 57, Reykjavík,

lést mánudaginn 5. nóvember. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15.00.



Margrét Káradóttir
Sigrún Káradóttir
Katrín María Káradóttir
og afabörn.

Jón B. Eysteinnsson
Erlendur Magnússon



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

SIGURÐUR EYJÓLFSSON

verkfræðingur,
Lundi 88, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 9. nóvember. Jarðsöngið verður frá Grafarvogskirkju þann 16. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið eða önnur líknarfélög.



Margrét Petersen
Eyjólfur Sigurðsson
Inga Lára Sigurðardóttir
Ævar Páll Sigurðsson
og barnabörn.

Kristín Þorgeirsdóttir
Arnfinnur Jónasson
Jenny Hansen



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

GUÐRÚN PÁLÍNA KARLSDÓTTIR

frá Látrum í Aðalvík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 10. nóvember. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Auðlind náttúrusjóð. Kt. 580408-0440, bankareikningur Auðlindar er 0325-13-301930.



Óli Örn Andreassen
Inga Lovisa Andreassen
Karl Andreassen
barnabörn og barnabarnabörn.

Annette T. Andreassen
Matthías Viktorsson
Elma Vagnsdóttir



Faðir minn,

NAGUIB ZAGHLOUL

Hörðalandi 20, Reykjavík,

lést mánudaginn 5. nóvember á Landspítalanum Fossvogi. Hann verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 22. nóvember kl. 13.00.



Rut Róberts Zaghoul



KARL MARÍUS JENSSON CARLO,

áður til heimilis í íbúðum aldraðra
að Hlaðhömrum í Mosfellsbæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 9. nóvember 2012. Útför hans fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 15.00.



Vinir og vandamenn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langlangamma,

GUÐMUNDA SUMARLIÐADÓTTIR

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Faxabraut 13, Reykjanesbæ 11. nóvember sl. Jarðsöngið verður frá Ytri Njarðvíkurkirkju mánudaginn 19. nóvember nk. og hefst athöfnin kl. 13.00. Starfsfólki Hlévangs viljum við senda okkar bestu þakki fyrir frábæra umönnun og sérstaka hlýju þann tíma sem Munda bjó hjá ykkur.



Jósebína Gunnlaugsdóttir
Gunnlaugur Gunnlaugsson
Hafdis Gunnlaugsdóttir
Karl Hólm Gunnlaugsson
Sævar Gunnlaugsson
og aðrir aðstandendur.

Kristjana Sigurðardóttir
Róbert Svavarsson
Sigurveig Þorsteinsdóttir
Selma Kristjánsdóttir



Innilegar þakki fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

KRISTÍNAR F. JÓHANNESDÓTTUR

áður til heimilis á Aflagrandu 40.

Sérstakar þakki til starfsfólks í Sóltúni fyrir alúð og einstaka umönnun í veikindum hennar. Guð blessi ykkur öll.



Jóhannes Jónsson
Ester Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Þórsdóttir
Einar Vilhjálmsson

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.

Verðtryggingin dregin fyrir dóm

Opinn borgarafundur Hagsmunasamtaka heimilanna Háskólabíó, þriðjudaginn 13. nóvember kl. 20.

Hagsmunasamtök heimilanna efna til borgarafundar í tilefni málsóknar sem samtökin styðja gegn Íbúðalánasjóði vegna verðtryggðs fasteignaláns. Málsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Einnig verður fjallað um nýtt frumvarp um neytendalán, sem hefur verið lagt fram, en í því þurfa bankarnir ekki að reikna verðtryggingu inn í útreikning á kostnaði við lántöku. Samt er verðtryggingin stærsti kostnaðarliðurinn við lán einstaklinga.

Frummælendur verða þeir Pétur Blöndal, Guðmundur Ásgeirsson og Þórður Heimir Sveinsson hdl.

Pallborðsumræður verða með fulltrúum allra þingflokka, frummælendum, fulltrúum frá Hagsmunasamtökum heimilanna og Gísla Tryggvasyni, talsmanni neytenda.

Fundarstjóri verður Egill Helgason.

**Velferð heimilanna er í húfi.
Segjum hingað og ekki lengra.**

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. sæti, 6. slá, 8. töf, 9. maðk, 11. bókstafur, 12. sundl, 14. yfirstéttar, 16. tveir eins, 17. segi upp, 18. í viðbót, 20. tveir eins, 21. fyrstur.

LÓÐRÉTT

1. smæl, 3. eftir hádegi, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. hallandi, 7. aðgættinn, 10. sigti, 13. meiðsli, 15. þekking, 16. kóf, 19. mun.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. bross, 3. eh, 4. síkiley, 5. skýn, 7. árvakur, 10. mið, 13. mar, 15. rek, 18. auk, 20. yy, 21. frum.
LÁRÉTT: 2. sess, 6. rá, 8. hik, 9. orm, 11. ka, 12. svimi, 14. aðals, 16. kk, 17. skýn, 19. ku.

Línudans lobbýismans

BAKÞANKAR
Kolbeins
Óttarssonar
Proppé

Hagsmunasamtök heimilanna eru félags- skapur sem virðist tala fyrir hönd heimilanna í landinu, en þau virðast, samkvæmt samtökunum, hafa sameiginlega hagsmuni. Helsta baráttumál samtakanna er að afskrifa skuldir á íbúðarhúsnæði. Fyrir það eiga allir að greiða, líka þeir sem leigja húsnæði en eiga ekki. Sjónvarpsauglýsingar samtakanna eru hins vegar merki um það sem koma skal í íslenskum stjórnámum.

SAMTÖKIN nýta sér nú þá staðreynd að flokkarnir eru að velja frambjóðendur á lista sína. Þau auglýsa baráttumál sín grimmt og herma þau upp á stjórnámalmennt, á nú ekkert að fara að gera í þessu? Samkvæmt lögmálum lobbýismans munum við sjá aðra auglýsingaherferð af svipuðum toga þegar líða fer að kosningum.

LOBBÝISMI er vel þekktur í stjórnámum, bæði hér heima en ekki síst erlendis. Bandarísk stjórnám einkennast til að mynda af herferðum ólíkra samtaka sem berjast fyrir markmiðum sínum. Þetta er einnig þekkt á Íslandi, þó hingað til hafi baráttan kannski frekar verið á bak við

tjöldin. Það getur verið fínt að fá hana upp á borðið, en vekur upp ýmsar hugleiðingar.

NÚ standa yfir breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Á meðal þess sem þjóðin valdi var að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðar- atkvæðagreiðslu. Enn er óákveðið hve mörg prósent þarf til, en hins vegar er um að ræða grundvallarbreytingu á lýðræðinu, sem getur verið hið besta mál.

ÓHJÁKVÆMILEGUR fylgífiskur þessa verður hins vegar aukinn lobbýismi. Þeir sem hafa til þess stöðu munu nýta sér hana til að koma hagsmunamálum sínum í gegn. Við eigum eftir að sjá herferðir fyrir því að þetta máli eða hitt fari í þjóðar- atkvæðagreiðslu, auglýsingar í fjölmiðlum og áróður hvers konar.

TIL að ná til fjöldans þarf að koma skila- boðum á framfæri og til þess þarf auglýsingar í blöðum og ljósvakamiðlum. Það kostar peninga. Vel má vera að þetta sé hið besta mál, en öllum er hollt að gera sér grein fyrir því hvernig umræða og áróðurinn munu breytast.

EITT sinn börðust menningarvitar gegn amerikanseringu menningarinnar. Nú sjáum við fram á amerikanseringu þjóð- málbaráttunnar.

myndasögur

Pondus

Ef þú slærð boltann út í vatnið þá færðu vítahögg og setur hann aftur á gras! Þú getur reynt að spila boltanum upp úr vatninu en ég mæli ekki með því!



Maður verður að muna að leggja sig fram til að fá fugl eða örn á pari 3. Einu sinni var ég 102 metrum frá holunni og þá var spurning hvort ég ætti að nota níuna eða fimmuna? Ég notaði níuna...



Og hvað heldur þú...



Fyrirgefðu! Þetta eru bara ósjálfráð viðbrögð hjá líkamanum mínum þegar mig langar til að drepa eitthvern.



Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Palli, má ég fá líffræðiglósumnar þínar lánaðar? Aftur? Af hverju tókstu ekki glósur sjálfur?



Ég var upptekinn við að kenna flugunni minni að sækja hluti.



Flugur sækja ekki hluti, Pierce.



Fáðu glósur hjá einhverjum öðrum. SÆKTU! DREPTU! ÚTRÝMDU!



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Barnalán

Hvað ertu að gera?



Sjá hvað ég get opnað munninn mið.



Markmið mitt númer eitt í lífinu er að koma tenniskúlu fyrir í kjaftinum á mér eins og Labrador.



Það er það heimskulegasta sem ég hef heyrt.



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistöð frjálss. Sögur skal senda á netfangið jólasaga@frettabladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Í fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.



FORD **KUGA** Titanium S AWD beinskiptur frá 5.390.000 kr. FORD **KUGA** Titanium S AWD sjálfskiptur frá 6.290.000 kr.

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.390.000 kr. Kaupu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseginnleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is



**KYNNTU ÞÉR
GREIÐSLUKJÖRIN**

Settu gamla bílinn uppí
nýjan og spyrðu um
lánamöguleikana.
Komdu í kaffi.

FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

39.477 kr./mán.*



* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2.0TDCi dísil, 140 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂ 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Sölu- og notaðir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16



ALDA LÓA LEIFSDÓTTIR mun fjalla um sýninguna Fólkið á Þórgötu - Skyndimyndir frá árunum 2004-2012 í Myndasal Þjóðminjasafnsins klukkan tólf í dag. Karólína Thorarensen ljósmyndari verður gestur Öldu Lóu og aðgangur er ókeypis.

Bækur ★★

Krakkinn sem hvarf

Porgrímur Práinsson



Mál og menning 2012

Porgrímur Práinsson er einn reyndasti barnabókahöfundur landsins, en yfir 20 barna- og unglingabækur hafa komið út eftir hann síðan 1989. Það vakti mikla athygli í haust þegar hann gaf íslenskum börnum átta bækur sínar á rafbókarformi, en fram á næsta vor geta allir sótt sér þessar bækur endurgjaldslaust á rafbókavefinn Emma.is.

Þessi jólfundur kemur út heldur hefðbundnari prentútgáfa af nýjustu bókinni hans, Krakkinn sem hvarf. Krakkinn sem hvarf segir frá hinum ellefu ára Kára sem glímir við þau vandræði sem fylgja því að eiga brjálaðan uppfinningamann sem föður. Það er úr vöndu að ráða þegar Kári byrlar óvart besta vini sínum Sindra galdrasafa úr hirslum pabba síns og vinur hans verður ósýnilegur.

Sögubráður bókarinnar er skemmtilegur, en þó hélt hún illa athygli minni þar sem persónusköpun er oftast en ekki endaslepp. Til dæmis var athyglisverður kafli í sögunni þar sem Kári og Sindri taka viðtal við Villa vasa sem glímt hefur við hrottalegt einelti. Villi vasi segir sögu sína, vinirnir taka viðtalið upp í símanum, Villi grætur, þeir faðmast allir, og Villi hverfur á brott og sést ekki meir. Og jafnvel er erfitt að henda reiður á sögupersónum sem leika stærra hlutverk. Mússímúss, frænka Kára sem bjargar lífi Sindra í lok bókarinnar, birtist nokkrum sinnum á blaðsíðum bókarinnar en segir aldrei eitt aukatekið orð.

Bókin er myndin, en ég skellti upp úr á vitlausum stöðum, ekki yfir uppátækjum Kára, fjölskyldu hans og vina, heldur yfir afkáralegu orðalagi sem skreytir textann endrum og eins. „Skilur fullorðið fólk ekki að krakkar hlæja alltaf og skríkja rétt áður en þeir sofna hlið við hlið. Nóttin hefur svo kitlandi áhrif,” hugsar hinn ellefu ára Kári með sér þegar hann veltir fyrir sér hvernig sé að gista heima hjá besta vini sínum.

Krakkannum sem hvarf er ætlað segja sögu um prakkarastrik og strákapör, en við lok lesturs langaði mig helst að einhver sögupersónan hringdi í barnaverndaryfirvöld til að fjarlægja Kára frá foreldrum sínum. Faðir hans brennir næstum því úr honum tunguna við tilraunir sínar, hann gefur syni sínum byssu og leyfir honum að skjóta á sel sem reynist vera nágranni þeirra á nætursundi, og hann skilur eftir eitrefni á glámbekk sem Kári kemst í og byrlar vini sínum. Persónur bókarinnar eru ýktar, stundum myndnar, en ekki sérstaklega viðkunnanlegar og því snúast strákapörin oftast en ekki upp í ljótan leik í augum lesenda.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

Niðurstaða: Saga um strákan sem gerir vin sinn ósýnilegan og uppátæki þeirra í litlu sjávarþorpi. Skemmtilegur söguþráður en sögupersónur eru ýktar og tvívíðar og lesendur eiga erfitt með að samsama sig þeim.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 13. nóvember

Tónlist

12.15 Sópransöngkonan Arndís Halla Ásgeirsdóttir og píanóleikarinn Antonía Hevesi halda hádegistónleika í Norðurljóssal Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

18.00 Ljóðasýning og tónleikar verða haldnir í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi.

21.00 Útskriftartónleikar Kvíkmynda-skólans verða á Café Rosenberg.

Fyrirlestrar

20.00 Mannfræðifélag Íslands stendur fyrir fyrirlestri í Reykjavík Akademiunni, Hringbraut 121, 4.hæð. Dr. Unnur Dís Skaptadóttir prófessor í mannfræði mun flytja erindið Umhyggja úr fjarlægð: foreldrar og börn á þverþjóðlegum tímum.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

**ARNDÍS HALLA
Á HÁDEGISTÓNLEIKUM
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
Í NORÐURLJÓSSAL HÖRPU
Í DAG KL. 12:15**



ARNDÍS HALLA ÁSGEIRSDÓTTIR, SÓPRAN OG ANTONÍA HEVESI, PÍANÓ FLYTJA ÓPERUARÍUR EFTIR MOZART, DONIZETTI, WEBER, VERDI OG OFFENBACH.

ALLIR VELKOMNIR
– ÓKEYPIS AÐGANGUR!



ÍSLENSKA ÓPERAN



KUNSTSCHLAGER Þau Claudia Hausfeld, Guðlaug Mía Eypórsdóttir, Ásta Fanney Sigurðardóttir og Helgi Þórssón í Kunstschlager sem þau stofnuðu í sumar ásamt Steinunni Harðardóttur og Baldvini Einarssyni.

Skapa eigin tækifæri

Sýningarrýmið Kunstschlager var opnað við Rauðarástíg í sumar. Að því standa nokkrir myndlistarmenn sem vildu ekki bíða eftir að tækifærin böfnuðu upp á heldur skapa sér þau sjálf.

„Það tekur í raun ekkert sérstakt við hjá myndlistarmönnum eftir að námi lýkur. Á Íslandi eru möguleikar af skornum skammti og maður þarf að búa til sín eigin tækifæri,” segir Guðlaug Mía Eypórsdóttir en hún stofnaði galleríð Kunstschlager í sumar ásamt Baldvini Einarssyni, Ástu Fanneyju Sigurðardóttur, Claudiu Hausfeld, Helga Þórssyni og Steinunni Harðardóttur.

„Viðtökur hafa verið ótrúlega góðar, það er greinilega vöntun á stað eins og þessum því við tökum við umsóknum í hverri viku og náum alls ekki að anna eftirspurn.“

Vinna tvöfalda vinnu

Öll eru þau myndlistarmenn og hafa vinnustofur í kjallara hússins, þar sem þau vinna á meðan galleríð er tómt.

„Það er vissulega mjög hvetjandi að hafa stað til að geta sýnt

það sem maður er að gera,” segir Guðlaug en viðurkennir að rekstur gallerísins sé mikil vinna. „Auðvitað væri þetta talsvert auðveldara ef við fengjum styrki frá ríkinu eða borginni því eins og stendur erum við öll í einnari vinnu til þess að halda galleríinu gangandi. Meðan við borgum allt úr eigin vasa verðum við að hugsa smátt,” segir Guðlaug og bætir við: „Vonandi átta stjórnvöld sig einn daginn og skilja mikilvægi þess að stýðja við menningu okkar í dag.“

Listamaður vikunnar

Galleríð er tvískipt. Annar hlutinn er svokallaður Basar þar sem kaupa má samtímalist eftir ýmsa listamenn, bæði þekktu og óþekktu. „Okkur langaði að bæta aðgengi fólks að myndlistinni og skapa vettvang þar sem henni væri komið út til almennings,” segir Guðlaug en bætir við að þrátt fyrir að verkin séu á sanngjörnu verði sé salan ekki mikil. „Það er eins og fólk átti sig ekki á verðmætunum sem felast í myndlist.“

Á Basarnum er vikulega valinn listamaður til að prýða einn vegg í Basarnum, en þá er sú vika til einkuð honum. „Þessi dagskrárliður varð til einfaldlega til þess að koma til móts við allar umsóknirnar sem við fáum,” útskýrir Guðlaug.

Sibreytilegt gallerí

En hvernig sker Kunstschlager sig úr galleríflóru borgarinnar?

„Við reynum að vinna ekki innan ákveðins ramma. Kunstschlager er sibreytilegur, stendur fyrir sýningum, uppákomum og útgáfum sem verða vonandi fleiri í framtíðinni. Við erum opin fyrir öllu og takmörkum okkur ekki við sérstaka stefnu eða eitthvað slíkt,” útskýrir Guðlaug og bætir við: „Í desember ætlum við til dæmis að breyta galleríinu í risastóran jólabasar sem verður opin fram á aðfangadag. Með þessu viljum við hvetja fólk til að gefa myndlist í jólagjöf.“

Guðlaug segir enn fremur að opnanir í galleríinu hafi verið mjög vel sóttar.

„Um daginn mættu til dæmis um 250 manns, þó svo að engin önnur opnun hafi verið í bænum. Flestir sem mæta á opnanir tengjast listheiminum en við viljum gjarnan sjá fólk úr öllum áttum og hvetjum sérstaklega þá sem ekki fara oft á myndlistarsýningar til þess að koma.“

Næstkomandi laugardagskvöld opnar Rebekka Moran sýningu í aðalsal Kunstschlager. Gestir fá þá líka að sjá nýja hlið á Kristínu Ómarsdóttur rithöfundu en hún heldur sýningu á teikningum sem listamaður vikunnar.

halla@frettabladid.is

List þýðandans að vera ósýnilegur

List þýðandans felst í því að vera ósýnilegur,” segir Arnar Matthíasson þýðandi, einn þeirra sem lesa upp úr eigin þýðingum á Hlaðborði Bandalags þýðenda og túlka á Súfistanum annað kvöld. „Góð þýðing verður náttúrulega sjálfstætt verk en um leið verður hún að lúta vilja höfundarins. Þýðingin er speglun og spegillinn getur bæði skrumskaelt og fegrað. Þýðandinn þarf að rata einstigið þarna á milli.“

Arnar mun annað kvöld lesa úr þýðingu sinni Nútíminn er trunta eftir Jennifer Egan. Hvað hefur hann um þá bók að segja? „Þetta er Pulitzer-verðlaunabók og er ein af þessum fléttum sem kallaðar hafa verið sagnasveigur. Sömu persónurnar koma fyrir í flestum köflunum en ein persóna er miðpunktur hverrar sögu. Egan er þarna meðal annars að fjalla um tímann og áhrif hans á fólk og þaðan sprettur titill bókarinnar. Sagan er dálítið tengd inn í tónlistarheiminn. Enski titillinn, A Visit from the Goon Squad, er úr texta Davids Bowie, Fashion. Íslenski titillinn er hins vegar sóttur í smíðju Spilverks þjóðanna.“

Aðrir þýðendur sem fram koma á Hlaðborðinu eru Salka Guðmundsdóttir sem les upp úr þýðingu sinni á Emmu eftir Jane Austen, Kristín Guðrún Jónsdóttir les upp úr Svarta sauðnum eftir Augusto Monterroso, Ólóf Eldjárn les upp úr þýðingu sinni á



ÞÝÐENDUR Á HLAÐBORÐI Arnar Matthíasson les úr þýðingu sinni Nútíminn er trunta á Súfistanum annað kvöld.

Fréttablaðið/Daníel

Herbergi eftir Emmu Donoghue, Magnús Sigurðsson les upp þýðingar sínar á ljóðum Tors Ulven úr bókinni Steingerð vængjapör og María Rán Guðjónsdóttir les úr þýðingu sinni á Jesúsu eftir Eleni Poniatowska.

Dagskráin hefst klukkan 20 í Súfistanum í Máli og menningu á Laugavegi 18.

- fsb

Tryggðu
þér rafbókina
í forsölu!



Nýjusta bók Yrsu Sigurdardóttur

Kuldi

- Aðeins á eBækur.is

Njóttu þess að lesa ...

eBækur
www.eBækur.is

LAUGARÁS BIÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SKYFALL KL. 10 1415

WRECK-IT RALPH 3D KL. 10 1415

PITCH PERFECT KL. 10 1415

TEDDI KL. 10 1415

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
SKYFALL	7, 9, 10(P)
WRECK-IT RALPH 3D	6
PITCH PERFECT	8, 10, 15
TEDDI 2D	6

SAMBIÓN SAMBIO.IS

MYNDIN SEM MARGIR VILJA MEINA AD VERÐI EIN SÚ SIGURSTRANGLEGASTA Á NÆSTU ÓSKARSVERÐLAUNAHÁTIÐ

ARGO ★★★★★

WRECK-IT RALPH ★★★★★

CLOUD ATLAS ★★★★★

SKYFALL 007 ★★★★★

PRÍÐJUDAGS TILBOÐ I DAG

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
ARGO KL. 5:30 - 8 - 10:30	ARGO KL. 5:30 - 8 - 10:30
ARGO VIP KL. 5:30 - 8 - 10:30	CLOUD ATLAS KL. 8 - 10:20
WRECK IT RALPH ÍSL.TAL.Í.3D KL. 5:50	WRECK-IT RALPH ÍSL.TAL.Í.3D KL. 5:30
WRECK IT RALPH M/ÍSL.TAL. KL. 5:50	WRECK-IT RALPH ENSK.TAL. KL. 8
WRECK IT RALPH ENSK.TAL. KL. 5:50 - 8 - 10:10	HOPE SPRINGS KL. 5:40 - 8
HOPE SPRINGS KL. 5:50 - 8 - 10:30	END OF WATCH KL. 5:40
HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 8 - 10:20	HOUSE AT THE KL. 10:20
END OF WATCH KL. 8 - 10:30	WRECK-IT RALPH ÍSL.TAL.Í.3D KL. 11
ARGO KL. 8	WRECK IT RALPH M/ÍSL.TAL. KL. 5:50
WRECK-IT RALPH ÍSL.TAL.Í.3D KL. 6	SKYFALL KL. 6 - 7 - 8 - 9 - 10
WRECK-IT RALPH ENSK. ENSK.TAL. KL. 10:20	ARGO KL. 8
BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL.TAL. KL. 6	SKYFALL KL. 10:30
HOPE SPRINGS KL. 8	HOPE SPRINGS KL. 8
END OF WATCH KL. 10:20	END OF WATCH KL. 10:10

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS 5%

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SMÁRABÍÓ

CLOUD ATLAS	KL. 5.30 - 8	16
PITCH PERFECT	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI	KL. 3.40 - 5.50	7
SKYFALL	KL. 5 - 8 - 9	12
SKYFALL LÚXUS	KL. 5 - 8	12
TEDDI LANDKÖNNUBUR	KL. 3.30	L
FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL.	KL. 3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ

CLOUD ATLAS	KL. 5.30 - 9	16
SKYFALL	KL. 6 - 9 - 10.10	12
TAKEN 2	KL. 10.30	16
LOVE IS ALL YOU NEED	KL. 8	L
DJÚPIÐ	KL. 5.50 - 8	10
THE DEEP ENSKUR TEXTI	KL. 5.50	10

BORGARBIÓ PRÍÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS

CLOUD ATLAS	KL. 8	16
PITCH PERFECT	KL. 8	12
SKYFALL	KL. 5.20 - 10.10	12
HOTEL TRANSYLVANIA	KL. 6	7

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



SKIPTI UM FÖT Sænska söngkonan Loreen lét mynda sig í sitthvorum heiklæðnaðinum á hátíðinni. Hún þótti besti sænski tónlistarmaður ársins. **NORDICPHOTOS/GETTY**

TÓNLISTARFÓLK FAGNAÐI

Tónlistarverðlaun MTV voru afhent í Frankfurt á sunnudag. Fyrirsætan Heidi Klum var kynnr kvöldsins. Fjöldi fólks sótti MTV EMA-hátíðina um helgina. Sigurvegarar kvöldsins voru Taylor Swift og Justin Bieber sem hlutu þrenn verðlaun hvort.



GLAÐLEGUR RAPPARI Suður-kóreski rapparinn Psy hlaut verðlaun fyrir besta myndbandið við lag sitt Gangnam Style.



Á UPPLÆIÐ Lagið Call Me Maybe með söngkonunni Carly Rae Jepsen þótti besta lag ársins.



SAMHELDNIR BRÆÐUR Jonas-bræðurnir mættu allir þrír á hátíðina. Joe Jonas var tilnefndur í flokknum Besta sviðsframkoma.



BAUÐ KÆRATANUM MEÐ Lana Del Rey mætti ásamt kærasta sínum, skoska tónlistarmanninum Barrie-James O'Neill.



LANGUR SLÓÐI Kim Kardashian mætti á hátíðina í svörtum kjól með afskaplega löngum slóða.



Kvikmyndasafn Íslands sýnir í **Bæjarbíói**

Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16. www.kvikmyndasafn.is

SAGA BORGARÆTTARINNAR Viðgerð og endurhljóðsett

1. hluti: Ormarr Örtlygsson og Danska frúin á Hofi (Þriðjudagar)

2. hluti: Gestur einbyggði og Örn hinn ungi (Laugardagar)

Minningin um fyrstu bímyndina sem tekin var á Íslandi hefur lifað með þjóðinni í meir en 90 ár. Taka hennar árið 1919 vakti feikna athygli og spennan í kringum frumsýninguna í ársbyrjun 1921 var gríðarleg.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

PRÍÐJUDAGUR: SHADOW DANCER 18:00, 20:00, 22:00 ■ BÍÓDOX: WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 18:00 ■ BÍÓDOX: MARINA ABRAMOVIC: THE ARTIST IS PRESENT (L) 20:00 ■ BÍÓDOX: SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGGINN 4. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 22:15 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



TRYGGVI GUÐMUNDSSON, markahæsti leikmaður efstu deildar frá upphafi, gekk í gær frá eins árs samningi við Fylki og mun spila með liðinu í Pepsi-deild karla næsta sumar. Tryggvi sem er 38 ára gamall hefur skorað 129 mörk í 232 leikjum í efstu deild fyrir ÍBV, KR og FH þar á meðal 3 mörk í 11 leikjum með ÍBV síðasta sumar.

ÚRSLIT Í GÆR

Lengjubíkar karla í körfu

Skallagrímur-Grindavík 81-108 (43-56)
Stigahæstir: Carlos Medlock 27, Páll Axel Vilbergsson 21, Trausti Eiríksson 8/14 fráköst, Birgir Þór Sverrisson 8, Davíð Ásgeirsson 7 - Jóhann Árni Ólafsson 24/6 stoðsendingar, Aaron Broussard 23, Þorleifur Ólafsson 17/7 fráköst/6 stoðsendingar, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12, Ármann Vilbergsson 9, Samuel Zeglinski 8/5 stoðsendingar.

Snæfell-Hamar 97-75 (44-28)
Stigahæstir: Hafþór Ingi Gunnarsson 24, Stefán Karel Torfason 16/9 fráköst, Asim McQueen 13/8 fráköst, Jay Threatt 13, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 9, Jón Ólafur Jónsson 7 - Örn Sigurðarson 18/12 fráköst, Þorsteinn Már Ragnarsson 17, Halldór Gunnar Jónsson 16, Jerry Lewis Hollis 9.

Stjarnan-Fjölmi 112-82 (56-37)
Stigahæstir: Dagur Kár Jónsson 22, Brian Mills 16/8 fráköst, Sæmundur Valdimarsson 16/4 fráköst, Björn Kristjánsson 14/8 stoðsendingar, Fannar Freyr Helgason 8/6 fráköst, Sigurður Dagur Sturluson 8/4 fráköst, Jovan Zdravevski 8, Kjartan Atli Kjartansson 6/10 fráköst, Justin Shouse 6/12 stoðsendingar, Marvín Valdimarsson 6 - Arnþór Freyr Guðmundsson 15/5 stoðsendingar, Tómas Heiðar Tómasson 14/6 stoðsendingar, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 12/8 fráköst/5 stoðsendingar, Gunnar Ólafsson 11, Elvar Sigurðsson 9, Sylvester Cheston Spicer 7/5 fráköst, Smári Hrafnsson 6.

Njarðvík-Valur 117-70 (63-37)
Stigahæstir: Nigel Moore 17/4 fráköst/6 stoðsendingar, Óli Ragnar Alexandersson 16/5 stoðsendingar, Elvar Már Friðriksson 16/5 stoðsendingar, Hjörtur Hrafn Einarsson 12/5 stolnir, Friðrik E. Stefánsson 11/6 fráköst, Magnús Már Traustason 10 - Chris Woods 20/6 fráköst, Hlynur Logi Víkingsson 11, Atli Rafn Hreinsson 10, Ragnar Gylfason 7, Rúnar Ingi Erlingsson 6.

Bíkar karla í handbolta

Stjarnan 2 - Afturelding 19-35
Víkingur - Akureyri 34-35 (Framl.)
Valur 2 - Valur 19-26
Afturelding 2 - Selfoss 27-40 (12-19)
Stjarnan - Fram 23-22



MIKE D'ANTONI Hefur ekki komist alla leið með sín lið. NORDICPHOTOS/GETTY

Los Angeles Lakers í NBA:

Völdu D'Antoni frekar en Phil

KÖRFUBOLTI Mike D'Antoni er tekinn við sem þjálfari Los Angeles Lakers í NBA-deildinni en ekkert varð af því að Phil Jackson tæki við Lakers-liðinu í þriðja sinn.

Jackson hafði áhuga á að taka við Lakers en kröfur hans voru alltof háar. Hann vildi meðal annars fá sömu völd hjá félaginu og Pat Riley er með hjá Miami Heat. Lakers ákvað að gera frekar þriggja ára samning við D'Antoni með möguleika á fjórða árinu. D'Antoni fær tólf milljónir dollara fyrir þessi þrjú ár eða 1.550 milljónir íslenskra króna.

Það vekur athygli að Lakers veðji á D'Antoni að taka við stórstjórnliði sínu þar sem allt minna en NBA-titill eru vonbrigði. D'Antoni hefur aldrei komist með sín lið í lokaúrslitin (10 tímabil) og lið hans hafa tapað 12 af síðustu 15 leikjum sínum í úrslitakeppni (New York 2011 0-4, Phoenix 2008 1-4 og Phoenix 2007 2-4). D'Antoni var látinn fara frá New York Knicks í fyrra eftir 24 tölur í fyrstu 42 leikjum. Til samanburðar þá hefur Jackson unnið 11 meistaratitla og stýrt sínum liðum til sigurs í 69 prósent leikja í úrslitakeppni (229 af 333). - 66j

Lærdómsríkur og erfiður tími

Handknattleiksþjálfarinn Óskar Bjarni Óskarsson stendur í ströngu í Danmörku. Hann hefur þurft að flytja stóra fjölskyldu milli landa á meðan að hvorki gengur né rekur hjá félaginu sem hann þjálfar.

HANDBOLTI Þjálfarinn Óskar Bjarni Óskarsson hleypti heimdraganum eftir Ólympíuleikana, sagði skilið við Val og tók við danska úrvalsdeildarfélaginu Viborg.

Óskar hefur þess utan þurft að draga sig í hlé með íslenska landsliðinu þar sem hann var aðstoðarþjálfari Guðmundar Guðmundssonar. Honum veitir ekki af því að nýta alla sína kräftega hjá Viborg sem hefur gengið illa í upphafi vetrar og aðeins unnið tvo leiki það sem af er.

Gunni er alveg með þetta

„Það var sitt lítið af hverju sem spilaði inn í að ég hætti með landsliðið. Gengi liðsins þar á meðal enda erfitt að hoppa í burtu þegar illa gengur. Ég treysti mér ekki í það. Ég vissi að þetta yrði erfitt hjá Viborg en ég vissi ekki að það yrði svona erfitt. Ég gat því ekki haldið áfram þó svo mig hefði langað til þess,“ segir Óskar Bjarni. Hann er mjög ánægður með að Gunnar Magnússon hafi tekið sitt gamla starf en Gunnar var einnig í þjálfarateymi Guðmundar og Óskars.

„Gunni er alveg með þetta. Ef hann hefði ekki verið að fara að taka við þessu hefði mér liðið mjög illa yfir því að hafa ekki getað komið og hjálpað til. Sérstaklega þar sem það var nánast enginn undirbúningur í boði fyrir fyrstu leiki Arons með liðið. Ég veit að það er allt í góðu með Gunna innanborðs enda þekkir hann þetta allt út og inn. Þetta snýst ekki um getu Arons, enda voru þetta erfiðar aðstæður fyrir hann, en allir leystu þetta með stæl.“

Þetta er búið að vera erfitt

Óskar Bjarni segir að hann sé boðinn og búið að aðstoða HSÍ og landsliðið eftir bestu getu ef þess er óskað.

Núna fara aftur á móti allir kraftar þjálfarans í að rífa Viborg upp. Síðustu vikur hafa eðlilega tekið á þjálfarann enda ekki bara gengið illa á vellinum heldur hefur hans stóra fjölskylda þurft að koma sér fyrir í nýju landi en Óskar Bjarni er giftur og á fjögur börn.

„Þetta er búið að vera ansi lærdómsríkur og erfiður tími.



ÁLAG Í DANMÖRKU Veturinn verður væntanlega mjög lærdómsríkur fyrir Óskar Bjarna í Danmörku. Byrjunin hefur verið erfið en liðið vann mikilvægan leik um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mjög skemmtilegur líka en ég neita því ekki að þetta sé búið að vera erfitt,“ segir Óskar Bjarni en ofan á allt annað kom hann seint inn í undirbúninginn hjá Viborg þar sem hann var með landsliðinu á ÓL í London.

„Það var ákveðin áhætta að hoppa þangað eftir að ég tók þetta starf að mér. Þessi lélegi árangur í upphafi vetrar er samt ekki alfarið því að kenna. Við erum með gríðarlegar breytingar á liðinu, eða átta menn sem var skipt. Svo er liðið 20 milljónum íslenskra króna ódýrara en það var. Það var því vitað að liðið yrði slakara í ár. Ég hefði samt viljað vera kominn með fleiri stig,“ segir þjálfarinn en það hafa líka verið meidsli í þunnum leikmannahópi.

„Ég sé ekki eftir því að hafa farið til London. Það gaf mér mikið og ég lærði mikið af því. Var með góða aðstoðarþjálfara í Danmörku

á meðan sem héldu þessu vel á floti. Gummi var líka að ganga í gegnum miklar breytingar með sitt lið en hann hefur ekki tapað leik á meðan það gengur ömurlega hjá mér. Það er því ekki hægt að kenna Ólympíuleikunum alfarið um þessa byrjun hjá okkur.“

Ekki raunsætt að komast í úrslitakeppnina

Hjá Viborg er kvennaliðið stærra en karllandið og meira lagt í það. Það er ekki algengt. Óskar segir að það séu miklar kröfur gerðar til kvennaliðs félagsins á meðan það sé stefnt að sæti í úrslitakeppninni hjá körlunum.

„Að komast í úrslitakeppnina er háleitt, og jafnvel ekki raunsætt, markmið miðað við mannskapinn sem við höfum í dag. Það eru aftur á móti langtímamarkmið um að bæta fjárhaginn og koma liðinu í topp fjögur eftir nokkur ár. Það á

”Ég finn ekki fyrir mikilli pressu þó svo það gangi illa. Ég bjóst jafnvel við meiri pressu.“

ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON
 HANDBOLTAPJÁLFARI

þó eftir að leggja þær línur betur að mínu mati,“ segir Óskar en liðið varð í sjöunda sæti í fyrra en átta efstu komast í úrslitakeppnina.

„Ég finn ekki fyrir mikilli pressu þó svo það gangi illa og ég bjóst kannski við að það yrði meiri pressa. Ég er að fá finan stuðning við verkefnið og við vinnum okkur út úr þessum vandræðum. Það gera sér allir grein fyrir því að við erum með slakara lið en í fyrra og erum að gera það besta með þann mannskap sem er til staðar.“

henry@frettabladid.is

Markvörðurinn Guðrún Ósk Maríasdóttir verður ekki meira með kvennaliði Fram í handboltanum í vetur:

Hélt fyrst áfram þrátt fyrir morgunógleðina

HANDBOLTI Framkonur verða án aðalmarkvarðar síns það sem eftir er tímabilsins í kvennahandboltanum því Guðrún Ósk Maríasdóttir hefur þurft að draga sig í hlé eftir að í ljós kom að hún á von á barni með kærasta sínum Árna Birni Kristjánssyni. Guðrún Ósk er einn allra besti markvörður N1-deildarinnar og hefur verið í kringum A-landsliðið síðustu árin.

„Ég tilkynnti stelpunum þetta eftir Stjórnuleikinn. Þetta var auðvitað áfall en þær tóku þessu mjög vel, samgleðjast og styðja mig. Þær ætla sér stóra hluti og ég hef enga trú á öðru en að þær nái því. Það er ekkert ein manneskja sem kemur veg fyrir það,“ segir Guðrún og bætti við: „Þetta var ekki planað en er mjög velkomið. Þetta er bara nýr kafli,“ segir Guðrún Ósk sem hætti þó ekki strax að æfa.

„Ég fór til læknis og hann sagði

að það eina sem væri hættulegt við þetta væri að fá skot í magann. Þá varð ég frekar stressuð og fann alveg að ég var farin að stíga frá boltanum í staðinn fyrir að fara fyrir hann. Ég hélt áfram þrátt fyrir morgunógleði eða allan-daginn-ógleði réttara sagt,“ sagði Guðrún en fljótlega tók hún þó ákvörðun um að draga sig í hlé.

„Ég fann það að ég var ekki lengur að standa mig eins og ég vildi. Þá var bara kominn tími á leyfa öðrum að taka við,“ segir Guðrún María. Nafna hennar Guðrún Bjartmarz hefur tekið fram skóna að nýju en hún lék síðast með Framliðinu veturinn 2005-2006 og var þá í hópi bestu markvarða deildarinnar.

„Það er algjör snilld að hún kom til baka. Þetta var mjög mikið áfall fyrir liðið held ég en það kemur alltaf maður í manns stað. Fram er með topplið þannig að ég hef engar



GUÐRÚN ÓSK MARÍASDÓTTIR Hefur staðið sig vel í marki Framliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

áhyggjur af þeim. Ég geri ráð fyrir því að vera áfram í kringum liðið. Þetta er ekki bara líkamsræktin því þetta er félagsskapurinn líka. Ég verð með Guðrúnu á hliðarlínunni og við ræðum hlutina,“ segir Guðrún Ósk. Guðrún Ósk missti af HM í Brasilíu í fyrra vegna meidsla en segir að það hafi verið löngu ljóst að hún yrði ekki með á EM í Serbíu í desember.

„Ég gaf ekki kost á mér út af skólunum. Það var því ekki jafnmikið áfall fyrir mig gagnvart því. Mér er greinilega ekki ætlað að komast á stórmót,“ grínast Guðrún með en bætti svo við: „Ég treysti bara á það að þær komist inn á annað stórmót þegar ég kem til baka og að ég fái mögulega að taka þátt í því. Það væri gaman,“ segir Guðrún Ósk og hver veit nema að hún mæti aftur til leiks næsta haust.

„Ég geri nú ráð fyrir því að koma aftur í handboltann. Maður hættir nú ekkert svo auðveldlega. Þetta verður sumarkrili og ég verð kannski bara kominn aftur næsta haust. Það er aldrei að vita,“ sagði Guðrún Ósk að lokum. - 66j



SHIFT_

NISSAN
QASHQAI

Samkvæmt samantekt umferðarstofu er Qashqai mest keypti jeplingurinn á Íslandi frá janúar til september 2012

Verð frá 4.990 þús. kr.

QASHQAI DÍSIL

4,6 l / 100 km



f /nissanvinir

ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jepling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Nissan Qashqai dísil eyðir einungis frá **4,6l/100km.**

www.nissan.is

Verð frá 4.990 þús. kr.

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth simabúnaður
- Bakkskynjari
- 17" álfelgur og margt fleira



> Stöð 2 kl. 21.00

Chuck

Ofurnjósnarinn Chuck Bartowski er á sínum stað á Stöð 2 í kvöld. Verkefnið sem Chuck færst við að þessu sinni snýst um hættulegan tölvuvírus og þar kemur fortíð hans sem tölvuhakkari að góðum notum. Zachary Levi, sem leikur Chuck, leikstýrði þessum þætti.



dagskrá

Í KVÖLD



True Love
Glæný bresk þáttaröð sem fjallar um ástina. Þættirnir eru fimm talsins og tengjast þeir lauslega innbyrðis. Umfjöllunarefni hvers þáttar er ástin og sagt er frá því hvaða mynd ástin getur tekið á sig í nútímanum.

Aðalhlutverk: David Tennant, Jo Woodcock, Charlie Creed-Miles og Billie Piper.

IMDb 6,6 RUV 21.25



No crossover: The Trial of Allen Iverson
Heimildarmynd um körfubolta stjórnumna Allen Iverson. Þegar hann var 17 ára lenti hann ásamt fimm vinum sínum í slagsmálum við hóp hvíttra ungmenna og endaði hann í fangelsi.

Leikstjóri: Steve James.
Aðalhlutverk: Allen Iverson.

IMDb 7,1 SPORT 20.50



The Good Wife
Alicia Florrick snýr nú aftur í fjórðu þáttaröðinni. Hún hefur alltaf verið manni sínum góð eiginkona en þegar kynlífskandall og spilling senda hann í fangelsi þarf hún að halda öllum boltum á lofti ein.

Höfundur: Michelle King og Robert King. **Aðalhlutverk:** Julianna Margulies, Chris Noth og Josh Charles.

IMDb 8,0 76/100 21.10



The Last Mimzy
Ævintýramynd um systkinin Noah og Emmu sem finna dótakassa úr framtíðinni. Í kjölfarið öðlast þau ofurkrafta sem þau þurfa að leyna fyrir fjölskyldunni sinni. Það reynist þó hægara sagt en gert.

Leikstjóri: Robert Shaye. **Aðalhlutverk:** Joely Richardson, Rainn Wilson og Timothy Hutton.

IMDb 6,3 53% 12.55

RUV

- 15.00 Þrekmtótaröðin (2:6)
- 15.45 Íslenski boltinn (e)
- 16.30 Ástareldur (Sturm der Liebe) Þýsk þáttaröð um ástir og afbrýði eigenda og starfsfólks á Hótel Fürstenhof í Bæjaralandi.
- 17.20 Teitur
- 17.30 Sæfarar
- 17.41 Skúli skelfir
- 17.52 Hanna Montana (Hannah Montana) (e)
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Nigella í eldhúsinu (4:13) (Nigella: Kitchen) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 360 gráður
- 20.45 Djöflaeyjan
- > 21.25 Sönn ást (1:5) (True Love)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Njósnaeildin (3:6) (Spooks X) Bresku sakamálaflakkar um úrvalssveit innan bresku leynipjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.15 Sönnunargögn (7:16) (Body of Proof II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.00 Kastljós (e)
- 00.30 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

- 11.25 Full of It
- > 12.55 The Last Mimzy
- 14.30 A Dog Year
- 15.50 Full of It
- 17.20 The Last Mimzy
- 18.55 A Dog Year
- 20.15 Time Traveler's Wife
- 22.00 Valkyrie
- 00.00 The Wolfman
- 01.45 Time Traveler's Wife
- 03.30 Valkyrie

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle (11:22)
- 08.30 Ellen (40:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (21:175)
- 10.15 The Wonder Years (2:22)
- 10.40 How I Met Your Mother (15:24)
- 11.05 Suits (10:12)
- 11.50 The Mentalist (9:24)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (10:39) (11:39)
- 15.10 Sjáðu
- 15.40 iCarly (23:45)
- 16.05 Barnatími Stöðvar 2
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (41:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Big Bang Theory (10:17)
- 19.45 Modern Family (8:24)
- 20.10 Modern Family (23:24)
- 20.35 Anger Management (8:10) Gamnþáttaröð með Charlie Sheen í aðalhlutverki. Charlie Goodson er skikkaður til að leita sér að stöðar eftir að hafa gengið í skrokk á kærasta fyrrum eiginkonu sinnar. Málin flækjast þegar Charlie á í ástarsambandi við sálfræðinginn sinn.
- 21.00 Chuck (5:13) Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi, þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á hættulegustu leyndarmálum CIA.
- 21.45 Burn Notice (3:18)
- 22.30 The Daily Show: Global Edition
- 22.55 New Girl (3:22)
- 23.20 Up All Night (15:24)
- 23.45 Drop Dead Diva (6:13)
- 00.30 Touch (3:12)
- 01.15 American Horror Story (1:12)
- 02.05 Them
- 03.20 The Mentalist (9:24)
- 04.05 Chuck (5:13)
- 04.50 Modern Family (8:24)
- 05.15 Modern Family (23:24)
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 18.10 Meistaradeild Evrópu: fréttaröð
- 18.40 Spænsku mörkin
- 19.10 Þýski handboltinn: Flensburg - Magdeburg BEINT. Amór Atlason leikur með Flensburg og Björgvin Páll Gústavsson er í herbúðum Magdeburg.
- > 20.50 No Crossover: The Trial of Allen Iverson Heimildarmynd frá ESPN um einn besta körfuboltamann síðari ára, Allen Iverson, og atvik sem hafði djúpstæð áhrif á uppvaxtarár hans.
- 22.15 Evrópu deildarmörkin
- 23.05 Þýski handboltinn: Flensburg - Magdeburg

krakkar

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
- 08.00 Dóra könnuður
- 08.25 Áfram Diego, áfram!
- 08.50 Doddi litli og Eymastór
- 09.00 UKI
- 09.10 Stubbarnir
- 09.35 Strumparnir
- 09.55 Mörgæsirnir frá Madagaskar
- 10.20 Ævintýri Tinna
- 10.40 Histeria!
- 11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
- 17.00 Villingarnir
- 17.25 Xiaolin Showdown
- 17.50 iCarly (39:45)

POP TIM

- 17.00 The Simpsons (2:22) Lisa hættir að þora að sofa ein í herbergi og fer að skrifa upp í til foreldra sinna á næturnar.
- 17.25 Íslenski listinn
- 17.50 Glee (20:22)
- 18.35 Game Tívi Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum.
- 19.00 Friends (4:24)
- 19.25 The Simpsons (5:25)
- 19.50 How I Met Your Mother (11:22) Dulin reiðin kemur upp á yfirborðið þegar einn af félögum lætur allt flakka við fyrverandi kærustuna sína.
- 20.15 The Secret Circle (13:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlkur sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
- 20.40 The Vampire Diaries (13:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlkur sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins fríðsæll.
- 21.25 Game Tívi
- 21.50 The Secret Circle (13:22)
- 22.30 The Vampire Diaries (13:22)
- 23.15 Game Tívi
- 23.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

GULL

- 18.15 Doctors (68:175)
- 19.00 Ellen (41:170)
- 19.45 Mr. Bean
- 20.15 The Office (4:6)
- 20.45 Gavin and Stacey (4:6)
- 21.20 Spaugstofan
- 21.45 Ljósavakavíkingar - Stöð 2 (5:5)
- 22.20 Mr. Bean
- 22.50 The Office (4:6)
- 23.20 Gavin and Stacey (4:6)
- 23.55 Spaugstofan
- 00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Norðurlóð 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í næmmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfrégnir 13.00 Fyrir og nú 14.00 Fréttir 14.03 Tónleikur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Ljósá 15.25 Tungubjótur 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Trío 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Spégilinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfrégnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Hvað er málið? 21.40 Íslendingasögur 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldins 22.20 Fimm fjórðu 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Dr. Phil (e)
- 09.25 Pepsi MAX tónlist
- 15.40 Parenthood (11:22) (e)
- 16.25 Kitchen Nightmares (5:17) (e)
- 17.15 Rachael Ray
- 18.00 Dr. Phil
- 18.40 30 Rock (12:22) (e)
- 19.05 America's Funniest Home Videos (e)
- 19.30 Everybody Loves Raymond (3:26) (e)
- 19.55 Will & Grace (1:24) (e)
- 20.20 America's Next Top Model (12:13) Bandarísk raunveruleikþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Í þetta sinn eru bæði breskar og bandarískar stúlkur sem fá að spreyta sig. Tvær fyrirsætur eru eftir og lokaverkefni þeirra er framundan. Önnur þeirra brotnar undan álaginu og endar á sjúkrahúsi. Í lok þáttarinnar kemur í ljós hver verður næsta ofurfyrirsæta Bandaríkjanna.
- > 21.10 The Good Wife (1:22)
- 22.00 In Plain Sight (8:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina.
- 22.50 Secret Diary of a Call Girl (5:8) Skemmtileg og ógrandi þáttaröð.
- 23.15 Sönn íslensk sakamál (4:8) (e)
- 23.45 Bedlam (3:6) (e)
- 00.35 Blue Bloods (22:22) (e)
- 01.20 The Good Wife (1:22) (e)
- 02.10 In Plain Sight (8:13) (e)
- 03.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 03.25 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.25 Children's Miracle Classic 2012 (1:4) 11.25 Golfing World 12.15 Golfing World 13.05 Children's Miracle Classic 2012 (2:4) 16.05 Ryder Cup Official Film 1995 17.00 The Open Championship Official Film 2011 (1:1) 18.00 Golfing World 18.50 PGA Tour - Highlights (39:45) 19.45 PGA meistaramót 2012 (3:4) 23.10 Golfing World 00.00 ESPN America

INN

- 20.00 Hrafnaþing 21.00 Græðlingur 21.30 Svartar tungur

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|----------------------|----------------------|---------------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

Góa og Fjarðarkaup kynna með stolti

Jólagestir

Björgvins 2012

Við komum með jólin til þín

Þökkum frábærar viðtökur!
Miðasala á aukatónleika í fullum gangi

Miðasala á Miði.is og í síma 540 9800

SÉRSTAKIR GESTIR

Dísa Jakobs
Kristjana Stefáns
Krummi Björgvins

www.jolagestir.is

22. - 30. nóvember

KANARÍ

~~119.900 kr.~~
88.300 kr.*

og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð
m/1 svefnherbergi á Las Camelias
*Verð án Vildarpunkta 98.300 kr. m.v. 2.

sjá nánar á www.vita.is

21. nóv. - 5. des.

TENERIFE

~~109.900 kr.~~
99.900 kr.*

og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fullorðna og í Lúkkulífi VITA
í studio í tvær vikur.
*Verð án Vildarpunkta 109.900 kr. m.v. 2.

sjá nánar á www.vita.is

vita

TILBOÐ

VITA er í eigu

ICELANDAIR
GROUP 



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



„Ég horfi ekki mikið á sjónvarpsþætti og helst með öðru auganu, en fléttan í Homeland er mjög flott.“

Sigríður Heimisdóttir hefur hannað fylgihluta-, fata- og heimilislinu úr mokkaskinni fyrir fyrirtækið Varma.

Björk grafin niður í sand í myndbandinu


Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir sendi í gærkvöldi frá sér glænýtt myndband við lagið Mutual Core. Myndbandið var tekið upp hér á landi í byrjun sumars þar sem 30 manna tókulið lagði undir sig stúdíó Saga Film í tvo daga. „Þetta var mjög skemmtileg vinna og mikið lagt í allt. Við vorum 30 manna lið, allt Íslendingar nema leikstjórinn og aðstoðartökumaðurinn sem komu að utan,“ segir Árni Björn Helgason hjá Saga Film.

Þrátt fyrir að myndbandið sé tölvugert að stórum hluta var mikið lagt í sviðsmyndina. Meðal annars var Björk grafin í sand.

„Sandurinn, eldfjöllin og steinarnir eru meðal þess sem búið var til fyrir sviðsmyndina. Þetta var mjög flott og allir stóðu sig með þryði.“

Leikstjóri myndbandsins er Andrew Thomas Huang en hann hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín. Hægt er að skoða myndbandið á vefrás MOCATV undir slóðinni Youtube.com/mocatv.

Mutual Core er eitt af 13 lögum á plötunni Bastards, sem byggist á endurhljóðblönduðum lögum af plötunni Biophilia. Bastards kemur út þann 19. nóvember næstkomandi.



LITADÝRÐ Myndband við lag Bjarkar Guðmundsdóttur, Mutual Core, var frumsýnt í gærkvöldi á netinu en myndbandið var tekið upp hér á landi í sumar.

„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!“

BJÖRK EIDSDÓTTIR ritstýra á Séd og heyr



„ÁHORFENDUR FÖGNUM OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL“

FRÉTTABLAÐIÐ



SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU
BLAKKÁT
Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR
Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINDÓTTIR

Midasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is

Midasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

Fimmtudagur 8. nóv. **UPPSELT!**
Föstudagur 9. nóv. **UPPSELT!**
Föstudaginn 16. nóv. **UPPSELT!**
Fimmtudaginn 22. nóv. **UPPSELT!**
Föstudagurinn 23. nóv. **UPPSELT!**
Fimmtudaginn 29. nóv. **Örfá sæti laus**
Föstudagurinn 30. nóv. **Örfá sæti laus**
Föstudaginn 7. des. **Örfá sæti laus**

Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON MÄGNÚS GUÐMUNDSSON

midi.is

„EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFÆÐ“

DJÖFLÆVJAN

SIGMAR GUÐMUNDSSON: ÁKVÖRÐUN SEM ENGINN ER SÁTTUR VIÐ

Engin tónlist í Kastljósi vegna samnings RÚV og FÍH

„Þetta er eitthvað sem okkur finnst öllum leiðinlegt, að tónlistin sé komin út úr Kastljósi. Þetta er gert út af sparnaði og ég held að þetta sé ákvörðun sem enginn er sáttur við að taka,“ segir Sigmar Guðmundsson, ritstjóri þáttarins. Samningur sem Ríkissjónvarpið gerði við Félag íslenskra hljómlistarmanna, FÍH, fyrir fjórum árum hefur sökum niðurskurðar hjá RÚV orðið til þess að tónlistarmenn eru hættir að spila í Kastljósinu. Ástæðan er sú að þátturinn getur ekki lengur borgað tónlistarmönnum fyrir að koma þar fram.

Þrátt fyrir að tónlistarmönnum sjálfum sé flestum sama þótt þeir fái ekkert greitt, svo lengi sem þeir fái kynninguna, getur Kastljósið ekki orðið við ósk þeirra vegna samningsins við FÍH. Hann kveður á um að hver tónlistarmaður fái um 22 þúsund krónur fyrir hverja framkomu. Ef um fimm manna hljómsveit er að ræða nemur samanlögð greiðsla því 110 þúsund krónum. „Þetta er skríttin staða að vera með óánægða tónlistarmenn sem vilja spila. Við viljum fá þá en það er ekki hægt. Það eru allir að tapa á þessu ástandi,“ segir Sigmar.

Endurskoðun kemur til greina
Fréttablaðið hefur heyrt af óánægju á meðal tónlistarmanna vegna málsins því þeir hafa ekki lengur tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri í Kastljósi. Aðspurður segist Sigmar kannast við þessa óánægju. „Í staðinn hefur verið lagt upp með að finna tónlistinni stað í öðrum þáttum Sjónvarpsins,“ segir hann og á þar líkast til við þætti á borð við Hljómskálann, Dans, dans, dans og Djöflaeyjunna.

Róbert Þórhallsson, stjórnarmaður í FÍH, segir að samningurinn við RÚV hafi verið gerður til að stuðla að því að tónlistarmenn fái greidd lágmarkslaun fyrir vinnuna sína.

„Ef einn aðili gefur út plötu og ræður fólk til að spila með sér og kynna efnið, kannski fjögurra manna hljómsveit, hefur okkur í FÍH alltaf þótt óréttlátt að þessir fjórir menn hafi engan beinan hagnað af auglýsingu fyrir plötuna.“

Aðspurður segir Róbert vel koma til greina að endurskoða samninginn í ljósi ástands mála hjá RÚV. „Vissulega væri ekki ógáfulegt að setjast aftur að samningaborðinu. En við höfum ekki staðið þarna niður frá og meinað fólk að spila. En að sjálfsögðu setjast menn að samningaborðinu ef þetta er farið að hamla því að menn geti auglýst tónlistina sína.“

freyr@frettabladid.is



SKRÍTIN STAÐA

Sigmar Guðmundsson segir það leiðinlegt að engin tónlistartríði séu lengur í Kastljósi. Róbert Þórhallsson segir koma til greina að endurskoða samninginn við RÚV.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ENGINN SAMNINGUR GERÐUR VIÐ STÖÐ 2

Á sama tíma og FÍH samdi við RÚV um að greiða tónlistarmönnum var enginn slíkur samningur gerður við Stöð 2. „Það hefur staðið svaltíð í RÚV-mönnum. Stöð 2 hefur alla tíð tekið fyrir að borga fyrir þessa framkomu og það er engin rosalega ánægja hjá FÍH með það,“ segir Róbert. Samt sem áður gerði

RÚV sinn samning og að sögn Róberts var hann mjög finn. „Þeir hafa kannski meira menningargildi á markaðnum fyrir íslenska tónlist en Stöð 2,“ segir hann og bætir við að RÚV hafi einnig fengið með í pakkanum frian endurspilunarrétt á öllu því efni sem þeir eiga til í safni.

PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með Domino's appinu og á vefnum okkar, dominos.is. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

WWW.DOMINOS.IS

SÍMI 58 12345

DOMINO'S APP



TILBOÐIN GERAST VARLA BETRI.



Nú skaltu gera vel við þig.



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S
1.000 KR.

ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU
MEÐ PREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

FIESTA Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano

VIÐ NOTUM EINGÖNGU
100%
ÍSLENSKAN OST





Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Prentuð í 15 þúsundum

Nýjasta glæpasaga **Yrsu Sigurðardóttur**, Kuldi, er væntanleg úr prentun á föstudag eða laugardag og kemur líklega í búið um svipað leyti. Fyrsta upplagið sem prentað verður er fimmtán þúsund eintök en síðasta saga hennar, Brakið, var prentuð í jafnmörgum eintökum til að byrja



með. Hún seldist í 22 þúsund eintökum og var vinsælasta bók síðasta árs. Rétt eins og í hinni hrollvekjandi Ég man þig fær lögmaðurinn Þóra Guðmundsdóttir frá í Kulda.

Fögnuðu hjónabandi í Sjóminjasafninu

Runólfur Ágústsson, lögfræðingur og stjórnarformaður hjá Vinnu-málastofnun og Atvinnuleysis-tryggingasjóði, og Áslaug Guðrúnardóttir, fréttakona á RÚV, gengu í hjónaband á laugardaginn. Runólfur og Áslaug héldu veislu fyrir vini og vandamenn í sal Sjóminjasafnsins á laugardagskvöld þar sem hjónabandinu var fagnað. Brúðurin klæddist grænum kjól og nýgiftu hjónin dónsuðu sinn fyrsta dans við söng tónlistarkonunnar Möggu Stínu.



- fb, þeb

Mest lesið **VÍSIR**

1. Búningalausir KR-ingar á Ísafirði
2. Loðdýrabændur brosa út að eyrum
3. Ákærður fyrir að káfa á sjö ára stúlku í gufubaði
4. Neita allri vitneskju um kókaín í töskum
5. Um 70% af Feneyjum eru undir vatni

MAGNÞRUNGIN ÖRLAGASAGA

1904



NÝ KILJA

www.forlagid.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð




12 mánaða vaxtalaugar greiðslur*

FINNDU MUNINN

*3.5% lántökugjald

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Heilsudýnur og heilsukoddar Gerið samanburð - finnið muninn Fullkomin þrýstijöfnun og stuðningur

ÝMIR, SAGA, FREYJA, ÞÓR OG ÓÐINN

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. **124.900**

STILLANLEG HEILSURÚM



PROFLEX

Verð 2x90x200 frá aðeins kr. **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Tilboðsverð

Valhöll heilsudýna 5 svæðaskipt gormakerfi 153x203 aðeins kr. **89.900**

BOAS

rafdrifnir leðurhægindasófar og stólar



Hægindastóll aðeins kr. **119.900**
Hægindasófi aðeins kr. **249.900**
Lýftustóll kr. **149.900**

BOAS hægindasófar og stólar
Hægindastóll aðeins kr. **89.900**
Hægindasófi aðeins kr. **189.900**

NÝ SENDING AF HÁGÆÐA SÆNGURVERASETTUM

BOSS

HUGO BOSS

home

MINE MENDALE



Baldursnesi 6

AKUREYRI



★★★★★

www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum

Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði

Lúxus húsgögn - Egilsstöðum